












# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa

13. nóvember 2010

267. tölublað 10. árgangur

Sími: 512 5000




**Engin eftirsjá að spilltu stjórnmálakerfi**

*Guðni Th. Jóhannesson hefur ritað ævisögu Gunnars Thoroddsen.*

**bækur 28**

**Neikvæðni og óreiða**

*Grunngildi Íslendinga ráða ekki ferðinni í samfélaginu.*

**rannsóknir 38**

**Bara með gólfdrauga**



*Fíusól finnst best að borða slátur og súkkulaði og sefur með marga tígóa.*

**krakkasíðan 60**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna






**TRÉ FYRIR TORG** „Það er ekkert grín að ná sjö til ellefu metra tré niður í gegnum skóginn án þess að laska það," segir Jón Árni Árnason hjá Skógrækt ríkisins. Hann hefur ásamt samstarfsmönnum sínum fellt á áttunda tug barrtrjáa í Bakkakoti í Skorradal undanfarnar vikur. Trén eru flest á bilinu fimm til átta metrar á hæð og þau stærstu ná ellefu metrunum. Þau eru öll útitré, seld til bæjarfélaga og stærri fyrirtækja á tugi þúsunda stykkið og munu brátt prýða götur og torg á jólaföstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vongóðir um uppbyggingu

**Orkuöflun og uppbygging á Norðausturlandi fer brátt að skýrast. Fulltrúar kínverska álfyrirtækisins Bosai eru væntanlegir til viðræðna við Landsvirkjun. Bara eftir að semja við orkukaupanda segir sveitarstjóri.**

**IÐNAÐUR** Alþingis- og sveitarstjórnarfólk á Norðausturlandi telur ástæðu til að vera bjartsýnn á að brátt fari að draga til tíðinda varðandi atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru fulltrúar frá kínverska fyrirtækinu Bosai Mineral Group væntanlegir til Íslands til viðræðna við Landsvirkjun.

Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar Landsvirkjunar, segist ekki geta staðfest það. Fyrirtækið sé að ræða við fyrirtæki í ýmsum greinum varðandi orku á svæðinu, ekki bara stóriðju.

„Ég skynja meiri meðbyr með því að við þurfum að skapa ný atvinnutækifæri til að búa til viðspyrnu gegn þeim samdrætti sem við erum í," segir Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann er aðalflutningsmaður þingsályktunartillögu þingmanna allra flokka nema Vinstri grænna þar sem skorað er á ríkisstjórnina að hefja strax viðræður við Alcoa á Íslandi og Bosai.

Orkumál á svæðinu eru í höndum Landsvirkjunar. Á haustfundi fyrirtækisins sem haldinn var í vikunni sagði Hörður Arnarson forstjóri að viðræður stæðu yfir við nokkra hugsanlega orkukaupendur. „En það er ómögulegt að segja til um hvenær þær munu skila árangri."

Þrátt fyrir að ekkert sé enn í hendi segir Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, að hann sé vongóður um að nú fari að rofa til í atvinnuuppbyggingu svæðisins.

„Sameiginlegu umhverfismati lýkur þann 25. nóvember, orkan er til staðar og eftir stendur bara að semja við orkukaupanda og koma hlutunum af stað hér fyrir Þingeyinga, land og þjóð."

- þj









## SPURNING DAGSINS



*Pétur, eruð þið alveg kexruglaðir?*

„Nei, við erum bara að reyna að koma Sæmundi í sparifötin.“

Pétur Marteinsson og viðskiptafélagar hans eru að standsetja gistiheimili í gömlu kexverksmiðju Frón við Skúlagötu.

Maður sem réðist á sextán ára stúlku handtekinn og úrskurðaður í varðhald:

# Játaði árás á stúlku í Laugardal

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu og þriggja ára karlmaður sem réðst á unga stúlku í Laugardal í síðasta mánuði hefur verið handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. desember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Varðhaldið er á grundvelli almannahagsmuna.

Maðurinn var handtekinn í fyrradag og húsleit gerð heima hjá honum. Þar fundust gögn sem tengdu hann við verknaðinn. Hann játaði í kjölfarið að hafa ráðist á sextán ára stúlku á göngustíg í Reykjavík.

Málið vakti þá mikinn óhug enda átti árásin sér stað um miðjan dag. Stúlkan hlaut slæma áverka á höfði og komst við illan leik upp á Suðurlandsbraut þar sem vegfarandi kom henni til aðstoðar og hringdi á sjúkrabíl. Maðurinn og stúlkan munu ekki hafa þekkst samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Árásin var fólskuleg og algjörlega fyrirvaralaus og tilefnislaus. Maðurinn hefur borið við minnisleysi vegna fíkniefnaneyslu í skýrslutökum hjá lögreglu.

Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn hefur verið kærður til Hæstaréttar. - jss



**BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Árásarmaðurinn situr nú í gæsluvarðhaldi.

Síbrotamaður í fangelsi:

# 147 mánaða fangelsisdómar

**DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í átta mánaða fangelsi og sviptingu ökuréttar ævilangt. Hann var sakfelldur fyrir margvísleg brot, einkum fíkniefnabrot.**

**Maðurinn var fyrst dæmdur í skilorðsbundið fangelsi 1983 fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Síðan þá hefur hann verið dæmdur sextán sinnum í fangelsi í samtals 147 mánuði fyrir ýmis brot, auk sekta.**

**Síðast var hann dæmdur í tíu mánaða fangelsi 20. maí 2009.** - jss

Jóhannes kaupir í Færeyjum:

# Eignast aftur hluta af Bónus

**VIÐSKIPTI** Jóhannes Jónsson, löngum kenndur við Bónus, gekk í gær frá kaupum á helmingshlut í níu verslunum SMS í Færeyjum, þar af fimm Bónusbúðum.



**JÓHANNES JÓNSSON**

Verðmæti hlutarins nemur 450 milljónum króna og keypti Jóhannes hann í félagi við erlenda fjárfesta ásamt því að taka lán fyrir hlut sínum.

„Maður þurfti að fá lán, ég átti ekki fyrir þessu, því miður,“ segir Jóhannes. Hann vildi í gær ekki gefa upp hverjir meðfjárfestar hans eru, segir það verða gert þegar gengið verður endanlega frá viðskiptunum og skipting eignarhluta liggur fyrir. - jab

Kona ákærð fyrir fjárdrátt:

# Stal milljónum af sendiráðinu

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítuga íslenska konu fyrir fimmtíu milljóna króna fjárdrátt úr sjóðum sendiráðs Íslands í Vín.**

**Konunni er gefið að sök að hafa á tímabilinu frá 2. mars til 6. október 2009 dregið sér samtals 336 þúsund evrur, jafnvirði um 50 milljóna króna, af reikningi sendiráðsins sem hún hafði prókúru fyrir.**

**Hámarksrefsing fyrir fjárdrátt er sex ára fangelsi, en konan er jafnframt ákærð fyrir brot á 138. grein almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, sem kveður á um að heimilt sé að þyngja refsinguna um helming misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til að brjóta af sér.**

**Utanríkisráðuneytið krefur konuna um endurgreiðslu á fjármununum, auk vaxta.** - sh

# Amast við táningi í húsi 50 ára og eldri

**Kærunefnd húsamála segir að manni sem á íbúð í fjölbýlishúsi fyrir fimmtíu ára og eldri sé óheimilt að leigja 17 ára syni íbúðina. Álit kærunefndarinnar er ekki bindandi en sonurinn hyggst þó flytja áður en til kemur til kasta dómstóla.**

**DÓMSMÁL** Sautján ára piltur sem býr í Skipalóni í Hafnarfirði þarf að flytja út af heimili sínu þar sem blokkin sem hann býr í er eingöngu ætluð fyrir fimmtíu ára og eldri.

Faðir piltsins keypti íbúðina í apríl á þessu ári af Íslandsbanka sem eignast hafði fjölda óseldra íbúða í húsinu skömmu áður. Hann leigði sautján ára syni sínum íbúðina. Pilturinn flutti síðan inn ásamt 51 árs móður sinni.

Aðrir íbúar hússins hafa ekki sætt sig við veru piltsins í blokkinni og óskaði húsfélagið strax eftir því við föður hans að hann sæi til þess að drengurinn flytti út. Faðirinn vildi ekki verða við því og fór málið þá fyrir Kærunefnd húsamála.

Fyrir kærunefndinni vísaði húsfélagið til þess að kvöð væri á húseigninni um að þar mættu aðeins þeir búa sem væru fimmtíu ára og eldri. Faðirinn sagði að í kvöðum á eigninni væri talað um að húsið væri „sérstaklega ætlað“ fimmtíu ára og eldri en að þess væri hvergi getið að íbúarnir „skuli“ vera eldri en fimmtíu ára. Hann vísaði einnig til ákvæðis í stjórnarskrá um friðhelgi eignarréttarins.

Kærunefndin kemst að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að leigja eða lána íbúðir í húsinu til einstaklinga sem séu yngri en fimmtíu ára. Kvöðin um aldursmörkin hafi legið skýrt fyrir. „Tilgangur kvaða sem þessara er að tryggja sérstaklega næði og ákveðið sambýlismunstur og í því skyni undirgangast kaupendur skerðingu á afnota- og ráðstöfunarrétti sínum,“ segir kærunefndin.

Álit kærunefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila málsins. Guðmundur Þór Bjarnason, lögmaður húsfélagsins, segir húsfélagið nú eiga þann möguleika að vísa í ákvæði fjöleignarhúsalaga. „Þar eru ákvæði um úrræði húsfélagsins við brotum umráðamanna eða eigenda. Þetta gæti hugsanlega flokkast undir slíkt brot og þá væri hægt að beita þeim ákvæðum. En síðan eru það einfaldlega almennir dómstólar,“ útskýrir Guðmundur.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins stefnir þó ekki í að deilan gangi lengra. Innan seilingar mun vera sátt sem gengur út á að mæðginin flytji úr íbúðinni. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er þetta mál það fyrsta sinnar tegundar sem upp hefur komið.

gar@frettabladid.is



**SKIPALÓN 16-20** Fjölbýlishús ætlað fyrir fimmtíu ára og eldri. Maður einn keypti íbúð í húsinu og í henni býr barnsmóðir hans og sautján ára sonur þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**RANNSÓKN** Tillaga 30 þingmanna gengur út á að stofnuð verði rannsóknarnefnd um Íraksmálið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingsályktun um rannsókn:

# Íraksrannsókn komi á dagskrá

**STJÓRNMÁL** „Ég mun þrýsta á forseta að fá þetta á dagskrá sem fyrst,“ segir Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, í kjölfar birtingar utanríkisráðuneytisins á skjölum er varða stuðning Íslands við innrásina í Írak 2003.

Árni Þór er frummælandi þingsályktunartillögu 30 þingmanna úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum um að kosin verði nefnd sem rannsaki aðdraganda ákvörðunar um stuðning Íslands við innrásina. Samkvæmt tillögunni á nefndin að fá í hendur öll gögn stjórnvalda og heimild til að krefja málsaðila svara. - bþs

Piltur undir tvítugu ákærður:

# Sló lögreglumann í götuna

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært pilt undir tvítugu fyrir brot sem hann framdi á Reyðarfirði í mars á þessu ári. Pilturinn er meðal annars ákærður fyrir að hafa ekið ölvaður og sviptur ökuréttindum. Síðan að hafa kýlt lögreglumann í bifreið á leið á lögreglustöðina á Eskifirði.

Ekki lét pilturinn þar staðar numið því hann er einnig ákærður fyrir að hafa kýlt lögreglumann og lögreglukonu í andlitið þegar komið var út úr bílnum. Lögreglumaðurinn skall í götuna við höggið. Þá sparkaði maðurinn í afturrúðu lögreglubílsins með þeim afleiðingum að hún brotnaði. - jss




Leiðtogar 20 stærstu hagkerfa heims funduðu í Seúl í Suður-Kóreu:

# G20 ríkin ósammála um aðgerðir

**SEÚL, AP** Ekki náðist sátt meðal leiðtoga G20 ríkjanna svokölluðu, tuttugu stærstu hagkerfa heims, um hugmyndir Bandaríkjamanna um að þrýsta á Kínverja að þeir sjái til þess að kínverska júanið styrkist.

Leiðtogar ríkjanna funduðu í gær og fyrradag í Seúl í Suður-Kóreu um stöðu alþjóðahagkerfisins. Umræður um ójafnvægi í alþjóðaviðskiptum voru áberandi en margir hafa áhyggjur af þeim gríðarlega mun sem er á viðskiptaafgangi ríkja á borð við Kína og Þýskalands og viðskiptahalla ríkja svo sem Bandaríkjanna.

Í sameiginlegri yfirlýsingu sem gefin var út í lok fundarins og bæði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, og Hu Jintao, forseti Kína, skrifuðu undir, kom fram áheit um að berjast gegn verndarstefnu auk þess sem búa skyldi til viðmiðunarreglur um viðskiptajöfnuð ríkja. Væru þær reglur hugsaðar sem grundvöllur umræðna um ójafnvægi í alþjóðaviðskiptum.

Bandaríkjamenn höfðu í aðdraganda fundarins gagnrýnt kínversk stjórnvöld fyrir að halda gengi kínverska júansins óeðlilega lágu og þar með veita kínverskum fyrirtækjum samkeppnisforskot sem bandarísk fyrirtæki gætu ekki keppt við. Sterkara júan myndi þýða lækkun á viðskiptahalla Bandaríkjanna við Kína en spár benda til þess að hallinn verði 238 milljarðar dollara á þessu ári og hefur hann aldrei verið hærri. - mþl



**SEÚL Í GÆR** Barack Obama ásamt Lee Myung-bak, forseta Suður-Kóreu, og Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Kringlan
4 Sparidagar
Nýtt kortatímabil
10-70% afsláttur
Jólatilboð frá fimmtudegi til sunnudags
Laugardagur 13. nóvember
14:00 Stórglæsileg krakkatískusýning
Hundar sýna nýjustu hundatískuna
15:00 Íþróttaálfurinn skemmtir og gefur Latabæjarvatn
15:30 Pollapönk spila og syngja af plötunni „Meira Pollapönk“
14:00 – 16:00 Kaffi frá Kaffitári og piparkökur
Sunnudagur 14. nóvember
16:00 Borgarleikhúsið sýnir brot úr barnasýningunni „Horn á höfði“
Komin í jólaskap
Opið 10–18
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**GENGIÐ 12.11.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,65 | 112,19 |
| Sterlingspund | 179,29 | 180,17 |
| Evra | 153,00 | 153,86 |
| Dönsk króna | 20,524 | 20,644 |
| Norsk króna | 18,835 | 18,945 |
| Sænsk króna | 16,359 | 16,455 |
| Japanskt jen | 1,3592 | 1,3672 |
| SDR | 174,43 | 175,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 205,0163

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

FÍB hafnar áformum um vegtolla á öllum leiðum til og frá höfuðborgarsvæðinu:

# Rof á þjóðarsátt um gjaldtöku

**FRAMKVÆMDIR** Runólfi Ólafssyni, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda, hugnast illa áform um að leggja vegtolla á umferð til að fjármagna framkvæmdir á Reykjanesbraut, Suðurlands- og Vesturlandsvegi.

„Það hefur verið þjóðarsátt um gjaldtöku til framkvæmda og hún hefur farið fram með sköttum á eldsneyti,“ segir Runólfur. Árlega séu 35 milljarðar innheimtir með þeim hætti en aðeins hluti fjárins renni til vegaframkvæmda.

Þá gagnrýnir hann að í hugmyndum um gjaldtöku sé ekki gert ráð fyrir valleiðum, það er leiðum sem ekki þurfi að greiða fyrir að aka um. Fólk muni því ekki eiga val.


RUNÓLFUR ÓLAFSSON

Runólfur gagnrýnir líka framkvæmdirnar sem ráðast á í. „Í þessu árferði vil ég frekar að farið verði í minni viðhaldsverkefni. Það er hægt, og þarf, að auka öryggi víða með litlum tilkostnaði.“

Hann er líka andvígur tvöföldun Suðurlandsvegar. „Ég tel réttara að fara í 2+1 veg. Slíkir vegir eru öruggari en 2+2 vegir og við sjáum að sú leið hefur verið valin á fjölförnum vegum víða, til dæmis á Norðurlöndunum og í Bretlandi.“

Runólfur undrast líka þau áform, sem heimil eru með lögum frá í sumar, að stofna sérstakt félag utan um framkvæmdirnar. „Það stendur til að stofna Vegagerð ohf. til hliðar við Vegagerðina. Er þetta leið til að búa til ný störf?“ spyr hann. - bþs

Rekstrarkostnaður landsliða:

# Kvennalandslið KSÍ fær minna

**KAJRAMÁL** Kostnaður við rekstur landsliðs knattspyrnufélags kvenna, sem er í kringum 10. sæti yfir þau bestu í heimi, er rúmlega helmingi minni en við rekstur A-landsliðs karla árið 2010. Viðskiptablaðið greindi frá þessu nýverið.

Heildarkostnaður við landsliðin innan Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) er um 250 milljónir króna. Rúm 40 prósent af þeim kostnaði fara í rekstur A-landsliðs karla, eða um 105 milljónir króna. - sv

Úrslitatilraun í lok mánaðar:

# Engin lending um makrílinn

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Engin niðurstaða náðist um stjórn makrílveiða á næsta ári á fundi strandríkja í Lundúnum í gær. Gera á úrslitatilraun til að ná samkomulagi í Ósló 25. til 26. nóvember.


TÓMAS H. HEIÐAR

„Við höfðum væntst þess að Evrópusambandið og Noregur legðu fram raunhæfari tillögur á þessum fundi en á þeim síðasta, sem tækju mið af stóraukinni göngu makríls í íslensku lögsöguna á undanförnum árum,“ segir Tómas H. Heiðar, formaður íslensku samninganefndarinnar. „Slíkar tillögur litu hins vegar ekki dagsins ljós á fundinum og því ber enn mikið í milli.“

Á síðasta fundi var lagt til að hlutdeild Íslands í veiðunum yrði 3,1 prósent en Íslendingar höfnuðu tillögunni sem algjörlega óraunhæfri. - sh

Stjórnlagaþingskosningar:

# Margir óvissir um þátttöku

**STJÓRNMÁL Alls eru 34 prósent landsmanna enn óákveðin um þátttöku í kosningunum til stjórnlagaþings sem fram fara 27. nóvember næstkomandi samkvæmt könnun MMR. Tæp 55 prósent hyggjast taka þátt en rúm 11 prósent ekki.**

**Þá sögðust 57,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku enn ekki hafa kynnt sér neinn þeirra sem í framboði eru til stjórnlagaþingsins.**

**Könnunin var gerð dagana 3. til 5. nóvember og svöruðu 813 einstaklingar á aldrinum 18 til 67 ára spurningum um kosningarnar.** - mþl

# Reynt að lægja öldur á fjölmennum fundi

**Óánægja með meðferð nauðgunarmála var rædd á tæplega 40 manna fundi í dómsmálaráðuneytinu í gær. Lögregla, saksóknarar, dómstólar, femínistar og Stígamót meðal þátttakenda. Almenn ánægja ríkir með andann á fundinum.**

**DÓMSMÁL** Reynt var að sætta ágreining um meðferð nauðgunarmála í rannsóknar- og réttarkerfinu á fjölmennum, ríflega þriggja tíma samráðsfundi sem Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra boðaði til í ráðuneytinu í gær.

Alls voru 37 manns boðaðir á fundinn, meðal annars frá lögreglu, ríkissaksóknara, dómstólum, Stígamótum, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Jafnréttisstofu, Femínistafélagi Íslands, Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum, Kvennaathvarfinu, V-dagssamtökunum og öllum þingflokkum.


HRAFNHILDUR S. GUNNARSDÓTTIR


ÖGMUNDUR JÓNASSON

Tilefni fundarins var meðal annars sú ólga sem skapaðist eftir ummæli Björgvins Björgvinssonar, yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, og Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara um nauðgunarmál í DV. Björgvin sat fundinn en ekki Valtýr.

Ögmundur Jónasson segir fundinn hafa verið gagnlegan og skoðanir manna ekki ýkja skiptar. „Ég held að kveikjan sé fyrst og fremst sú staðreynd að það eru ákveðnar vísbendingar um að fólk sem verður fyrir kynferðisofbeldi beri ekki nægilegt traust til kerfisins,“ segir ráðherrann. „Það er gríðarlegt misræmi á milli meintra brota annars vegar og hins vegar úrlausna í dómskerfinu. Það eru alvarlegar brotalamir þar og þetta er skref sem við erum að stíga til að finna þær og laga.“

Hrafnhildur S. Gunnarsdóttir, ráðskona Femínistafélagsins, segir fundinn hafa verið hinn fróðlegasta og þátttakendur hafi verið sammála um mikilvægi þess að skoða meðferð nauðgunarmála og hvernig bæta megi ferlið. „Upp úr umræðunum komu alls kyns tillögur um úrbætur, til dæmis að það væri mikilvægt að halda úti fræðslu fyrir dómara og aðra sem vinna að málunum svo að þolendur kynferðisafbrota mæti ekki skilningsleysi eða fordómum. En svo er líka ljóst að það skortir þekkingu á málaflokknum og að það þarf frekari rannsókna við.“

> Það er gríðarlegt misræmi á milli meintra brota annars vegar og hins vegar úrlausna í dómskerfinu.
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Daði Kristjánsson, fulltrúi Ríkissaksóknara, segir fundinn hafa verið mjög gagnlegan og málefnalegan. Það hafi verið mjög gott framtak hjá ráðherra að boða til hans. „Ég held að fundurinn hafi fært aðila nær hverja öðrum og dregið úr ágreiningi og menn hafi öðlast meiri skilning á sjónarmiðum hvers annars,“ segir Daði. „Ég held að niðurstaðan sé sú að staðan sé ekki fullkomin en hún sé viðunandi og að við séum á réttri leið.“

Ögmundur segir að nú verði þær ábendingar sem fram komu teknar saman og unnið frekar úr þeim. „Og síðan reynt að hrinda í framkvæmd þeim sem augljósega eru til góðs,“ segir hann. stigur@frettabladid.is

## Undirmennirnir styðja Valtý

Sjö saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar hjá embætti Ríkissaksóknara hafa sent frá sér yfirlýsingu í tilefni af umræðunni um meðferð nauðgunarmála hjá embættinu.

Segja þeir meðferð naugðunarmála vandaða og í fullu samræmi við gildandi lög. Þeir segja að þótt spjótin hafi einkum beinst að Valtý sé mesti þunginn í afgreiðslu nauðgunarmála hjá þeim.

„Um leið og við lýsum því yfir að við erum að sjálfsögðu viljug til að skoða alla málefnalega og rökstudda gagnrýni á störf okkar í því skyni að við getum gert betur, þá lýsum við hér með yfir, með hliðsjón af ofangreindu, að Valtýr Sigurðsson nýtur fulls trausts okkar í starfi sínu sem ríkissaksóknari,“ segir í yfirlýsingunni.



SKÁLDASTÍGUR „Um þetta dimma sund; þar lá mín leið,“ orti Halldór Laxness um Skáldastíg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvörðun í skipulagsráði:

# Skáldastígur verði verndaður

**MENNINGARMÁL Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að breyta deiliskipulagi og setja kvöð á lóðirnar Mjóstræti 4 og Garðastræti 15 til að tryggja umferð um svokallaðan Skáldastíg sem liggur að hinu sögufræga Unuhúsi.**

**Eigendur lóðanna hafa um langt árabil leyft umferð um stíginn en leitað samvinnu við borgaryfirvöld um framtíð hans.**

**„Einnig er lagt til að stígurinn verði merktur báðum megin frá, til dæmis með skiltum þannig að sagan glatist ekki,“ segir í tillögu sem samþykkt var.** - gar

Glæpasamtök í Kosovó:

# Sviku líffæri út úr fátæku fólki

**KOSOVO, AP** Upp hefur komist um alþjóðleg glæpasamtök í Kosovó sem hafa stundað það að lofa fátækum Kosovóbúum peningum fyrir nýru úr sér. Fórnarlömbin fengu aldrei neitt fyrir líffærin sem voru seld fyrir jafnvirði tæplega 16 milljóna íslenskra króna.

Sameinuðu þjóðirnar og ESB hafa veitt yfirvöldum í Kosovó stuðning við að halda uppi lögum og reglu frá því landið fékk sjálfstæði. Ákæra yfir meintum líffærasvikurum er runnin undan rifjum starfsmanna ESB. - mþl




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**KALT Í VEÐRI**
Kuldaboli bítur vel í kinnar þessa helgina og horfur eru á frosti nánast um allt land, einkum á morgun. Það dregur úr vindi í dag og á morgun má búast við hæglætisveðri. Á mánudaginn kemur lægð upp að landinu og þá hlýnar heldur í veðri.




Á MORGUN Hægur vindur, síst við A-ströndina.

MÁNUDAGUR Vaxandi SA-átt einkum SV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 17° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 1° |
| París | 14° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is



KERTI
OG SERVÍETTUR
30%
AFSLÁTTUR
AÐEINS UM HELGINA
SILFURBOGI
Jólaljós í glugga
1590kr
FROSTRÓS
Hengijólaljós
í glugga
1490kr
TILBOÐSHELGI
í Blómavali!
JÓLASTJARNA
STÓRAR OG FLOTTAR
1299kr
SKOPPA OG SKRÍTLA
Í JÓLALANDINU Skútuvogi
KL. 14:00 laugardag
SKOPPA OG SKRÍTLA
SKEMMTA BÖRNUNUM
KL. 13:00-16:00 laugardag
ALLIR KRAKKAR
FÁ GEFINS ÍS
HEIMSÆKIÐ
JÓLALANDIÐ OKKAR!
GERVI
JÓLATRÉ
20%
AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ
2390kr
AMERÍSKAR
JÓLAVÖRUR
FRÁ RAZ
20%
AFSLÁTTUR
OKKAR FRÁBÆRA
JÓLAHLAÐBORÐ Skútuvogi
Aðeins
990kr
Alla daga kl. 18:00-20:00
Jólaskreytingakvöld
í Skútuvogi
Miðvikudag 17. nóv
fimmtudag 18. nóv
kl. 20:00-22:00
Skráning er hafin í síma 5 800 500
og á blomaval.is
Takmarkaður sætafjöldi - Ókeypis aðgangur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

**KJÖRKASSINN**



*Hugnast þér vegatollar á þjóðvegum að höfuðborgarsvæðinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 24% |
| Nei | 76% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var rétt ákvörðun að hætta við að reisa samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Kínverskur postulínsvasi fannst á háalofti og reyndist drjúg búbót:

# Vasi sleginn á átta milljarða

**BRETLAND** Lítill kínverskur postulínsvasi frá 18. öld var sleginn nýjum eiganda fyrir 43 milljónir punda á miðvikudag, eða 7,8 milljarða íslenskra króna. Um heimsmet er að ræða fyrir kínverskan forngrip af þessu tagi. Kaupandi vasans er óþekktur.

„Eigendurnir höfðu ekki hugmynd um að vasinn væri einhvers virði“, er haft eftir Helen Porter, forsvarsmanni Bainbridge uppboðsfyrirtækisins, sem fær 1,5 milljarða króna að auki fyrir sína aðkomu að málinu.

Vasinn, sem er fjörutíu sentimetrar á hæð, fannst í heimahúsi í norðurhluta Lundúnaborgar þegar eigendurnir, systkini sem ekki vilja láta nafns síns getið, voru að ganga frá eigum foreldra sinna, en þau erfðu vasann ásamt öðrum eigum þeirra.

Söluverðið var töluvert yfir mati uppboðsfyrirtækisins. Vonir stóðu til þess að salan myndi skila 160 til 200 milljónum króna.

Ekkert er vitað um hvernig vasinn endaði á háalofti verkamannafjölskyldu í Bretlandi, en talið er að hann hafi verið fluttur frá Kína um 1860.

Vasanum er lýst sem einstöku meistaraverki sem beri handverksmanni sínum fagurt vitni. Vasinn er frá tíma keisarans Qianlong en hann ríkti í Kína á árunum 1735 til 1796. **- shá**



**MILLJARÐA VIRÐI** Upphafsboð var 500 þúsund pund en vasinn var sleginn á 43 milljónir punda eftir hálftíma „slagsmál“ um dýrgripinn.

Innbrot á Akureyri:

# Milljóna tjón í ljósmyndabúð

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í ljósmyndabúðina Pedromyndir á Akureyri í gærmorgun. Þjófarnir höfðu á brott með sér fjölda Canon Eos myndavéla og skiptimynt upp á 40 þúsund úr búðarkassanum.

Þórhallur Jónsson, eigandi Pedromynda, segir þjófana hafa spennt upp hurðina baka til og komist þannig inn í verslunina. Engar öryggismyndavélar eru á staðnum og ekkert þjófavarnarkerfi, en Þórhallur segir þó að því verði breytt hið snarasta. Tjónið er um 5 milljónir króna. **- sv**

**Öryggi í samskiptum -námskeið við félagsfælni**

KMS

Ellefu vikna árangurmælt námskeið Kvíðameðferðarstöðvarinnar þar sem kenndar eru leiðir til að draga úr kvíða og óöryggi í félagslegum aðstæðum og í samskiptum með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

**Kennsludagar:** Fimmtudagar frá 15:00-17:00, alls 22 klst.

**Kennarar:** Sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar

Næsta námskeið hefst fimmtudaginn 25. nóvember 2010

Skráning og fyrirspurnir í síma 534-0110 eða kms@kms.is

Nánari upplýsingar: www.kms.is




**Steinn Kárason og gestir**

*Páll Rósinkrans, Haukur Hauksson, Íris Guðmundsdóttir, Guðmundur F Benediktsson, Hreindís Ylva Holm*







Söluaðilar: Eymundsson • Hagkaup • Krónan • KS á Sauðárkróki Nettó • Samkaup • 12 Tónar • Smekkleysa

Útgáfa/dreifing: Steinn Kárason - steinn@steinn.is - Sími 896 6824

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




**Allt sem þú þarft…**

# Þrekvirki að bjarga hrossum úr eldinum

**„Ólýsanlegt þrekvirki,“ segir sonur eiganda hesthúss um framgöngu þriggja manna sem björguðu átta hrossum úr eldi í fyrrakvöld. Mennirnir þurftu að þreifa sig áfram inni í logandi hesthúsinu og enduðu kvöldið á slysadeildinni.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er ólýsanlegt þrekvirki að ná hrossunum út úr brennandi hesthúsinu,“ segir Þorlákur Sveinsson, sonur Sveins Inga Grímssonar sem átti hesthúsið í Mosfellsbæ sem varð eldi að bráð í fyrrakvöld.

Í húsinu voru þrír vel ættaðir stóðhestar, tveir reiðhestar, 1. verðlauna hryssa og tvö folöld. Ljóst er að mikil verðmæti voru í hrossunum sem tókst með snarræði að bjarga á síðustu stundu.

Þrír menn komu að björguninni, Gunnar Valsson, kunningi eiganda hesthússins, og tveir lögreglumenn. Þegar þeir komu að hesthúsinu um ellefu leytið í fyrrakvöld var húsið læst, þannig að þeir urðu að brjótast inn í það.

„Inni var mikill reykur, svartamyrkur og eldur logandi í vegg milli hesthúsanna,“ lýsir Gunnar aðkomunni. „Hrossin voru prjónandi inni og reyndu að komast út úr stíunum. Um leið og við vorum búnir að koma þeim út í gerði gaus eldurinn upp. Allt gerðist þetta hratt. Það var eins við hefðum átt að vera þarna nákvæmlega á þessum tíma. Þetta gekk eins og í lygasögu.“

Gunnar vissi ekki af folöldunum í hlöðunni, en kveðst hafa kallað til lögreglumannanna og beðið þá um að kíkja inn í hana. Þá hefði komið í ljós að tvö folöld hefðu verið þar í stíu. Lögreglumennirnir gengu í að bjarga þeim út.

Gunnar hrósar mönnunum mjög fyrir framgöngu þeirra við að bjarga hrossunum úr eldinum. „Þeir voru algjörir snillingar þessir lögreglumenn,“ segir hann.

Svo mikill var reykurinn að mennirnir þrír urðu að þreifa eftir klinkunum til að geta opnað stíurnar. Eldur snarkaði í gólfi kaffistofu fyrir ofan þá.

„Svo þurftum við að slá hrossin niður því þau prjónuðu alltaf upp á milligerðin,“ útskýrir Gunnar og segir mennina varla hafa greint hver annan í mekkinum.

Þegar hrossunum hafði verið komið út fóru Gunnar og lögreglumennirnir inn í öll hús í lengjunni til að athuga hvort hross væru í fleiri húsum. Svo reyndist ekki vera.

Mennirnir þrír fóru á slysadeild að björgunarafrekinu loknu. Gunnar kveðst hafa fengið reykeitrun, en sé orðinn góður. „En það var fyrst á slysadeildinni sem við sáum hver framan í annan,“ segir hann og er ánægður með björgunarstörfin. **jss@frettabladid.is**




**BRRENNANDI HESTHÚSIÐ** Þrír menn börðust við að bjarga hrossunum í reykmekki og myrkri. Þegar búið var að koma þeim út í gerði gaus eldurinn upp af miklum krafti og húsið varð alelda á svipstundu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Aðeins fimmtungur vill að ríkisstjórnin starfi áfram óbreytt samkvæmt könnun:

# Um þriðjungur vill utanþingsstjórn

**KÖNNUN** Um þriðjungur þeirra sem afstöðu tóku í könnun telja utanþingsstjórn ákjósanlegasta ríkisstjórnarkostinn miðað við núverandi kringumstæður. Aðeins rúmur fimmtungur telur sitjandi ríkisstjórn besta kostinn.

Alls sögðust 33,7 prósent þeirra sem þátt tóku í könnun MMR vilja utanþingsstjórn, en 21,7 prósent núverandi ríkisstjórn áfram. Svipaður fjöldi, 21,1 prósent, vill samstjórn allra flokka sem eru á Alþingi.

Alls sögðust 16,0 prósent vilja nýja ríkisstjórn undir forystu annarra flokka en þeirra sem nú sitja í stjórn. Þá sögðust 7,5 prósent vilja að fleiri flokkar komi að núverandi stjórnarsamstarfi.

Í tilkynningu frá MMR er bent á að samtals 50,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku vilji að núverandi stjórnarflokkar komi áfram að stjórn landsins með einhverjum hætti.

Könnunin var gerð dagana 3. til 5. nóvember. Svarendur voru á aldrinum 18 til 67 ára, valdir af handahófi. Alls svöruðu 813 könnuninni, þar af tóku 82 prósent afstöðu til spurningarinnar. **- bj**

## Ákjósanlegasti ríkisstjórnarkosturinn




treflar, húfur, hanskar og yfirhafnir í miklu úrvali
bolir í mörgum litum og gerðum
FEÐRADAGURINN ER Á MORGUN
20% AFSLÁTTUR
af öllum herrafatnaði og herra skóm
laugardag og sunnudag
jakkaföt, jakkar, buxur, sokkar, nærföt, náttbuxur...
skyrtur, bindi, ermahnappar, belti og fleira...
spariskór, gönguskór, hversdagsskór, inniskór, sportskór...
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir 13 og 14. nóvember.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hverju heldur eðlisfræðingurinn Páll Theodórsson fram í nýrri Skírnisgrein?*

**2.** *Hver hefur tekið við stjórn kynferðisafbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu?*

**3.** *Hver er talsmaður Wikileaks?*

**SVÖR**

**1.** *Að landnám Íslands hafi hafist löngu fyrir 870.* **2.** *Björgvin Björgvinsson, yfirlögregluþjónn.* **3.** *Kristinn Hrafnsson, blaðamaður.*

Formaður BSRB um könnun Ríkisendurskoðunar meðal forstjóra ríkisstofnana:

# Nýta sér ekki tiltækar leiðir

**RÍKISREKSTUR** Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, telur að forstöðumenn ríkisstofnana ráði yfir öllum tækjum sem þurfi til að tryggja góða stjórnsýslu.

Í Fréttablaðinu í fyrradag sagði frá könnun Ríkisendurskoðunar sem bendir til að fáir forstöðumenn telji lög og reglur um starfsmannamál stuðla að skilvirkni í ríkisrekstri. Um 40 prósent forstöðumannanna telja sig geta bætt þjónustu með því að segja upp hluta starfsmanna og ráða nýja starfsmenn í þeirra stað.



**ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR**

Aðeins um helmingur forstöðumanna beitir þó reglubundnu frammistöðumati við starfsmannastjórnun. Fæstir þeirra hafa sagt upp starfsfólki eftir þeim lögbundnu leiðum sem þeir hafa. Helstu ástæður þess eru sagðar hversu flóknar þær leiðir eru.

„Það sem skín í gegn er að forstöðumenn eru ekki að nýta þær leiðir sem eru þegar til staðar til þess að reka sem besta stjórnsýslu,“ segir Elín Björg um þessar niðurstöður. „Mér finnst það mjög athyglisvert.“

Elín Björg vísar því á bug að neikvæð viðhorf opinberra starfsmanna til starfsmannalaga torveldi ríkisrekstur og vekur athygli á því að innan við helmingur forstöðumanna lætur fara fram formlegt frammistöðumat.

„Það er eitthvað sem þeir þurfa að skoða. Auðvitað vilja allir fara vel með og skila góðu dagsverki.“

**- pg**

Varðan fær nýtt hlutverk:

# Leigja út gömlu heilsugæsluna

**SANDGERÐI Gamla heilsugæslan í Sandgerði hefur nú verið auglýst til leigu sem verslunar- og þjónusturými. Húsnæðið er á annarri hæð Vörðunnar við Miðnestorg. Þetta kemur fram á vef Víkurfrétta.**

**Samkvæmt vef Víkurfrétta kostaði það bæjarsjóð Sandgerðisbæjar um tuttugu milljónir króna að innrétta heilsugæslustöðina á sínum tíma.**

**Rétt áður en heimilislæknarnir áttu að flytja inn afþakkaði heilbrigðisráðuneytið húsnæðið.**


## Tilkynning hef opnað eftir hlé.

### Sálfræðistofu Ernu Sigríðar Jóhansdóttur

Býð upp á hugræna atferlismeðferð við kvíða,óöryggi,depurð og fælni.
Sorgar – áfallameðferð
Slökun og sjálfsstyrking
Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 821-1413 eða 5641064
Mail ernajoh@simnet.is
Erna Sigríður Jóhannsdóttir
Sálfræðingur




**MALMÖ Í SUMAR** Árásirnar hafa haldið borginni í heljargreipum frá því í október í fyrra.

**PETER MANGS** Fjölmiðlar hafa greint frá því að Mangs sé með Aspergerheilkenni sem flokkast með einhverfu. MYND/AFP

# Óttast yfirtöku innflytjenda í Svíþjóð

**Peter Mangs, sem er í haldi lögreglu vegna skotárása á fólk af erlendum uppruna í Malmö, óttast að innflytjendur yfirtaki sænskt samfélag. Þetta er haft eftir föður hans í fjölmiðlum. Mangs heldur staðfastlega fram sakleysi sínu.**

**SVÍÞJÓÐ** Peter Mangs, 38 ára Svíi sem er grunaður um eitt morð og nokkrar skotárásir í Malmö undanfarið ár, óttast að innflytjendur muni yfirtaka sænskt samfélag, er haft eftir föður hans í netútgáfu sænska blaðsins Aftonbladet. Mangs er jafnframt grunaður um morð sem framin voru í nágrenni borgarinnar árið 2003.

Sænsk lögregluyfirvöld gefa takmarkaðar upplýsingar um Mangs sem var handtekinn fyrir viku. Aldur hans hefur verið staðfestur en myndbirtingar fjölmiðla eru harðlega gagnrýndar þar sem lögregla telur þær torvelda rannsókn málsins.

Mangs neitar sök en samkvæmt sænskum fjölmiðlum hefur lögreglu tekist að tengja annað af tveimur skotvopnum sem fundust á heimili hans við árásirnar.

Eins og komið hefur fram eru árásirnar í öllum tilvikum, nema einu, gegn fólki af erlendum uppruna. Þá var ungur Svíi skotinn í bíl sínum. Farþegi í bílnum var af erlendum uppruna. Alls eru fimmtán skotárásir til rannsóknar. Mangs er grunaður um aðild að átta árásum hið minnsta.

Árásirnar hófust í október. Síðan þá hefur verið ráðist á fólk fyrirvaralaust við daglegar athafnir. Eitt fórnarlamb var skotið í gegnum rúðu á líkamsræktarstöð. Aðrir hafa verið skotnir við strætóbiðstöðvar og í bílum sínum. Ráðist hefur verið á fólk við bænastaði múslíma. Í síðasta mánuði flúði árásarmaðurinn á reiðhjóli eftir átök við fórnarlamb sitt; hárgreiðslumann frá Íran.

Morðin árið 2003 eiga margt sammerkt með skotárásunum í Malmö undanfarna mánuði. Mennirnir, sem voru 66 ára og 23 ára, tengdust ekki á neinn hátt og voru skotnir í og við heimili sín. Báðir voru skotnir með 9 millimetra skammbyssu. Hins vegar var eldri maðurinn rændur ólíkt þeim yngri sem fannst með seðlaveski sitt á sér.

Haustið 1991 fór maður að nafni John Ausonius um Stokkhólm og Uppsali og skaut ellefu, myrti einn og særði hina alvarlega. Í fyrstu notaði hann riffil með leysigeislamiði og var kallaður Lasermaðurinn. Fjölmiðlar hafa notað svipaða nafngift vegna árásanna nú, enda svipar þessum tveimur málum mjög saman.

Skotárásirnar hafa haldið íbúum Malmö í heljargreipum á undanförnum mánuðum. Um 290 þúsund manns búa á svæðinu. Einn af hverjum þremur er af erlendum uppruna og er aðskilnaður þjóðarbrota, sem talin eru vera um 170 í borginni, mikill.

**svavar@frettabladid.is**


Streituskóli HNLFÍ og Heilsuborgar

## Skjöldur og sverð gegn streitu

Streituskóli HNLFÍ og Heilsuborgar hefst með fyrirlestrum, fimmtudaginn 18. og laugardaginn 20. nóvember í húsnæði Heilsuborgar, Faxafeni 14, 108 Reykjavík.

### Dagskrá

**Fimmtudagur 18. nóvember**

| | |
|---|---|
| Kl.17.00-18.00 | **„Streita og slökun“** Magna Fríður Birnir hjúkrunarforstjóri HNLFÍ |
| Kl.18.00-18.45 | **„Hversu langt á að ganga í hollustunni“** Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor í næringarfræði við HÍ |
| Kl. 18.45-19.00 | Kaffihlé |
| Kl. 19.00 – 20.00 | **„Ég sef illa“, hvað er til ráða?** Bryndís Benediktsdóttir dósent við læknadeild HÍ Sérfræðingur í heimilislækningum og svefnsjúkdómum |

**Laugardagur 20. nóvember**

| | |
|---|---|
| Kl. 9.00-10.00 | **„Hreyfing og Streitulosun“** Guðrún Guðmundsdóttir, sjúkraþjálfari HNLFÍ |
| Kl. 10.00-11.00 | **„Streita og slökun.“** Magna Fríður Birnir, Hjúkrunarforstjóri HNLFÍ |
| Kl. 11.00-11.20 | Kaffihlé |
| Kl. 11.20 -13.00 | **„Að meta eigin streitu og streituvalda“** Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnisstjóri á HNLFÍ |

**Innifalið í Streituskóla er:**

- Einstaklingsviðtal við Erlu Gerði Sveinsdóttur lækni sem metur almennt heilsufar, andlegt sem líkamlegt og gefur ráðleggingar um æskilegar leiðir til að halda góðri heilsu og fyrirbyggja heilsubrest.
- Heilsumat hjúkrunarfræðings, mældur er blóðþrýstingur og mittismál, mæling í líkamsgreiningartæki þar sem skoðuð er samsetning líkamans. Grunnbrennsla og hæfileg orkunotkun er reiknuð út. Ráðleggingar um mataræði og heilsueflingu eru gefin.
- Tvö einstaklingsviðtöl við Sigrúnu Ásu Þórðardóttur sálfræðing sem metur andlega heilsu. Ráðleggingar um æskilegar leiðir til að takast á við streituvalda og streitueinkenni. Unnið að gerð einstaklingshæfðar meðferðaráætlunar og árangur meðferðar metinn eftir 8 vikur.
- Boðið verður upp á kaffi, te og ávexti báða fræðsludagana.
- Fríkort í líkamsrækt Heilsuborgar í tvær vikur - Vegleg mappa með námsgögnum

**Skráning fer fram í afgreiðslu Heilsuborgar eða í síma 560 1010.**
**Verð fyrir námskeiðið er kr. 55.000.**

HEILSUBORG
Heilsuborg - Faxafeni 14 - 108 Reykjavík
Sími: 560 1010 - heilsuborg@heilsuborg.is

Heilsustofnun NLFÍ
Grænumörk 10 - 810 Hveragerði
Sími: 483 0300 - www.hnlfi.is - heilsu@hnlfi.is



## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

## Hjúkrunarþjónusta
## í Lyfju Lágmúla

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu, m.a. ráðgjöf við val og notkun á vörum fyrir sykursjúka. Láttu okkur mæla blóðsykurinn.




**Þjónustan er veitt virka daga frá kl. 8 til 17.**

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 52165 11/10




# NÝ KYNSLÓÐ AF SAMTENGJANLEGUM LED ÚTISERÍUM

**20%**
afsláttur
af öllum
útiseríum













Kaffi og smákökur fyrir tvo í boði Spírunnar á 2. hæð Garðheima þegar þú verslar jólavörur fyrir 10 þúsund eða meira

## Amerísku jólatrén

úrvalið er
í Garðheimum



20%
afsláttur

endast ár eftir ár!

sterkleg
og stinn



Jólastjarna
1.190kr

Munið eftir pabba!



Feðrablóm
1.150kr



Teiknaðu kort
handa pabba

Fullt af skreytingarnámskeiðum í gangi í Garðheimum!

sjá nánar www. gardheimar.is



Bráðholla Bína
hrákaka
300kr



Heimabakaðar
Smákökur
50kr

spíran.
um helgina



Heitt súkkulaði
með rjóma eða ís

GARÐHEIMAR
- fjölskyldufyrirtæki í 19 ár!
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**ATHAFNAVIKA:** Frumkvöðlar í sviðsljósið

# Ekki nóg að tala við eldhúsborðið

**Athafnavikan hefst á mánudag og stendur til laugardags. Yfir 50 aðilar taka þátt í framtakinu. Mjög jákvætt í allri neikvæðninni, segir forstjóri Actavis. Minnir fólk á að það er „eitthvað annað til“, segir framkvæmdastjóri Gogogic.**

**NÝSKÖPUN** Alþjóðlega athafnavikan hefst á mánudaginn og stendur til laugardagsins kemur. Um 50 aðilar taka þátt í viðburðum vikunnar sem munu eiga sér stað um land allt.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis, segir framtakið afar mikilvægt fyrir þau fjölmörgu fyrirtæki sem séu að stíga sín fyrstu skref og það gefi frumkvöðlastarfsemi nauðsynlega vítamínsprautu.

„Þetta er mjög jákvætt í allri neikvæðninni,“ segir Guðbjörg Edda. „Þetta sýnir að fólk getur fengið mörgu áorkað í dag þrátt fyrir árferðið og vilji er í raun allt sem þarf.“

Guðbjörg Edda segir margt jákvætt hafa átt sér stað hvað varðar stuðning við sprotafyrirtæki á síðustu árum, en alltaf megi gera betur. Mikil gróska sé í frumkvöðlastarfsemi í landinu og nauðsynlegt sé að styðja við þennan hluta markaðarins til þess að fyrirtækin nái að dafna og festa rætur.

„Fjármagnið hefur alltaf verið erfitt og það er sennilega enn þá erfiðara núna,“ segir hún. „Ef hægt væri að koma á föstu styrkjakerfi til þess að styðja við þau fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref á markaðnum myndi það breyta miklu.“

Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri Gogogic, tekur undir orð Guðbjargar Eddu og segir Athafnavikuna mikilvæga áminningu um að möguleikarnir til sköpunar í samfélaginu séu margir.

„Þetta minnir fólk á að það er þetta „eitthvað annað“ sem er til,“ segir Jónas. „Það felst fyrst og fremst í því að einhver þarna úti tekur sig til og ákveður að gera eitthvað annað.“

Jónas segir að stóra skrefið í átt til nýsköpunnar sé að taka ákvörðunina og láta verða af hlutunum og það sé ekki nóg að tala bara við eldhúsborðið. Hann segir umhverfið á Íslandi vera jákvætt til frumkvöðlastarfssemi.

„Það á að hrósa því sem vel er gert. Eins að það er auðvelt að hefjast handa og það er svakalega mikilvægt,“ segir Jónas. „Auðvitað tekst ekki allt en það er athafnasemin sem er svo mikilvæg. Það orkar allt tvímælis þá gert er. Maður getur aldrei horft í baksýnisspegilinn og sagt: Þetta voru klárlega mistök.“ **sunna@frettabladid.is**



**FORSTJÓRI ACTAVIS** Guðbjörg Edda Eggertsdóttir segir framtakið afar jákvætt í allri neikvæðninni sem ríkir í samfélaginu í dag.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI GOGOGIC** Jónas Björgvin Antonsson segir Athafnavikuna minna á að möguleikarnir til sköpunar séu margir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Saga tveggja fyrirtækja

**Actavis**
Saga lyfjafyrirtækisins Actavis á Íslandi nær allt aftur til ársins 1956 þegar Pharmaco, forveri Actavis, var stofnað. Pharmaco var í upphafi innkaupasamband en strax árið 1960 var hafin framleiðsla á lyfjum hjá fyrirtækinu. Nú starfa um 700 manns hjá lyfjafyrirtækinu Actavis og stærstu markaðir þess er Bandaríkin og Þýskaland. Actavis stendur nú í stórræðum og er fyrirtækið að leggja lokahönd á stækkun verksmiðjunnar í Hafnarfirði um helming. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdunum fyrir lok þessa árs og hefur stækkunin kallað á um 50 aukastörf.

**Gogogic**
Tölvuleikjafyrirtækið Gogogic var stofnað af Jónasi Björgvin Antonssyni, Sigurði Eggert Gunnarssyni og Guðmundi Bjargmundssyni árið 2006. Þeir vildu koma á fót nýrri framleiðslu í tölvuleikjaiðnaði og hófu starfsemina á því að framleiða meðal annars hugbúnað, vefsíður og tölvuleiki. Gogogic fékk stóran styrk frá tölvuleikjasamtökum Norðurlanda í fyrra og nú vinna um 40 manns hjá fyrirtækinu.

## Bækur og armbönd til athafna

Actavis prentar út og gefur öllum gestum og þátttökuaðilum Athafnavikunnar litla bók sem ætluð er til þess að skrá niður hugmyndir og hjálpa fólki að koma þeim í framkvæmd. Bókin er smá í sniðum og er prentuð í tugum þúsunda eintaka.

Allir bæjarstjórar landsins, ráðherrar, formenn stjórnmálaflokka, athafnafólk og fjölmiðlamenn munu fá Athafnateygjuna afhenta í upphafi Alþjóðlegu athafnavikunnar á Íslandi. Það er í þeirra höndum að koma teygjunni áfram og er markmiðið að sem flestir Íslendingar fái teygju í komandi viku. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fær fyrstu teygjuna afhenta við setningarhátíð Athafnavikunnar á mánudaginn í Nauthóli klukkan 17.

Nánari upplýsingar um Athafnateygjuna má finna á www.athafnateygja.is


Klingjum inn jólin

Öll gjafavara og smávara á 20-40% afslætti.
Aðeins um helgina.
Flott hönnun, fágað handbragð.




menu 40% | mono 40% | RCR 30% | ROSENDAHL COPENHAGEN 20% | RITZENHOFF 20% | Rosenthal 20% | ALESSI 20% | SKAGERAK DENMARK 20% | driade 20% | Screwpull 20%

**Kringlan:**
Laugardag: 10-18
Sunnudag: 13-18

Casa

**Skeifan 8:**
Laugardag: 11-15
Sunnudag: 13-18



Eitthvað fyrir alla
Við bjóðum til bókajóla...
30% afsláttur
3.980,-
Stolnar raddir
Fullt verð 5.690,-
4.190,-
Kristján Jóhannsson
Fullt verð 5.990,-
3.490,-
Smáréttir Nönnu
Fullt verð 4.990,-
4.490,-
Guðrún Ögmundsdóttir
Verð áður 6.490,-
4.190,-
Birgir Andrésson
Fullt verð 5.990,-
3.840,-
Íslenzkir þjóðhættir
Fullt verð 5.490,-
3.970,-
Önnur líf
Fullt verð 5.680,-
3.980,-
Martröð millanna
Fullt verð 5.690,-
2.650,-
Nornin og dularfulla gauksklukkan. Fullt verð 3.790,-
2.790,-
Vampírufræði
Fullt verð 3.990,-
4.190,-
10.10.10 - Logi Geirsson
Fullt verð 5.990,-
3.490,-
Stelpur!
Fullt verð 4.990,-
Athugið að kynningarverð gilda aðeins til 15. nóvember 2010
Skiptimiðinn
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




Fagnaðu feðradeginum með BKI kaffi

Feðradagurinn er á morgun!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Feðradagurinn er** haldinn hátíðlegur annan sunnudag í nóvember á hverju ári, nákvæmlega hálfu ári á eftir mæðradeginum.



Veltu fyrir þér ábyrgð, siðgæði, uppeldi og fyrirmyndum. Hugsaðu um réttindi barna til föður síns og skyldur föðurins gagnvart börnunum. Allar götur síðan 1910 hefur feðradagurinn verið haldinn hátíðlegur, fyrst í Bandaríkjunum, þar sem hann varð viðurkenndur hátíðardagur árið 1972. Svíar héldu daginn hátíðlegan frá

Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði

Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir feðradaginn
Kíktu á bki.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna

# Íslensk stjórnvöld upplýst um eftirlit

**Luis E. Arreaga, nýr sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, segir íslensk stjórnvöld jafnan hafa verið upplýst um öryggisráðstafanir sendiráðsins. Hann segir margt líkt með fjármálahruninu hér og vestra.**

„Ég er nokkuð viss um að íslensk stjórnvöld hafi vitað af þessu,“ segir Luis E. Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, þegar hann er spurður hvort íslensk stjórnvöld hafi verið upplýst um allar þær ráðstafanir sem bandaríska sendiráðið hefur gert í öryggismálum, meðal annars hið umdeilda eftirlit með nánasta nágrenni sendiráðsins.

„Eðlilega get ég ekki farið út í smáatriði, en við höfum alltaf rætt þessi mál við íslensk stjórnvöld,“ segir hann. „Hins vegar gerist það oft, þegar rætt er við fólk í einhverjum hluta stjórnsýslunnar, að þá veit annar hluti stjórnsýslunnar kannski ekki af því. Ég held að við þurfum núna að taka tíma í að ræða þetta tiltekna mál nánar.“

Sendiráð Bandaríkjanna við Laufásveg hefur á liðnum árum sætt gagnrýni fyrir öryggisráðstafanir, sem hafa þótt fyrirferðarmiklar og valdið nágrönnum sendiráðsins óþægindum. Til að mynda hafa nágrannar krafist þess að hindranir á gangstétt og götu fyrir framan sendiráðið verði fjarlægðar.

„Við erum sjálf ekkert ánægð með þessari hindranir heldur. Ef við ættum val þá myndum við ekki hafa neinar hindranir og enga öryggisverði. Því miður hafa aðstæður undanfarna áratugi gert okkur nauðbeygð til að taka öryggismálin alvarlega. Ég veit að stundum mistúlkar fólk það sem við gerum og telur það fjandsamlegt, en allt slíkt er fjarri okkur. Við reynum eins og við getum að lágmarka allt rask fyrir nágrennið.“

### Til greina kemur að flytja

Hann segir að til greina hafi komið að flytja sendiráðið í hentugra húsnæði til þess að valda nágrönnum ekki ónæði. „Þetta er eitt af því sem alltaf kemur til álita.“

Nýlega bárust fréttir af því að sendiráð Bandaríkjanna hafi haft samband við lögreglu þegar maður stóð beint fyrir framan dyr sendiráðsins með skilti, sem á stóð „Friður“. Lögregla fjarlægði manninn af vettvangi.

„Auðvitað höfum við ekkert á móti því að fólk segi hug sinn. Það segir sig sjálft. Við reynum hins vegar að tryggja að fólk sem kemur í sendiráðið eða fer frá sendiráðinu geti gert það án þess að telja sér ógnað á neinn hátt eða telji sér ekki óhætt að koma í sendiráðið. Ef þessi einstaklingur hefur verið fjarlægður þá hefur það nákvæmlega ekkert með skoðanir hans að gera.“

Hann segist ekki líta svo á að vægi samskipta Íslands og Bandaríkjanna hafi minnkað eftir að bandaríska herliðið hér á landi var kallað heim. Samstarf um nýtingu jarðhita skipti bæði löndin miklu máli og meira að segja telur hann samstarf í öryggismálum enn vera mikilvægt.

„Í öryggismálum hafa aðstæður allar breyst mjög. Kalda stríðinu er lokið og það sem krafðist nærveru okkar hér er ekki lengur fyrir hendi. Það þýðir ekki að öryggismál séu ekki partur af samstarfi okkar heldur eru þau einn helsti kjarninn i þeim.“

Samstarfið í öryggismálum snýst nú um netöryggi, alþjóðlega glæpastarfsemi, peningaþvætti og annað sem lítil áhersla var áður lögð á. „Við tökum líka tvíhliða varnarsamning okkar við Ísland enn mjög alvarlega. Hann hefur verið í gildi í áratugum saman og er enn í fullu gildi.“

Athyglin hefur í auknum mæli beinst að norðurslóðum og opnun siglingaleiða yfir Norðurskautið.

„Þarna opnast nýir samstarfsmöguleikar landanna á mjög víðtæku sviði. Stefna Bandaríkjastjórnar er í þessum efnum mjög svipuð stefnu Íslands. Við sjáum að bráðnun hafíss opnar möguleika fyrir skipaferðir og aðgang að náttúruauðlindum. Mikilvægast er að vinna náið með öðrum löndum, sérstaklega Íslandi og öðrum löndum sem eiga hagsmuna að gæta á svæðinu, og tryggja að allt sem við gerum, til dæmis í sambandi við náttúruauðlindir, sé gert af fullri ábyrgð.“

Arreaga er hagfræðimenntaður og fylgist af áhuga með þróun mála eftir efnahagshrunið hér á landi fyrir tveimur árum.

„Það sem gerðist hér og það sem gerðist í Bandaríkjunum er að mörgu leyti líkt. Við lentum líka í fjármálahruni. Bandaríkjastjórn þurfti að grípa inn í til að koma í veg fyrir algjört hrun bankakerfisins. Við erum enn að takast á við afleiðingarnar. Það hafa verið sett lög og þið eruð að gera nákvæmlega það sama. Þið eruð að gera umbætur á bankakerfinu og íslenska þjóðin hefur þurft að færa fórnir.“



**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



**LUIS E. ARREAGA** Tók við sendiherrastöðu Bandaríkjanna á Íslandi síðastliðið vor.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Innflytjandi í Bandaríkjunum

Luiz E. Arriega er fæddur og uppalinn í Gvatemala. Faðir hans vann á bílasölu og móðir hans var grunnskólakennari. Hann flutti átján ára til Bandaríkjanna, fyrst sem skiptinemi og fór að læra hagfræði, en ílentist eins og margir.

„Ég varð svo heillaður af Bandaríkjunum. Ef maður lætur sig dreyma um eitthvað þá er hægt að láta þá drauma rætast í Bandaríkjunum,“ segir hann.

Hann gekk ungur til liðs við utanríkisþjónustuna og hefur starfað víða um heim, meðal annars í El Salvador þegar þar ríkti borgarastyrjöld og í Perú þegar skæruliðasamtökin Skínandi stígur og Tupac Amaro létu hvað mest til sín taka þar með bílsprengjum, mannránum og morðum.

Hann starfaði í Genf þegar fjöldamorðin í Rúanda voru framin og fékk það hlutverk að samhæfa viðbrögðin, og heimsótti þá bæði Rúanda og nágrannalöndin Búrúndí, Tansaníu og Saír, sem nú heitir Lýðræðislega lýðveldið Kongó.

„Þetta voru erfiðir tímar, en um leið mjög gefandi, því mér tókst að leggja mitt af mörkum til að útvega fólki í mikilli neyð aðstoð.“

Hann hefur ekki gegnt sendiherrastöðu fyrr, en hyggst gera sér far um að kynnast íslensku þjóðinni, meðal annars með því að læra tungumálið eins vel og kostur er.

Vinnustaðaskírteini

Frá og með 15. nóvember 2010 fara ASÍ og SA að beita dagsektum og viðurlögum gegn þeim sem ekki eru með þessi skírteini.

Við hjá Auðmerkt framleiðum svona skírteini með stuttum afgreiðslutíma

Auðmerkt
Skúlagata 10
S. 555-6500
audmerkt@audmerkt.is




Erum einnig með alla almenna prentun.

- Nafnspjöld
- Bæklingar
- Reikningar
- Bréfsefni

og margt fleira.

AUÐMERKT Skiltagerð
www.audmerkt.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# TIL HAMINGJU!

Við óskum nemendum og starfsfólki Háskólans í Reykjavík til hamingju með nýja háskólabyggingu í Nauthólsvík – umgjörð um öflugt kennslu- og rannsóknarstarf. Mikilvægum áfanga er náð í starfsemi skólans sem gegnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi og samfélagi.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SI
















**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 19. nóvember á meðan birgðir endast.




# 20% AFSLÁTTUR

## af öllum íslenskum hljómplötum

í tilefni af 100 ára afmæli íslensku hljómplötunnar




3.039 ~~3.799~~



1.999 ~~2.499~~



1.919 ~~2.399~~




1.919 ~~2.399~~




2.399 ~~2.999~~



1.999 ~~2.499~~




1.999 ~~2.499~~



2.159 ~~2.699~~




1.999 ~~2.499~~




2.399 ~~2.999~~

Gildir til 19. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda getur haldizt í hendur við hagvöxt og bætt lífsgæði.

## Mikil ábyrgð


SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is




Þrátt fyrir alla grænu, endurnýjanlegu orkuna sem við erum svo dugleg að segja útlendingum frá er Ísland í hópi þeirra landa sem losa mest af gróðurhúsalofttegundum á mann og brenna mestri olíu.

Ástæðnanna er að leita bæði í aðstæðum okkar og lífsstíl. Við rekum óvenjulega stóran fiskiskipaflota, eigum mörg farskip og millilandaflugvélar. Færri þjóðir eiga stærri eða eyðslusamari bílaflota miðað við mannfjölda og við ökum langar vegalengir í strjálbýlu landi. Veðrið hefur svo kannski eitthvað með það að gera að við gerum minna af því að ganga, hjóla og taka strætó en margar frænd- og nágrannaþjóðir. Þótt útblástur frá Íslandi vegi kannski ekki þungt í heildarlosun heimsbyggðarinnar, ber hvert ríki – og raunar hver einstaklingur – sína ábyrgð á loftslagsbreytingum af mannavöldum. Ábyrgð hvers Íslendings er býsna mikil.

Í nýrri aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum eru sett metnaðarfull markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum og áratugum. Ríkisstjórnin hyggst meðal annars leggja á kolefnisgjald, sem beini orkunotkun frá jarðefnaeldsneyti og yfir í vistvænni orkugjafa. Þá hefur hún samþykkt frumvarp um breytingu á álagningu vörugjalds á bifreiðar, sem mun taka mið af útblæstri og hvetur fólk til að kaupa sparneytna, vistvæna bíla. Ennfremur verða allt að hundrað þúsund krónur af vörugjaldi eldri bíla, sem breytt verður í metanbíla, endurgreitt. Þannig er ætlunin að flýta metanvæðingu bílaflotans. Stefnt er að því að finna fiskiskipaflotanum nýja orkugjafa og tilraunir eru hafnar með vinnslu lífeldsneytis fyrir skipavélar, svo dæmi séu nefnd.

Í umræðum um loftslagsmál er oft látið í veðri vaka að aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þýði hömlur á hagvöxt og minni lífsgæði. Þetta var lengi viðkvæðið hjá bandarískum stjórnvöldum, sem töldu að hömlur á losun myndu koma niður á atvinnulífi Bandaríkjamanna, til dæmis bílaiðnaðinum, og að kjör almennings kynnu að skerðast við það að þurfa að kaupa sér neyzlugrennri bíla og eyða minna rafmagni í loftkælingu.

Viðhorfin vestra eru reyndar byrjuð að breytast. Margir átta sig á því að nauðsyn þess að draga saman útblástur eiturlofttegunda er drifkraftur þróunar og nýsköpunar, sem skapar hagvöxt. Það sama á að sjálfsögðu við hér. Ríkisstjórnin hyggst nú styðja við rannsóknir og nýsköpun í loftslagsmálum í auknum mæli. Mörg sprotafyrirtæki vinna að orkusparandi og vistvænni tækni. Hún getur skapað störf og orðið útflutningsvara, rétt eins og þekking Íslendinga á sviði jarðhita.

Verkefnisstjórnin, sem gerði aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar, telur að óvíða séu meiri möguleikar til bindingar kolefnis úr loftinu með skógrækt og landgræðslu en hér á landi. Í þeim verkefnum, sem eru hluti af áætluninni, felast líka tækifæri til að auka landgæði Íslands og þar með lífsgæði þjóðarinnar.

Í loftslagsmálunum höfum við flest að vinna og litlu að tapa. Við eigum að axla þá ábyrgð, sem okkur ber.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871










AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Misvísandi viðbrögð



ÞORSTEINN PÁLSSON

Fyrstu svör forsætisráðherra við sérfræðingaáliti um húsnæðisskuldirnar voru þau að allir kostir sem þar eru nefndir kæmu til greina. Eftir því að dæma gætu Samfylking, Framsóknarflokkur, vinstri armur VG og Hreyfingin myndað meirihluta um almenna afskrift skulda í samræmi við fyrirheit forsætis- og dómsmálaráðherra frá í október.

Málið er þó ekki svo einfalt því fjármálaráðherra var varfærinn í yfirlýsingum. Sama má segja um varaformann Sjálfstæðisflokksins. Það er í samræmi við þá blönduðu leið sem efnahagstillögur flokksins gera ráð fyrir. Eftir fyrsta samráðsfund dró forsætisráðherra síðan í land varðandi almennar afskriftir.

Næsta skref er að ríkisstjórnin leggi fram tillögu og leiti eftir breiðum stuðningi við hana. Mikilvægt er að sú lausn verði ekki slitin úr tengslum við efnahagsmarkmiðin í heild eins og þau eru sett fram í AGS-áætluninni. Einar K. Guðfinnsson tók stöðu AGS-áætlunarinnar til umræðu í fyrirspurnartíma á Alþingi í byrjun vikunnar. Af því tilefni staðfesti forsætisráðherra að ríkisstjórnin hefði samþykkt gildandi áætlun í byrjun ágúst. Aftur á móti upplýsti Lilja Mósesdóttir að vinstri armur VG vildi rjúfa samstarfið frá næstu mánaðamótum.

Þetta sýnir að ríkisstjórnin hefur ekki meirihluta í eigin röðum fyrir grundvelli efnahagsstefnunnar sem endurnýjaður var með sérstakri samþykkt í ríkisstjórninni fyrir þremur mánuðum. Þess vegna vill ríkisstjórnin samstarf við stjórnarandstöðuna. Það samstarf er hins vegar marklaust nema það taki til markmiða AGS-áætlunarinnar í heild.

## Áhrif á önnur markmið

Forsætisráðherra hefur mætt gagnrýni á aðgerðir í þágu heimilanna og á fjárlagafrumvarpið með endurteknum yfirlýsingum um breytingar á AGS-áætluninni sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst. Þau ummæli hljóta að hafa verið djúpt hugsuð því að öll frávik geta haft afdrifaríkar afleiðingar og hafa reyndar þegar gert það.

Til marks þar um má nefna að Seðlabankinn upplýsti í síðustu viku að sá örlitli hagvöxtur sem í vændum er muni alfarið byggjast á einkaneyslu. Verðmætasköpun atvinnulífsins leggur þar ekkert til. Sveigjanleiki krónunnar hefur ekki dugað til að auka verðmætasköpun. Með öðrum orðum: Krónan er hvorki lausn til bráðabirgða né lengri tíma. Þetta þýðir áframhaldandi skuldasöfnun með venjulegum þrýstingi á krónuna.

Stöðugleikinn í gengi krónunnar síðustu mánuði byggir í einu og öllu á höftunum og fjárhagslegri aðstoð AGS. Tilslökun í ríkisfjármálum gæti veikt þessa stöðu og kallað nýjan skuldavanda yfir heimilin. Markmiðið um að hverfa frá höftunum ræðst einnig af árangri í ríkisfjármálum og reyndar er óvíst hvort það næst.

Samstarfsverkefni efnahagsráðherra með bönkunum og atvinnulífinu um skuldahreinsun lítilla og meðalstóra fyrirtækja byggir á festu í peningamálum og ríkisfjármálum. Þá ráðast lánsfjármöguleikar orkufyrirtækjanna til nýrra framkvæmda einnig í ríkum mæli af stöðu ríkissjóðs.

Stöðugleiki á vinnumarkaði veltur svo á stöðugleika krónunnar. Víst er að frávik frá markmiðum AGS í ríkisfjármálum færa landið fjær því að geta gerst aðili að evrópska myntbandalaginu.

Þessi dæmi sýna að ekki er unnt að taka eitt viðfangsefni út úr heildarsamhenginu. Ganga verður út frá því að forsætisráðherra hafi á samráðsfundunum kynnt hugmyndir sínar um endurmat og þessa stöðu í heild sinni fyrir stjórnarandstöðuflokkunum. Ella væri samráðið leikaraskapur. Það merkilega er að ekkert af þessum þýðingarmiklu upplýsingum skuli hafa lekið út.

## Steingrímur, Bjarni, Össur

Kjarni málsins er sá að allar leiðir til að leysa skuldavanda heimilanna með frávikum frá efnahagsmarkmiðum AGS-áætlunarinnar, sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst, búa til meiri vanda og hættu á nýju gengisfalli og skuldaflóði. Óþol þjóðarinnar er afleiðing af því að ríkisstjórnin hefur ekki nægan skilning í eigin þingliði fyrir þessu sjónarmiði og virðist ráðvillt af þeim sökum.

Þennan hnút má hins vegar leysa ef samráði verður breytt í samninga.

Fjármálaráðherra vill fylgja áætlun AGS í ríkisfjármálum. Verkurinn er að hann hefur ekki þingmeirihluta fyrir þeim áformum óbreyttum. Formaður Sjálfstæðisflokksins vill orkunýtingu, erlenda fjárfestingu, skattaráðstafanir til að örva atvinnulífið og sáttaniðurstöðuna í sjávarútvegi en hefur ekki þingmeirihluta fyrir þeim sjónarmiðum. Utanríkisráðherra vill nýja mynt en hefur ekki þingmeirihluta til að ljúka samningum við Evrópusambandið.

Ef þessir þrír áhrifaríku forystumenn Alþingis væru reiðubúnir til að styðja málefni hver annars væri Íslandi borgið. Enginn veit hvort vilji þeirra stendur til þess. Hitt er ljóst að ekkert slíkt getur gerst nema á grundvelli jafnra áhrifa og jafnrar ábyrgðar.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is



Jólin í Dorma!
Við erum með fleira en dýnur og gorma...
Happy Christmas
ilmur mánaðarins
á 25% afslætti
YANKEE CANDLE
a passion for fragrance
Hver er þinn jólailmur?
Yfir 40 ilmtegundir
YANKEE CANDLE
HAPPY CHRISTMAS
MEÐ RÚMFATAGEYMSLU
69.900,-
Frábær svefnsófi
MIKIÐ ÚRVAL
3.890,-
Sængurverasett
Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS
20% afsláttur
Serta heilsurúm
20% afsláttur
Stillanlegt heilsurúm
ÞÆGILEGUR
69.900,-
Hægindastóll í taui
ELLEFU LITIR
499,-
Handklæði 50x100 cm
HVÍTUR GÆSADÚNN
14.900,-
Dúnsæng
OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17
DORMA
– býður góða nótt
Ilmstrá mikið úrval!
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# Enn um styrk fræðasviða og mikilvægi hugvísinda

Háskólastarf

Eiríkur Smári Sigurðarson
rannsóknastjóri á Hugvísindasviði HÍ



Mennta- og menningarmálaráðherra hefur í þremur greinum í Fréttablaðinu kynnt nýja stefnu í háskólamálum og í frumvarpi til fjárlaga, þar sem frekari niðurskurður í fjármögnun háskóla er boðaður ásamt breytingum á reiknilíkani sem notað er til að skipta fjárveitingum milli háskólanna, kemur einnig fram ákveðin stefna. Af sumu sem hefur verið ritað í kjölfarið mætti ætla að nú eigi að flytja fé í stórum stíl úr „hörðum“ greinum yfir í „mjúkar“ og að þetta muni draga úr samkeppnishæfni þjóðarinnar og valda samfélaginu varanlegu tjóni.

Kennsluframlög til háskólanna eru reiknuð út miðað við áætlaðan fjölda nemenda á fræðasviðum háskólanna og hvað hver nemandi er talinn kosta á einu ári að meðaltali. Nú er augljóslega misdýrt að mennta nemendur eftir því í hvaða námi þeir eru og þeir eru því flokkaði í mishá reikniflokka. Þannig er ódýrara að halda úti námi sem byggist nær eingöngu á fyrirlestrum sem margir nemendur geta sótt í einu en námi sem byggist á verkefnavinnu, þjálfun á rannsóknastofu eða vettvangi eða námi sem mjög fáir nemendur stunda, að ekki sé talað um listnám sem fer jafnvel fram í einkatímum. Tækjakostur og aðbúnaður er auðvitað misdýr en munur á kostnaði skýrist að miklu leyti af eðli kennslunnar og hópastærð. Tannlæknanám er í dýrasta reikniflokki vegna þess að þar eru einungis teknir inn örfáir nemendur á hverju ári.

Nám í hugvísindum og félagsvísindum er metið langódýrast og það hefur lengi verið vitað að lægsti reikniflokkurinn er of lágur. Hann virkar þar sem hægt er að kenna í stórum hópum en nám á þessum sviðum fer alls ekki allt þannig fram. Vandamálið hefur verið sérstaklega áberandi í hugvísindum þar sem eru margar mikilvægar námsgreinar með fáum nemendum, sérstaklega í tungumálum. Kennsluaðferðir hafa líka þróast á undanförnum árum og á seinni stigum náms er meira gert úr verkefnavinnu, málstofum og öðru sem skilar mun betri árangri en fyrirlestrar en getur ekki farið fram í stórum hópum. Reikniflokkarnir hafa ekki fylgt þessari þróun eftir. Af þessum sökum þurftu hugvísindin við Háskóla Íslands þegar árin fyrir hrun að hagræða mjög í rekstri. Endurskoðun á vægi reikniflokka var því nauðsynleg en er vonandi bara fyrsta skref í stærri endurskoðun á reiknilíkaninu þar sem kennslufyrirkomulag á öllum fræðasviðum verður skoðað.

Síðustu daga hefur mikið verið gert úr breyttum áherslum í háskólamálum sem koma fram í leiðréttu reiknilíkani, þar sem lægsti flokkurinn hækkar hlutfallslega (þó hann lækki í krónutölu) en hærri flokkarnir lækka til að mæta mismuninum (fyrir utan hjúkrunarfræðina sem er eini flokkurinn sem hækkar). Kennarar í Raunvísindadeild Háskóla Íslands mótmæla þessum breytingum, málið fær talsverða umfjöllun í utandagskrárumræðu um háskólamál á Alþingi 18. október sl. og í nokkrum aðsendum greinum í Fréttablaðinu hefur breytingunum verið mótmælt. Mótmælin byggjast á þeirri skoðun að með þessu sé verið að grafa undan nýsköpun og þekkingariðnaði í landinu og þar með draga úr samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Nú er engin ástæða til að efast um mikilvægi raunvísinda, verkfræði og tæknigreina en vert að benda á að án öflugs háskólanáms og rannsókna í hugvísindum verður samfélagið ekki bara menningarlega fábreyttara heldur mun það líka draga úr hæfni okkar til nýsköpunar og gera hana fátæklegri. Við þurfum fólk með góða þekkingu á erlendum tungumálum og þjóðum meira en nokkru sinni fyrr til að styrkja okkur í samfélagi þjóðanna sem og þekkingu á menningu okkar og sögu, m.a. til að menningartengd ferðaþjónusta – sem er einn af vaxtasprotunum í atvinnulífi Íslands – velti sér ekki upp úr yfirborðsmennsku og tómu sjálfshóli. Við þurfum umfram allt fólk sem kann að lesa, túlka og gagnrýna til að við komumst áfram á styrkari grunni en við byggðum á síðastliðin ár. Til að þetta verði þarf öflugt nám og rannsóknir í hugvísindum.

> Við þurfum fólk með góða þekkingu á erlendum tungumálum og þjóðum meira en nokkru sinni fyrr.

# Að leigja eða eiga – jöfnum réttinn

Húsnæðismál

Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Hilmar Ögmundsson
hagfræðingur BSRBv





Eftir bankahrunið hefur fjöldi fólks misst heimili sín eða er við það að missa þau vegna óyfirstíganlegrar greiðslubyrði sem fall krónunnar og aukin verðbólga hafa orsakað. Þörfin fyrir leigumarkað hefur því aukist til muna og í mörgum tilfellum er ekki hægt að vænta þess að fólk ráði við að greiða markaðsverð á húsaleigu.

Leigumarkaðurinn á Íslandi er að mörgu leyti vanþróaður og óskipulagður og ekki er hugað nógu vel að málefnum leigjenda, enda er hlutfall þeirra sem eiga eigið húsnæði mjög hátt. Víða erlendis, t.d. í Danmörku, er málum öðruvísi háttað og margir kjósa að leigja allt sitt líf í stað þess að fjárfesta í fasteign.

Almennar leiguíbúðir (Almene boliger) í Danmörku eru nokkurs konar félagslegar leiguíbúðir í eigu leigufélaga eða leigufyrirtækja. Byggingarkostnaður við þær er fjármagnaður með styrk frá sveitarfélögunum (14%), í gegnum íbúðalánasjóði (84%) og af tryggingarfé frá leigjendum (2%). Sveitarfélögin ábyrgjast íbúðalán umfram 65% og fá á móti ráðstöfunarrétt yfir 25% af íbúðunum til félagslegs húsnæðis.

Í öllum sveitarfélögum í Danmörku eru almennar íbúðir ætlaðar öllum, en sérstaklega þeim sem ekki ráða við að greiða markaðsleigu. Húsaleigan skal einungis fjármagna afborganir lána og viðhaldskostnað leiguhúsnæðisins. Það þýðir að ekkert félag eða fyrirtæki má hagnast á útleigu íbúðanna. Þar ríkir íbúalýðræði, sem þýðir að íbúarnir ákveða sjálfir hvaða viðhald eða betrumbætur skal farið í hverju sinni. Húsaleiga hækkar því einungis í takt við það.

Almenna leigukerfið hefur það markmið að tryggja framboð af húsnæði fyrir fólk í mismunandi tekjuhópum á viðráðanlegu leiguverði. Kerfið gefur líka lágtekjufólki möguleika á að setjast að á svæðum þar sem mikil eftirspurn er eftir húsnæði. Því má segja að almenna leigukerfið sé hornsteinn í lausn á félagslegum húsnæðisvanda dansks samfélags. Það er þó aðeins lausn ef íbúarnir eru blanda af efnalitlum og efnasterkum fjölskyldum.

Þegar flutt er í almenna leiguíbúð greiðist trygging sem samsvarar 3 mánaða húsaleigu. Hafi leigjandi ekki efni á henni er hægt að fá lán hjá sveitarfélaginu sem þarf fyrst að greiða af eftir 5 ár, ef tekjur eru undir ákveðnu viðmiði. Mjög misjafnt er hve langur biðlisti er eftir húsnæði en hægt er að skrá sig á biðlista frá 15 ára aldri. Einungis er hægt að rifta leigusamningi ef um vanefndir á samningi með ákveðnum hætti er að ræða, til dæmis síendurtekið ónæði, skemmdir á húsnæðinu eða vanskil á leigu.

Samkvæmt húsaleigulögum á Íslandi er aðilum frjálst að semja um upphæð leigunnar og því er í raun ekkert þak á upphæðinni. Algengt er að samið sé um að leiga breytist í takt við vísitöluhækkanir. Húsaleiga er í mörgum tilfellum svo há að ákveðnir hópar í samfélaginu ráða ekki lengur við að greiða hana og oft ekki í neinu samræmi við uppfærslukostnað, viðhald og ávöxtun eignarinnar. Sjá má að þrátt fyrir umtalsverða aukningu leiguhúsnæðis frá bankahruninu helst leiguverð ennþá mjög hátt. Leiguverð á Íslandi þarfnast einfaldlega aðhalds.

> Leigumarkaðurinn á Íslandi er að mörgu leyti vanþróaður og óskipulagður

Í Danmörku er sérstök nefnd sem metur hvað geti talist eðlilegt og sanngjarnt húsaleiguverð, þar sem ekkert félag eða fyrirtæki má hagnast á útleigunni. Með þessu er spornað við óeðlilega hárri húsaleigu. Nefndin getur úrskurðað að leigusali skuli lækka leigu og endurgreiða ofgreidda leigu ef það á við. Með þessu er gripið fyrir hendur markaðarins, en ástandið í íslensku samfélagi er þannig að það er nauðsynlegt.

Almenn niðurfærsla lána er of kostnaðarsöm og leysir ekki vanda þeirra verst stöddu. Lagt hefur verið til að Íbúðalánasjóður megi selja yfirteknar íbúðir á kaupleigu til 3 ára. Eftir 3 ár býðst leigjanda að kaupa íbúðina og leiga síðustu þriggja ára gengur upp í kaupverðið. Hugmyndin er ekki slæm, en hér er ekki gert ráð fyrir því að leiguverði sé stillt í hóf. Ef fólk vill ekki eða ræður ekki við að kaupa húsnæðið eftir 3 ár er frumvarpið einungis skammtímalausn á húsnæðisvanda þeirra verst stöddu.

Almenna leigukerfið í Danmörku gæti hins vegar verið betri lausn fyrir ríkið til að ráða fram úr vanda skuldsettra heimila, svo ekki sé talað um Íbúðalánasjóðs. Þannig gæti ríkið yfirtekið fjölbýlishús og breytt þeim í almennar íbúðir á viðráðanlegu leiguverði. Á þann hátt væri verið að skapa öryggisnet fyrir fjölskyldur sem ekki ráða við skuldbindingar sínar og eru búnar að missa heimili sín eða eru á barmi þess.


## Kosningar til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010

### Kjörstaðir

**Kjörstaðir í Reykjavík við kosningar til stjórnlagaþings 27. nóvember nk. verða sem hér segir:**

| Reykjavíkurkjördæmi suður: | Reykjavíkurkjördæmi norður: |
|---|---|
| Hagaskóli | Ráðhús |
| Hlíðaskóli | Kjarvalsstaðir |
| Breiðagerðisskóli | Laugardalshöll |
| Ölduselsskóli | Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi |
| Íþróttamiðstöðin Austurbergi | Borgaskóli |
| Árbæjarskóli | Ingunnarskóli |
| Ingunnarskóli | Klébergsskóli |

Kjörfundur hefst laugardaginn 27. nóvember kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00. Sérstök athygli er vakin á að kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Yfirkjörstjórnir í Reykjavíkurkjördæmum suður og norður munu á kjördag hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Á kjördag verður símanúmer yfirkjörstjórnar suður 411 4920 og yfirkjörstjórnar norður 411 4910.

### Kjörskrá

Kjörskrá í Reykjavík vegna kosninga til stjórnlagaþings mun liggja frammi í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 17. nóvember nk. fram á kjördag. Einnig er hægt að slá inn kennitölu á **www.kosning.is** og fá upplýsingar um hvar viðkomandi á að kjósa.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum vegna kjörskrár í Reykjavík skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráningar í kjörskrá.

**Borgarstjórinn í Reykjavík**
**Yfirkjörstjórnir Reykjavíkurkjördæma norður og suður**


## AF NETINU

### Tvíeggja persónukjör

Til viðbótar við að kjósa forsætisráðherra beinni kosningu, virkja beint lýðræði með aukinni notkun þjóðaratkvæðagreiðslna, semja alhliða borgaralega réttindaskrá og lækka kosningaaldurinn í sextán myndi ég vilja skoða það að viðhafa persónukjör í einhverri mynd í þingkosningum.

Margar útfærslur koma til greina í þeim efnum. En vandinn sem við er að etja er einkum sá að völd hafa smám saman en jafnt og þétt safnast að stjórnmálaflokkunum, sér í lagi að fjórflokknum sem öllu ræður í íslenskum stjórnmálum.

Vísir.is

**Eiríkur Bergmann Einarsson**

### Skuldsetning framtíðarinnar

Það er ólíðandi að hið opinbera geti skuldsett framtíðarkynslóðir án þess að brýn nauðsyn standi til. Ég held að það sé orðið tímabært að taka til fullrar skoðunar hvort ekki sé orðið nauðsynlegt að binda hendur fjárveitingarvaldsins í stjórnarskrá. Hugmyndin sem ég hef verið að velta fyrir mér er hvort ekki sé hægt að koma sér saman um reglu sem kæmi í veg fyrir óþarfa skuldsetningu án þess að binda hendur fjárveitingarvaldsins um of. Það væri til að mynda hægt að hugsa sér að skuldsetning yfir ákveðnu hlutfalli þjóðarframleiðslu yrði einungis heimil ef brýna nauðsyn bæri til í þágu allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða að almannahagsmunir þess krefðust. Að auki væri hægt að hugsa sér að til þyrfti aukinn meirihluta Alþingis til samþykktar á skuldsetningu sem færi yfir tiltekið (hærra) hámark þjóðarframleiðslu ársins, eða áranna, á undan.

Vísir.is

**Vilhjálmur Þ. Á. Vilhjálmsson**

### Fréttamenn sofa hér og þar

Hafi Jóni Bjarnasyni verið hótað ráðherramissi, á hann að segja það sjálfur. Einskis virði eru fullyrðingar Ásmundar Daða Einarssonar um það. Hann sagði einu sinni, að sér hefði verið hótað í símboðum, en gat þó ekki sýnt boðin. Fjölmiðlar lepja vænisýki hans, tala ekki við Jón. Minnir á frétt sjónvarps um bóndann, sem var hissa á sæg geisladiska í vegköntum. Fréttamaðurinn kunni ekki fagið, aflaði ekki upplýsinga um, hvaða músík væri þar. Eiríkur Jónsson er eitt bezta fréttanef landsins og vakti athygli á þessu. Fórnardýr tónlistar vilja sjá lista yfir tíu efstu í brottkasti tónlistar á vegköntum.

Jonas.is

**Jónas Kristjánsson**



SPARIÐ 80.000

FULLT VERÐ: 179.950,-

**99.950,-**

SÓFASETT 3 + 2

**DAKOTA 3+2 sófasett**
Stílhreint og flott, brúnt sófasett með PELLISIMA leðri á frábæru verði!
2ja sæta: 170 x 90 x 88 sm.
3ja sæta: 208 x 90 x 88 sm.

# AÐEINS ÓDÝRARI!

TILBOÐIN GILDA 13.11-14.11



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

**995,-**

**MAJKA sængurverasett**
Skemmtilegt sængurverasett með stjörnum, frá KRONBORG LUX. Efni 100% þykk bómull. Tölur að neðan. St. 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.



40% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-

**2.995,-**

**THERMO LUX sæng og koddi**
Góð sæng, fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonmeðhöndluðum holtrefjum. Má þvo á 90°C. Sæng: 140 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.



**Jólastjarna með ljósum**
Falleg, upphengjanleg jólastjarna með ljósum. Með gulum perum. Stærð: 30 sm. Notist innandyra.

25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

**1.495,-**



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.995,-

**1.495,-**

**Baðvog**
Nett og stílhrein digital baðvog úr gleri. Hámarksþyngd: 150 kg. Frábært verð!



SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 79.950,-

**49.950,-**

VERÐ MEÐ DÝNUM OG BOTNUM

**PISA koja + 2 BASIC F30 dýnur + 2 botnar**
Falleg, hvítlökkuð koja sem hægt er að skipta í 2 sjálfstæð rúm. Stærð á koju: B98,5 (130 með stiga) x L209,5 x H176 sm. Dýnur og botnar fylgja með. Dýnustærð: 90 x 200 sm. Kojan fæst einnig í eikarlituðu.



**Verkfærasett með hjálmi**
Glæsilegt verkfærasett. 4 gerðir.

40% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.495,-

**1.495,-**



VERÐ ÁÐUR: 4.995,-

**2.995,-**

**Dúkkusett**
Flott dúkka, baðkar o.fl. aukahlutir.



50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.495,-

**749,-**

**Viðararinkubbar**
Fullur poki af góðum viðararinkubbum á frábæru verði!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



50% AFSLÁTTUR

**Hringform með loki**
Stærð: 26 sm.

VERÐ ÁÐUR: 1.995,-

**995,-**

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS




**TOLLI LANDSLAG HUGANS** GLÆSILEG LISTAVERKABÓK 250 BLS.
Í VERSLUNUM BÓNUS **kr. 4990.-**




**Gestgjafinn**
KÖKUBLAÐIÐ

**998 kr.**
blaðið um helgina í Bónus
Almennt verð !
1395 kr.




**598**
KR.600g
NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR 600G




Heimilisostur með
**25% afslætti**
*Merkt verð 1186 kr.kg*
**890 kr./kg.**




**498**
KR.200g
KÓKOSOLÍA 200g

**359**
KR. 1 kg
SPELTHVEIT FÍNT -GRÓFT 1 kg

**598**
KR. 425ml
AGAVE SÝRÓP 425ml

## SOLLU LÍFRÆNAR VÖRUR

## ÓDÝRUSTU *PIZZUNA* GERIR ÞÚ SJÁLFUR HEIMA !




FERSKT PIZZADEIG 400g **259 kr.**
PIZZU SKINKA 125g **98 kr.**

MACKINTOSH ***2 KG DÓS***
QUALITY STREET




**2798**
KR. 2 kg

BÓNUS
**KONFEKT 700g**




**998**
KR.700g

**PRÓFAÐU AÐ MATBÚA ÓSVIKIÐ ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE www.bonus.is/uppskriftir**




**798**
KR. kg
FERSKT BLANDAÐ HAKK

**159**
KR.1 kg
ES SPAGHETTI 1 KG.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS




1298 KR.kg

K.S FERSKT LAMBLÆRI

798 KR.kg

FROSINN LAMBABÓGUR




898 KR.kg

BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR

ALGJÖRT SÆLGÆTI




298 KR.500g




2598 KR.kg

FERSK NAUTASTEIK
**RIBEY**



268 KR.kg

KS HAUSTSLÁTRUN 2010
**LAMBASVIÐ FROSIN**




898 KR.kg

GRÍSAVEISLU FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

58 KRÓNA VERÐLÆKKUN




229 KR.kg

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g




Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**4FYRIR3**




759 KR.4x2 ltr

**4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX**




695 KR.4x2 ltr

BÓNUS APPELSÍN




169 KR.2 ltr

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

**AFGREIÐSLUTÍMI**
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# „…tillit til sérstöðu Íslands og væntinga…“

Ísland og ESB

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Við erum gæfusöm þjóð í gjöfulu landi. Á hverjum degi gefur Ísland okkur hreint vatn, græna orku, ferskan fisk og landbúnaðarafurðir í hæsta gæðaflokki. Auðlindir til lands og sjávar héldu lífinu í okkur gegnum aldirnar. Á tuttugustu öldinni lærðum við að nýta þær á sjálfbæran hátt og byggðum upp þróttmikið atvinnulíf. Skynsamleg og sjálfbær nýting auðlinda lands og sjávar, auk mannauðsins sem býr í okkur sjálfum, er lykillinn að framtíð Íslands.

Efasemdarmenn í Evrópumálunum hafa fullyrt að aðild að Evrópusambandinu fæli í sér afsal auðlinda, og að forræði yfir eigin auðlindum myndi færast til Brussel. Ekkert er fjarri sanni. Af hverju fullyrði ég það? Í fyrsta lagi eru lög Evrópusambandsins einkar skýr þegar kemur að auðlindum. Þar segir að eignarhald á t.d. vatns- og orkuauðlindum séu að fullu á forræði aðildarríkjanna. Þetta var undirstrikað í skriflegri yfirlýsingu sem Ísland lagði fram við upphaf samningaviðræðnanna í júlí sl. Þar segir orðrétt: „ESB getur ekki undir neinum kringumstæðum ákvarðað eignarhald á þessum auðlindum eða nýtingu þeirra umfram það sem er kveðið á um í umhverfisverndarreglum á hverjum tíma.“ Þetta er óumdeilanleg staðreynd og allt tal um afsal orku- eða vatnsauðlinda því orðin tóm.

Í öðru lagi þarf einungis að líta til reynslu annarra ríkja sem gengið hafa í ESB. Misstu Finnar yfirráðin yfir sinni miklu náttúruauðlind, skógunum? Nei. Misstu Bretar eða Hollendingar yfirráð yfir olíuauðlindum sínum í Norðursjó? Nei. Hefur ESB sölsað undir sig jarðvarmaauðlindir Ítala, Ungverja og Þjóðverja? Enn er svarið nei. Af þessu tilefni er ekki úr vegi að rifja upp orð græningjans og Evrópuþingmannsins Evu Joly, sem sagði afdráttarlaust að reglur Evrópusambandsins tryggðu Íslendingum auðlindir sínar.

> Evrópusamvinnan grundvallast á sameiginlegum hagsmunum, en ekki því að hinir sterku hafi hina veiku undir í baráttu um auðlindir

Staðreyndin er sú að það er vitaskuld ekki markmið Evrópusambandsins að sölsa undir sig auðlindir Íslands, eða aðildarríkja sinna, og koma íbúum þeirra á vonarvöl. Evrópusamvinnan grundvallast á sameiginlegum hagsmunum, en ekki því að hinir sterku hafi hina veiku undir í baráttu um auðlindir. Kenningin um að Ísland sé í umsátri Evrópusambandsins á ekki við rök að styðjast, og gildir einu hversu oft hún er endurtekin.

Ísland hefur meiri sérstöðu í sjávarútvegi en nokkur Evrópuþjóð. Hún felst meðal annars í afar þungu efnahagslegu mikilvægi greinarinnar fyrir Ísland, og þeirri staðreynd að efnahagslöggsaga okkar liggur ekki að lögsögu neins af ríkjum Evrópusambandsins. Á grundvelli sérstöðunnar mun samningasveit okkar leggja höfuðáherslu á að hagsmunir Íslendinga sem sjávarútvegsþjóðar verði í gadda slegnir í aðildarviðræðunum. Efalítið verða samningarnir um sjó erfiðastir. Menn ættu þá ekki að gleyma, að af Íslands hálfu fer saman traustur faglegur undirbúningur og festa þjóðar sem hefur gríðarmikla reynslu af erfiðum fiskveiðisamningum.

Gleymum því heldur ekki að Evrópusambandið hefur í fyrri stækkunarlotum sýnt vilja í verki til að koma til móts við sérstöðu nýrra aðildarríkja. Sambandið hefur nálgast þau með því sem Stefán Fule stækkunarstjóri lýsti fyrir skömmu í Fréttablaðinu sem „opnum huga og jákvæðni að lausnum…“ Í því samhengi er rétt að minna sérstaklega á þau orð stækkunarstjórans af sama tilefni, að Evrópusambandið myndi „…taka tillit til sérstöðu Íslands og væntinga“.

HITABLÁSARAR



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.490

Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
7.900

Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa
11.900

Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa
16.900

Olíu hitablásari. 28Kw
84.900



Rafmagnshitablásari 2Kw
1.995

Gas hitablásari 15Kw
18.900

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík- Flúðum
Vestmannaeyjum

Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Með puttann í rassvasann

Ferðaþjónusta

Þórir Garðarsson
markaðsstjóri Iceland Excursions



Það eru slæmar fréttir að fyrirhuguð aukning á áætlunarflugi Icelandair sé í uppnámi vegna hugmynda um hækkanir á farþega- og lendingargjöldum á Keflavíkurflugvelli.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir sérstökum aukalegum skatti á áfengi og tóbak sem selt er í Fríhöfninni. Samkvæmt fréttum treysta stjórnendur Flugstöðvarinnar sér ekki til að setja fyrirhugaðan skatt á áfengi og tóbak í Fríhöfninni af samkeppnisástæðum. Í staðinn eru þeir með hugmyndir um að ná í tilskyldar viðbótartekjur með því að hækka gjöld fyrir aðra þjónustu sem ekki er í samkeppni, svo sem lendingar- og farþegagjöld.

En hvar á þetta að stoppa? Hvað ætla menn að gera ef Ísland gengur í Evrópusambandið, þar sem tollfrjáls sala verður bönnuð. Við það yrði Fríhöfnin væntanlega af töluverðum tekjum. Megum við búast við stórum hækkunum á þjónustu Keflavíkurflugvallar vegna þess?

Við verðum að gera þá kröfu til fyrirtækja sem ekki eru í samkeppni, að aðhalds sé gætt í gjaldskrárhækkunum. Ekki er líðandi að tekjumissir úr einni rekstrareiningu sé bættur með gjaldskrárhækkunum í öðrum rekstrareiningum. Öll fyrirtæki þurfa að hagræða og finna nýjar leiðir til tekjuöflunar. Keflavíkurflugvöllur er stórt fyrirtæki sem hefur væntanlega ýmsa möguleika til hagræðingar og tekjuöflunar s.s með nýsköpun. Þar má t.d. benda á þá möguleika að hleypa að rekstraraðilum sem bjóða aukna þjónustu sem getur gefið tekjur fyrir Flugstöðina. Ef tekjuskerðing og aukinn kostnaður Flugstöðvarinnar næst ekki til baka með nýjum tekjustofni og/eða hagræðingu verður ríkisjóður, sem eigandi félagsins, að öðrum kosti að bæta upp tekjumissinn með peningum skattgreiðenda.

> Skattahækkun á ferðaþjónustuna er stórhættuleg þróun sem klárlega mun hafa áhrif á eftirspurn.

Ferðaþjónustan er að skila 155 milljörðum króna í gjaldeyristekjur á ári og væntingar eru um að þær tekjur aukist um a.m.k. 15 milljarða á næsta ári. Viljum við fórna þeim ávinningi með því að okra svo á ferðamönnum að þeir hætti við að koma hingað?

Fyrirhuguð aukning Icelandair í áætlunarflugi skapar 200 störf. Þar til viðbótar má áætla að viðbótarstörfum í ferðaþjónustu fjölgi verulega, auk betri nýtingar hjá ferðaþjónustufyrirtækjum hérlendis, sem bætir þar með afkomu þeirra. Viljum við fórna því?

Skattahækkun á ferðaþjónustuna er stórhættuleg þróun sem klárlega mun hafa áhrif á eftirspurn. Að kasta krónunni til að hirða aurana er léleg fjármálastjórnun.

Það er sársaukafullt til þess að hugsa að þegar búið er að tæma bæði hægri og vinstri vasana sjái fjármálaráðherra enga aðra leið en að troða klónum í þrönga rassvasa svo undan blæði.

Upplestur og jólagleði
í Bókabúð Máls og menningar

Kl. 14:00

Þorgrímur Þráinsson les úr nýjum bókum sínum, *Ertu guð afi ?* og *Þokunni*.



Þorgrímur Þráinsson



Kl. 15:00

Jólavörur Unicef eru komnar í Bókabúð Máls og menningar. Léttar veitingar á boðstólum og allir velkomnir.

Jólakúlan 2010
2.900 kr.
unicef

Opið til 22:00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

# Þjónusta Frumherja við OR

Orkuveita R.víkur

Orri Hlöðversson
framkvæmdastjóri Frumhverja



Í fjölmiðlaumræðu að undanförnu hafa kaup Frumherja og rekstur á orkumælum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur verið gerð tortryggileg. Í því ljósi er rétt að fara yfir tildrög þess að Frumherji gerði tilboð í kaup og rekstur orkumælanna á sínum tíma. Samningar þeir sem gerðir hafa verið um prófun og skráningu mælanna voru gerðir áður en núverandi eigendur eignuðust Frumherja.

Á árinu 2000 var tekin sú ákvörðun hjá Orkuveitu Reykjavíkur að bjóða út sölu á svokölluðum mælaprófunarstofum Orkuveitunnar. Samhliða var ákveðið að bjóða út samning um prófun og skráningu mæla og loks var ákveðið að selja allan mælaflota Orkuveitunnar til óháðs aðila sem jafnframt átti að sjá um þjónustu og viðhald mælanna.

Með því að flytja ábyrgð á orkumælingum alfarið til óháðs aðila taldi Orkuveitan sig loks geta uppfyllt allar kröfur sem fram komu í lögum um mál, vog og faggildingu (nr.100/1992) um hlutleysi mælinga. Þá fullyrtu stjórnendur Orkuveitunnar á þessum tíma að í verkefninu fælist sparnaður fyrir Orkuveituna.

Verkefnið var í kjölfarið boðið út. Allmargir aðilar tóku þátt í útboðinu en Frumherji bauð lægsta verðið í þjónustuna og hæsta verðið fyrir mæla Orkuveitunnar. Frá árinu 2001 hefur því verið í gildi samningur á milli Frumherja og Orkuveitu Reykjavíkur þar sem Frumherji tekur að sér umsýslu mæla veitunnar á líftíma þeirra frá innkaupum til förgunar. Fyrir hinn almenna notanda hafði samningurinn enga breytingu í för með sér enda samskipti hans vegna mælanna áfram alfarið við Orkuveituna.

Stór hluti starfsmanna Orkuveitunnar sem störfuðu við prófanir, viðgerðir, lagerhald og mælavinnu hjá Orkuveitunni réð sig til Frumherja eftir breytinguna. Þeir sem ekki eru hættir vegna aldurs starfa þar flestir enn. Nokkur smærri veitufyrirtæki hafa á undanförnum árum fetað í fótspor Orkuveitunnar og nýtt sér þjónustu Frumherja við orkumælingar með það m.a. að markmiði að uppfylla ákvæði laga.

Orkuveitan bauð verkefnið út að nýju snemma árs 2007. Þrír aðilar buðu nú í verkið og aftur átti Frumherji lægsta tilboðið sem hljóðaði upp á 70% af kostnaðaráætlun. Önnur tilboð voru 50-100% hærri en tilboð Frumherja.

Eins og áður sagði áttu bæði þessi útboð sér stað áður en núverandi eigendur félagsins keyptu það í kjölfar sölumeðferðar hjá Glitni árið 2007. Því má bæta við að hingað til hafa núverandi eigendur Frumherja ekki tekið arð út úr félaginu og þ.a.l. ekki haft fjárhagslegan ávinning af Orkuveituverkefninu eða annarri starfsemi fyrirtækisins.

Þegar fjallað er um rekstur er mikilvægt að horft sé til jafns á rekstrartekjur og rekstrargjöld. Það hefur ekki verið gert í umfjöllun fjölmiðla um verkefnið upp á síðkastið. Á móti þeim tekjum sem Frumherji hefur af verkefninu þarf fyrirtækið vitanlega að standa straum af rekstrargjöldum.

T.d. starfa 12-13 tæknimenn við verkefnið á ársgrundvelli við uppsetningu og niðurtektir mæla og aðra umsýslu. Þá er líftími mælanna skilgreindur í opinberum reglum og endurnýjunarþörf mælasafns Frumherja er mörg þúsund mælar á ári. Fyrirtækið kaupir því á hverju ári mæla erlendis frá fyrir marga tugi milljóna króna og setur upp hjá neytendum. Upphaflegt kaupverð mælanna endurspeglar því einungis lítinn hluta þeirra fjármuna sem Frumherji kostar til verkefnisins á samningstímanum.

Hjá Frumherja starfa á annað hundrað einstaklinga um allt land á hinum ýmsu sviðum eftirlits, mælana og prófana. Þeir hafa með störfum sínum og faglegri nálgun í gegnum árin áunnið sér verðskuldað traust viðskiptavina fyrirtækisins. Í ljósi þess er fyrirtækinu mikilvægt að fjallað sé um verkefni þess af þekkingu og sanngirni í fjölmiðlum.




# Til hamingju Ísland!



- engin transfita í Stjörnupoppi
- engin transfita í Stjörnusnakki
- mun hollara en frá erlendum framleiðendum
- engin hert fita
- 30% minni fita en í kartöfluflögum
- þess vegna segjum við Til hamingju Ísland!

**Í tilefni af umræðu um herta fitu í matvælum viljum við minna á að það er engin hert fita og engin transfita í framleiðsluvörum Iðnmarks og hefur ekki verið í 20 ár.**




www.snakk.is

# Skref í átt að betri heilsu

Transfitusýrur

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

aðstoðarmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Síðastliðna daga hafa transfitusýrur í matvælum og áhrif þeirra á heilsu neytenda verið mikið til umræðu í kjölfar mælinga danska læknisins Steen Stender á magni transfitusýra í matvælum hérlendis. Að öðrum ólöstuðum er líklega hægt að segja að Stender sé sá sem hvað ötulast hefur unnið að því að vekja almenning til vitundar um áhrif neyslu á transfitusýrum á heilsu manna. Í byrjun tíunda áratugarins komu fyrstu upplýsingar um skaðleg áhrif transfitusýra á heilsu fólks og Stender, þá formaður manneldisráðs í Danmörku, beitti sér fyrir því að transfitusýrur væru bannaðar í matvælum þar í landi, með lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi. Það var þó ekki fyrr en áratug síðar að markmiðið náðist og Danir settu reglugerð sem bannaði matvæli sem innihéldu hærra magn af transfitusýrum en sem nemur tveimur grömmum í hverjum 100 grömmum af fitu, þá fyrstir þjóða.

Transfitusýrur eru ákveðin gerð harðrar/hertrar fitu sem getur verið í matvælum frá náttúrunnar hendi en mun algengara er að transfitusýrur hafi myndast við meðhöndlun eða vinnslu fitu eða við mög háan hita í steikingu. Algengast er að transfitusýrur myndist þegar ómettuð fita er hert að hluta, til að hún henti betur til matvælaiðnaðar. Ástæða þess að þessi herta fita varð svo vinsæl í matvælaiðnaðinum var sú að þær eru einfaldar og ódýrar í framleiðslu og notkun, gefa matvælum eftirsóknarvert bragð og útlit og endast lengi. Sem dæmi má nefna að þessi fita hentaði vel til djúpsteikingar þar sem hægt var að nota sömu fituna oft áður en henni var fargað.

Það eru því helst matvæli s.s. djúpsteiktur skyndibiti, kex, kökur, örbylgjupopp o.s.frv. sem mest hætta er á að innihaldi óhóflegt magn af transfitusýrum og áhyggjuefni að þetta eru einmitt matvæli sem gjarnan eru vinsæl hjá yngri kynslóðinni.

> Í flestum tilfellum er hægt að skipta fitu sem inniheldur transfitusýrur út

Hér á landi hefur neysla á transfitusýrum minnkað til muna frá því að fyrst voru gerðar mælingar á slíku en þrátt fyrir það neyttu Íslendingar að meðaltali 3,5 g af transfitusýrum á dag, samkvæmt landskönnun 2002. Samsvarði það um 1,4% af orkuinntöku en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setur sem viðmið að neysla á transfitusýrum sé minni en 1% af orkuinntöku og fari ekki yfir tvö grömm á dag.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta og æðasjúkdómum meira en neysla annarrar harðrar fitu en við neyslu á transfitusýrum hækkar hlutfall óæskilegrar blóðfitu (slæmt kólesteról) og jafnframt lækkar hlutfall jákvæðrar blóðfitu (gott kólesteról). Talið er að fimm grömm af transfitusýrum geti aukið hættu á hjarta og æðasjúkdómum um 25%.

Eins og fram kemur hér að ofan voru Danir fyrstir til að banna transfitusýrur í matvælum en nú hafa fleiri fylgt í kjölfarið s.s. Sviss og Austurríki sem hafa einnig farið þessa leið. Ýmis fylki í Bandaríkjunum hafa sett reglur um transfitusýrur í matvælum. New York og Kalifornía hafa gengið lengst og bannað að matvæli sem innihalda transfitusýrur séu notuð við matseld á veitingastöðum. Aukinn þrýstingur er af hálfu neytenda víða um heim að ráðamenn grípi til sams konar aðgerða en þar takast væntanlega á sjónarmið neytenda og hagsmunasjónarmið iðnaðarins sem telja slíkt íþyngjandi. Það er þó svo að í flestum tilfellum er hægt að skipta fitu sem inniheldur transfitusýrur út fyrir aðra æskilegri fitu eins og berlega sést hjá þeim matvælaframleiðendum sem nú þegar hafa brugðist við og bjóða transfitu-frí matvæli.

Það má því segja að barátta Stender og samstarfsmanna hans fyrir betri lýðheilsu sé farin að skila sér víða og á þar líklega vel við hin margnotaða líking um litlu þúfuna og þunga hlassið. Það ber því að fagna því að hér á landi skuli nú hafa verið tekið af skarið varðandi þetta mál og skref tekið í átt til betri lýðheilsu.




# Sameining háskóla

Háskólar

Vífill Karlsson

hagfræðingur



Borgfirðingar vöknuðu upp við vondan draum í síðastliðinni viku þegar tilkynning kom í fjölmiðlum um að það merka skólastarf sem haldið hefur verið uppi á Bifröst síðan 1955 yrði skorið niður við trog. Að vísu voru framtíðaráform Bifrastar áframhaldandi starfræksla frumgreinadeildar og námskeiðahalds en allt háskólanám yrði flutt til Reykjavíkur.

Fyrir rúmum 15 árum tók Kennaraháskólinn við merkri arfleifð húsmæðraskólans að Varmalandi með sams konar áform í huga. Sú starfsemi komst varla af stað að heitið gæti og fjaraði fljótt út. Þá gefur saga sameininga hérlendis ekki tilefni til bjartsýni fyrir hönd Bifrastar ef sameining af þessu tagi yrði ofan á. Bent skal á að Borgfirðingar hafa mikla reynslu af því að horfa á eftir fyrirtækjum sínum fluttum á brott undanfarið í nafni hagræðingar, án þess að sýnt hafi verið fram á að hún hafi náðst í öllum tilfellum. Þar má nefna nokkra framhaldsskóla, stórt mjólkursamlag, sláturhús, kjötvinnslu og fjölda opinberra starfa svo eitthvað sé nefnt.

Á dögunum kom forsætisráðherra í fjölmiðla og boðaði aðgerðir til nýsköpunar um land allt. Viku seinna tók menntamálaráðherra vel í ofangreindar sameiningarhugmyndir Bifrastar og HR. Stofnun háskóla í Bifröst er sennilega eitt merkilegasta framtak í nýsköpun á landsbyggðinni síðastliðin ár. Ef háskólar eru vel tengdir atvinnulífinu hafa þeir tilhneigingu til að ýta undir nýsköpun. Almennt er talið heillavænlegast að efla nýsköpun og samþættingu atvinnulífs og skóla í gegnum þróunarsetur sem eru aðallega studd af raungreinum, eðlisfræði, verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði og listgreinum. Á þessu líkani byggja alkunn þróunarsetur eins og í Silicon Valley í Bandaríkjunum og í Finnlandi.

Að vísu hefði mátt gera miklu betur í þessum efnum varðandi Bifröst en ef háskólanámið fer er þessi möguleiki algerlega úr sögunni. Ekki yrði hægt að hrinda í framkvæmd einni af þremur atkvæðamestu tillögum sóknaráætlunar 20/20 sem stjórnvöld hafa fyrir landshlutann og gekk út á að stórefla samstarf atvinnulífs og skóla í gegnum þróunarsetur og iðngarða.

> Stofnun háskóla í Bifröst er sennilega eitt merkilegasta framtak í nýsköpun á landsbyggðinni síðastliðin ár.

Nú er vinsælt að leita fyrirmynda á Norðurlöndunum. Háskólum er dreift þar, gagngert til að efla grunngerð alls landsins. Finnar náðu að spyrna sér með nýsköpun út úr sinni kreppu í gegnum menntakerfið. Danir sameinuðu sex háskóla árið 2007 í Syd-Dansk Universitet og einn þeirra var staðsettur í Kaupmannahöfn. Það var gert án þess hrófla við starfstöðvunum í Esbjerg, Óðinsvéum, Sönderborg, Slagelse og Kolding. Það er greinilegt að háskólanum er ætlað að standa vörð um háskólastarf utan höfuðborgarsvæðis þeirra Dana. Hvers vegna stuðla stjórnvöld ekki að því að sameina háskóla á landsbyggðinni hérlendis í þeim tilgangi að hagræða, og jafnframt efla hverja starfstöð, í stað þess að leggja þær niður?

# Strætó ætlar að gera enn betur

Strætó

Reynir Jónsson

framkvæmdastjóri Strætó



Veruleg fækkun hefur orðið á umferðaróhöppum hjá Strætó bs. á umliðnum árum. Sérstakt forvarnarverkefni Strætó í samstarfi við VÍS á sinn þátt í þeim árangri sem náðst hefur en það hófst í byrjun árs 2008 og er enn í gangi. Markmið þess er að fækka slysum og stuðla að auknu öryggi vegfarenda. Þótt árangurinn fram til þessa sé uppörvandi fyrir Strætó ætlum við engu að síður að gera enn betur.

Öryggisdagar Strætó og VÍS eru liður í forvarnarverkefninu. Þeir hófust mánudaginn 18. október síðastliðinn og munu standa yfir í sex vikur, til sunnudags 28. nóvember. Með Öryggisdögum er forvarnarverkefnið útvíkkað, því allir þátttakendur í umferðinni eru hvattir til að sýna aðgát, tillitssemi og ábyrga hegðun á götum úti og taka þannig þátt í því með okkur að auka öryggi allra í umferðinni.

> Nú fer í hönd sá árstími sem alla jafna er hvað erfiðastur í umferðinni.

**Mikið í húfi**

Tölur frá Umferðarstofu sýna að nú fer í hönd sá árstími sem alla jafna er hvað erfiðastur í umferðinni. Það má vissulega aldrei slaka á þegar kemur að umferðaröryggi, en þegar veturinn gengur í garð þurfum við að vera sérstaklega á varðbergi, sýna fyllstu aðgát og tillitssemi. Það er mikið í húfi.

Reynsla okkar hjá Strætó sýnir að það er hægt að fækka óhöppum í umferðinni ef ráðist er í verkefnið með skipulögðum hætti. Á árinu 2006 voru tjón Strætó í umferðinni 304 talsins og fækkaði í 297 árið eftir. Árið 2008 hófst forvarnarstarfið með VÍS og árangurinn lét ekki á sér standa, því slysum fækkaði í 268. Stóra stökkið kom svo 2009, því fjöldi tjóna hjá Strætó fór þá niður í 197. Frá 2006 til 2009 fækkaði tjónum því um 35% og munar um minna, hvort sem litið er til slysa á fólki eða eignatjóni. En við erum ekki hætt og ætlum að gera enn betur. Það sem af er þessu ári gefur vonir um að það muni takast.

Við sem störfum hjá Strætó höfum sýnt gott fordæmi í umferðinni – og vagnstjórarnir okkar eiga heiður skilinn fyrir árangurinn síðustu ár. En ef við getum náð jafn góðum árangri og raun ber vitni þá geta aðrir það einnig. Til þess eru einmitt Öryggisdagarnir – að hvetja alla vegfarendur til að sýna aðgát, tillitssemi og ábyrga hegðun, ekki bara fram til 28. nóvember, heldur alla daga ársins. Alltaf. Þannig næst árangur

Við hjá Strætó ætlum að sýna gott fordæmi í umferðinni. Ertu með?

Alþjóðleg athafnavika á Íslandi
15.–21. nóv. 2010
www.athafnavika.is



# HR Í ALÞJÓÐLEGRI ATHAFNAVIKU

## FÖGNUM ALÞJÓÐLEGRI ATHAFNAVIKU – TÖKUM VIRKAN ÞÁTT Í FJÖLBREYTTUM VIÐBURÐUM VIKUNNAR

### MÁNUDAGUR 15. NÓVEMBER

**DÝRMÆTASTA LEXÍAN – FRÁ HUGMYND TIL FRAMKVÆMDAR** | **Stund:** Kl. 12:00–13:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Fönix 1.
- **Jóhannes Loftsson** – frumkvöðull og handhafi Fræs ársins 2010.
- **Unnur Guðrún Pálsdóttir** – frumkvöðull og framkvæmdastjóri Happ ehf.
- **Margrét Pála Ólafsdóttir** – frumkvöðull og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.
- **Hilmar Veigar Pétursson** – frumkvöðull og framkvæmdastjóri CCP.

Fundarstjóri: **Friðrik Már Baldursson**, forseti viðskiptadeildar HR.

### ÞRIÐJUDAGUR 16. NÓVEMBER

**Í FJÖTRUM HNEIGÐANNA** | **Stund:** Kl. 12:00–13:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Betelgás.
- Einkenni við myndun eignabólu. **Már W. Mixa**, doktorsnemi við viðskiptadeild HR og stundakennari við skólann.
- Viðbrögð stjórnenda skömmu áður en bólan springur. **Guðrún Johnsen**, lektor við viðskiptadeild HR.

Fundarstjóri: **Haukur Freyr Gylfason**, aðjúnkt við viðskiptadeild HR.

**STELPU-STARTUP** | **Stund:** Kl. 20:00. **Staður:** Hugmyndahús háskólanna, Grandagarði 2.

### MIÐVIKUDAGUR 17. NÓVEMBER

**AÐ BREYTA GÖGNUM Í UPPLÝSINGAR** | **Stund:** Kl. 12:00–13:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Bellatrix.
**Hjálmar Gislason**, frumkvöðull og framkvæmdastjóri Datamarket, fjallar um möguleika gagnasafnsins, gagnadrifna ákvarðanatöku, stöðu opinberra gagna og sýnir nokkur dæmi um áhugaverða hluti sem lesa má úr gögnum og veita nýja sýn á samfélagið og heiminn sem við búum í.

**NÝSKÖPUN OG SJÁLFBÆRNI** | **Stund:** 9:00–15:00. **Staður:** Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík. **Verð:** Kr. 29.500.
**Rögnvaldur J. Sæmundsson**, dósent við viðskiptadeild HR, fjallar um hvernig koma má auga á tækifæri, hvernig tækifæri er flutt af hugmyndastigi á þróunarstig, stjórnun nýrrar þróunar, og loks hvernig nýrri þróun er komið á framfæri í formi nýs vöru- eða þjónustuframboðs. Sérstök áhersla verður lögð á þau tækifæri sem felast í aukinni áherslu á sjálfbærni og hvernig unnið er að slíkri nýsköpun á árangursríkan hátt.

### FIMMTUDAGUR 18. NÓVEMBER

**NÝSKÖPUN Í ORKUGEIRANUM** | **Stund:** Kl. 12:00–13:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Fönix 1.
Háskólinn í Reykjavík, Innovit og Landsvirkjun bjóða til hádegisfundarins.
- Áhrif loftslagsbreytinga á rennsli og nýtingu virkjana. **Óli Grétar Blöndal Sveinsson**, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar.
- Vindorka: Möguleikar á Íslandi. **Úlfar Linnet**, sérfræðingur í orkuathugunum hjá Landsvirkjun.
- Sæstrengur til Evrópu. **Edvard G. Guðnason**, deildarstjóri sölu- og markaðsdeildar Landsvirkjunar.
- Háspennulínumöstur – ný form – ný efni. **Eyþór Rafn Þórhallsson**, dósent við HR.

Fundarstjóri: **Gunnar Guðni Tómasson**, forseti tækni- og verkfræðideildar HR.

### FÖSTUDAGUR 19. NÓVEMBER

**AFBURÐANEMENDUR – SKAPANDI EINSTAKLINGAR** | **Stund:** Kl. 15:00–16:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Fönix 1.
Áhrif kennara, kennsluaðferða og umgjarðar náms á nemendur.
- Háskóli, staður vaxtar og tækifæra. **Ari K. Jónsson**, rektor HR.
- Afburðaárangur í námi – hvað þarf til? Niðurstöður nýlegrar rannsóknar. **Lóa Hrönn Harðardóttir**, náms- og starfsráðgjafi hjá HR.
- Aperio – sérsniðið nám fyrir einstaklinga sem skara fram úr. **Kristinn R. Þórisson**, dósent við HR og umsjónarmaður Aperio.
- Að skapa... að þora... **Gunnar Steinn Valgarðsson**, Aperio-nemi.

Fundarstjóri: **Steinn Jóhannsson**, forstöðumaður kennslusviðs HR.

**VIÐSKIPTASMIÐJA KLAKSINS – OPIÐ HÚS** | **Stund:** Kl. 12:00–16:00. **Staður:** Klak nýsköpunarmiðstöð, Ofanleiti 2, 4. hæð.

Sjá nánar á:
www.athafnavika.is
www.hr.is/athafnavika

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

*Hagstæðara verð í Lindum*



# Frábær tilboð í öllum verslunum!

## INTERSPORT

Opið virka daga til kl. 19:00
og helgar til 18:00



14.990



7.990

*Allir Etnies götuskór á 7.990. Fullt verð: 14.990-19.990. Herrastærðir.*

*NIKE W DOWN JACKET*
*Dúnúlpa. Dömustærðir.*
***Tilboð:** 35% afsláttur*
*14.990. Fullt verð: 22.990*



12.990

*MCKINLEY FERNIE JACKET*
*Vindheld úlpa með 5.000 mm vatnsheldni.*
*Fóðrið er flíspeysa sem hægt er að nota sér.*
*Herrastærðir.*
***Tilboð:** 48% afsláttur*
*12.990. Fullt verð: 24.990*

*MCKINLEY CRESTONE AQ*
*Gönguskór með vatnsheldri AQUA MAX öndunarfilmu. Dömu- og herrastærðir.*
***Tilboð:** 20% afsláttur*
*14.390. Fullt verð: 17.990*



14.390

*NIKE LONGER LENGTH*
*Síð hettupeysa úr bómull.*
*Dömustærðir.*
***Tilboð:** 46% afsláttur*
*6.990. Fullt verð: 12.990*



6.990

## KRÓNAN

Opið alla daga til kl. 20:00

## KYNNINGAR

*Grísakótilettur, lúxus, beinlausar*
***Tilboð:** 999 kr./kg Verð áður: 1.998*

*Allra súkkulaðibitakökur og vanilluhringir*
***Tilboð:** 495 kr./pk.*

*Allra pipardropar og piparkökur*
***Tilboð:** 295 kr./pk.*

*Allra suðusúkkulaði, 70%*
***Tilboð:** 195 kr./pk.*

*Egils Orka, 0,5 l*
***Tilboð:** 89 kr./pk. Verð áður: 119*

*Sprite Zero, 0,5 l*
***Tilboð:** 89 kr./pk. Verð áður: 124*

*Vífilfell Hátíðarappelsín, 2 l*
***Tilboð:** 169 kr./stk.*

*Stútfullar verslanir af frábærum tilboðum!*



*Grísalundir*
***Tilboð:** 1.299 kr./kg*
*Verð áður: 2.598*

**50% afsláttur**

## ELKO

Opið virka daga til kl. 19:00
og helgar til 18:00

**Nýtt kortatímabil**

**Canon**

Bleksprautuprentari, IP2700. Flottur prentari sem tengist við tölvu með USB, upplausn 4800x1200 dpi. Mjög einfaldur í allri notkun.



5.995



79.995



2.495
hver sería

**DVD**
Næturvaktin, Dagvaktin og Fangavaktin.



1.495

**KÖNIG**
Nuddkoddi, **HCPL10**. Mjúkur og þægilegur koddi sem lagar sig að líkamanum. Eykur blóðflæðið og er með mismunandi nuddkerfi.



1.995

**KÖNIG**
FM útvarpssendir fyrir MP3 spilara. **MP3FMTRANS40**. Með USB tengi og SD kortalesara. Tengist við hvaða spilara sem er svo lengi sem hann er með mini jack 3,5 mm. Góður fyrir ferðalögin í bílnum, tengist í sígarettukveikjarann. Tíðnisvið frá 87,9 til 107,9MHz. Með LCD skjá sem sýnir tíðnina.

32" HD ready HDMI

**Panasonic**
32" LCD sjónvarp, **TXL32C2E**. Stílhreint tæki með upplausn 1366x768, skerpu 20.000:1 og viðbragðstíma 8ms. Tækið er með stafrænan móttakara sem gefur skýra mynd og eru tengimöguleikar eftirfarandi: HDMI, Scart, Component og USB.



995

**vivanco**
Vasaljós, **22992VIV**.
Þrjú flott vasaljós í pakka. Gúmmíklædd handföng. Rafhlöður fylgja.

EXPO • www.expo.is

Laugardagur 13. nóv. 2010

FRÁBÆR TILBOÐ



# NÓVEMBER FESTIVAL

## LINDUM KÓPAVOGI

## Í DAG, LAUGARDAG




**Estrella snakk**
kynning frá kl. 14-18

**Tilboð:**
299 kr
áður kr. 449




**Karamellu ostakaka**
Kynning frá kl. 14-17




**Konfekt frá Nóa Síríus**
Kynning í dag

# Engin eftirsjá að þessu spillta kerfi

Í nýútkominni ævisögu Gunnars Thoroddsen dregur **Guðni Th. Jóhannesson** upp mynd af metnaðarfullum en breyskum stjórnmálamanni sem vildi vel en tilheyrði spilltu stjórnmálakerfi. ***Bergsteinn Sigurðsson*** ræddi við Guðna um Gunnar, samtímasögu Íslands og spillinguna, uppsögnina við Háskólann í Reykjavík og bókina sem hann skrifaði í óþökk Kára Stefánssonar.

Eftir að hafa varið sex árum í ritun ævisögu Gunnars Thoroddsen forsætisráðherra, sem fyllir sex hundruð síður, er ekki laust við að Guðna Th. Jóhannessyni fallist hendur þegar hann er beðinn um að draga upp einfalda mynd af manninum í örfáum setningum. Hann að minnsta kosti dæsir og hugsar sig um.

„Gunnar var sympatískur maður,“ segir hann. „Listamaður, hann hafði þennan listræna streng og hefði eflaust getað náð fram á því sviði og var til dæmis mjög músíkalskur. Hann vildi vel en var ekki gallalaus, frekar en við hin, og það var kannski það sem maður einsetti sér að gera; að draga upp mynd af Gunnari í heild sinni. Ekki búa til einhverja glansmynd, heldur reyna að sýna lesandanum hvernig hann var í sigrum jafnt sem ósigrum. Ég kynntist Gunnari aldrei, ég var barn að aldri þegar hann var á sínum endaspretti í stjórnmálum og sínu lífi. Ég varð því að kynnast honum alveg frá byrjun þegar ég byrjaði á þessu verki.“



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Eftir því sem ég kynntist manninum betur því betur kunni ég við hann. En að sama skapi hafði ég ávallt þann fyrirvara að vera krítískur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Dagbækurnar opnuðu nýja vídd

Þegar Guðni var fenginn til verksins af fjölskyldu Gunnars 2004, var hann staðráðinn í að skrifa „massíva“ bók, eins og títt er í Bretlandi og Bandaríkjunum þegar ævisögur eru skrifaðar. Fyrirfram bjóst hann við að þurfa að byggja bókina nær alfarið á þingtíðindum, dagblaðagreinum og viðtölum við þá sem þekktu Gunnar.

„Þá hafði ég ekki hugmynd um að þegar ég færi inn í geymsluna í íbúð Völu heitinnar, ekkju Gunnars, myndu bíða mín heilu hillurnar af kössum með dagbókum, bréfum og minnisblöðum, þar sem Gunnar hafði skráð sínar innstu hugsanir, markmið, vonbrigði og breyskleika. Þetta gerði að verkum að maður fékk miklu meiri innsýn í hugarheim mannsins en ég hafði búist við og verkið fékk nýja og dýpri vídd. Það er í sjálfu sér auðvelt að raða saman myndum úr pólitískum ferli einstaklings, þar sem eitt leiðir af öðru, en þessi nýja persónulega vídd gerði verkið miklu vandasamara en um leið miklu skemmtilegra.“

Dagbókina notaði Gunnar sér til sáluhjálpar, til skipulags og síðast en ekki síst til að safna í sarpinn fyrir sjálfsævisöguna sem hann ætlaði ávallt að rita en entist ekki aldur til. „Svo kemur einhver sagnfræðingur á eftir og fær aðgang að hans innri manni,“ segir Guðni. „Ef Gunnar hefði skrifað sína eigin ævisögu eins og hann sá hana fyrir sér held ég að hún hefði verið allt öðruvísi. Menn eru ekki dómarar í eigin sök og hann hefði ekki verið jafn gagnrýninn í sinni opinberu ævisögu og hann var í dagbókunum. Hann var miklu meiri stjórnmálamaður en svo. Slík ævisaga hefði líkst flestum ævisögum annarra stjórnmálamanna, þar sem tilgangurinn er að reisa bautastein um manninn. Gunnar hefur eflaust séð slíkt verk fyrir sér.“

### Eina pressan kom frá mér sjálfum

Guðni ákvað að draga ekkert undan við ritun bókarinnar og fjallar meðal annars opinskátt um áfengisvanda Gunnars og fyrirgreiðslupólitíkina sem hann tók virkan þátt í. Hann segir að blessunarlega hafi hvorki fjölskylda Gunnars né útgefandinn sett honum neinar skorður.

„Það var frekar að ég hafði sjálfur áhyggjur af því að ganga of nærri sögupersónunni og valda sárindum. En sú pressa kom alfarið frá sjálfum mér, ekki ættingjunum. Mér finnst þeirra afstaða hafa verið aðdáunarverð því auðvitað hefði verið hægur leikur að ráða einhvern til svona verks með ákveðnum skilyrðum um efnistök, yfirlestur og kröfu um leiðréttingar, sem eflaust gerist. En því var ekki að heilsa þarna. Ég held líka að minningu Gunnars sé meiri sómi sýndur með því að sýna hann í öllu sínu veldi, í andbyr jafnt sem mótbyr. Allt annað hættir að verða trúverðugt.“

Hann segir að þrátt fyrir eigin áhyggjur af umgengni við sögupersónuna, hafi engum bitastæðum atriðum úr lífi Gunnars verið haldið utan bókarinnar.

„Nei, alls ekki. En það var heldur ekki tilgangurinn að reyna að búa til einhverja „sensasjón“. Lýsing á breyskleika manna á að mínu mati bara erindi í ævisögu þeirra ef hennar er þörf til að skilja karakterinn.“

> Ég held að það sé bráðnauðsynlegt núna, þegar þjóðin er í þessu mikla uppgjöri eftir hrun, að líta lengra til baka en til allra síðustu ára.

Guðni bætir við að ævisöguritarar eigi heldur ekki að taka að sér verk ef þeir hafa andúð á söguhetjunni.

„Það þýðir ekki að skrifa ævisögu um einhvern sem manni er beilínis illa við. Maður verður að hafa samúð og í tilfelli Gunnars var það auðvelt. Eftir því sem ég kynntist manninum betur því betur kunni ég við hann. En að sama skapi hafði ég ávallt þann fyrirvara að vera krítískur. Það er enginn fengur að því að skrifa 600 síðna minningargrein. Honum væri enginn sómi sýndur með því, lesendur væru sviknir og sjálfur væri maður alltaf óánægður með slíka bók.“

### Ekki dauðasynd að kljúfa flokk

Þrátt fyrir hálfrar aldar langan feril í stjórnmálum er Gunnars Thoroddsen helst minnst sem mannsins sem klauf Sjálfstæðisflokkinn. Það fyrirgáfu margir seint, sumir aldrei.

„Ég man vel eftir fundi fyrir nokkrum árum þegar þáverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins reis upp og sagði með nokkrum þjósti: „það sem Gunnar gerði er geymt en ekki gleymt.“ Þá var liðinn aldarfjórðungur frá því að Gunnar myndaði sína ríkisstjórn. En sem betur fer færðist ró yfir sviðið og menn sjá að þetta er „afstæður leikur“ svo ég vitni í Matthías Johannessen. Þegar öldurnar lægir sjá menn að það sem þeir voru vissir um í hita leiksins var kannski ekki hin eina rétta skoðun.

Ég held að það sé sérstaklega mikilvægt í ljósi hrunsins og þeirrar endurskoðunar sem þarf að eiga sér stað, að fólk geri sér grein fyrir að það er engin dauðasynd að kljúfa stjórnmálaflokk. Sagan á bakvið stjórnarmyndun Gunnars Thoroddsen er miklu flóknari en svo að það sé hægt að lýsa henni með orðunum „Gunnar sveik,“ eða „Gunnar klauf,“ sem var gryfja sem til dæmis Morgunblaðið komst seint og illa upp úr. En það má heldur ekki gleyma því að eftir að Gunnar myndaði sína ríkisstjórn fór mikil hrifningaralda yfir landið; það var útbreidd ánægja með það, jafnvel innan Sjálfstæðisflokksins þar sem margir töldu hann hafa sýnt áræði og þor sem forystuna skorti.“

### Fyrirmynd að nýju samfélagi ekki að finna í áratugunum eftir stríð

Í bókinni er veitt innsýn í spillingu og fyrirgreiðslupólitíkinni sem var ríkjandi á Íslandi áratugum saman lýst. Guðni segir að vissulega hafi Gunnar verið partur af því kerfi.

„Gunnar var áhrifamaður í íslenskum stjórnmálum í hálfa öld og saga hans er öðrum þræði stjórnmálasaga Íslands á því tímabili. Á þessum tíma er við lýði kerfi þar sem flokksræðið er geysisterkt. Efnahagurinn var bundinn í viðjar alls kyns hafta og fyrirgreiðslu og menn í áhrifastöðu í stjórnmálum voru handhafar mikils valds. Þetta sýndi sig í því að flokkarnir hygluðu sínum mönnum og það var beinlínis ætlast til þess. Stjórnmálamenn fengu ábendingar um að þessi ágæti flokksmaður væri að leita að íbúð eða þennan vantaði vinnu og greiddu götu þeirra. Það má auðvitað ekki mála þetta tímabil of svörtum litum, velmegun jókst jú yfir heildina, en til að verða sér úti um lán til að geta byggt sér stærra húsnæði, svo dæmi sé tekið, þurftu menn að tala við bankastjóra í réttum flokki. Svona virkaði þetta bara. Gunnar var hvorki betri né verri en aðrir stjórnmálmenn að þessu leyti; hann var hluti af þessu kerfi og stórt tannhjól í því lengi vel.

Ég held að það sé bráðnauðsynlegt núna, þegar þjóðin er í þessu mikla uppgjöri eftir hrun, að líta lengra til baka en til allra síðustu ára. Ef markmiðið er – sem það hlýtur að vera – að búa til betra samfélag en þetta ofboðslega neyslu- og gróðasamfélag sem var hér síðustu árin fyrir hrun, þá er ekki góða fyrirmynd að finna í áratugunum eftir stríð og fram til hruns. Mönnum hættir stundum til að sjá þau ár í einhverjum ljóma en þetta var samfélag þar sem flokkarnir og stjórnmálamennirnir réðu alltof miklu og fyrirgreiðslupólitíkin var allsráðandi. Það er engin eftirsjá að þessu spillta kerfi og margt sem á eftir að koma í ljós ef við berum gæfu til að gefa þessari sögu betri gaum og kafa dýpra ofan í hana.“

### Vil skrifa fyrir almenning

Guðni hefur á undanförnum árum skrifað nokkrar bækur um íslenska samtímasögu, sem vakið hafa mikla athygli, til dæmis um þorskastríð og landhelgismál, þróun forsetaembættisins og áhrif þess á stjórnarmyndanir, hlerunarmál og í fyrra gaf hann út yfirlitsrit um efnahagshrunið. Hann er einnig meira áberandi en margir kollegar hans úr fræðaheiminum í þjóðmálaumræðunni, skrifar greinar í blöðin og er fjölmiðlum oft innan handar í álitamálum líðandi stundar.

Guðni segist fyrst og fremst njóta þess að skrifa bækur fyrir almenning.

„Mér finnst gaman að skrifa bækur sem – og ég veit ég á ekki að nota þennan frasa – „venjulegt“ fólk vill lesa; bækur sem leigubílstjórinn sem er að bíða eftir næsta kúnna grípur í, sem fólk nennir að taka með sér í sumarbústaðinn eða kaupir á leiðinni út í flugvél. Ég vil ekki bara skrifa fyrir aðra sagnfræðinga, þó ekki væri nema vegna þess að þá væri maður ekki að skrifa fyrir nema um 200 manns. Einhver sagnfræðingur sagði: fræðigreinar eru skrifaðar, bækur lesnar. En að því sögðu, þá verður að vera ákveðin vídd í fræðafagi eins og sagnfræði. Þú verður að hafa sagnfræðinga sem leggja mestan metnað í að skrifa fyrir hinn þrönga hóp fræðimanna og stunda rannsóknir inn á við. En það þarf líka sagnfræðinga sem stefna frekar að því að kynna fræðin almenningi og það vil bara þannig til að ég hef meira gaman af því að skrifa fyrir almenning.

Hvað greinaskrif í blöðin áhærir og að koma fram í fjölmiðlum og þess háttar, þá er það persónuleg skoðun mín að hlutverk sagnfræðings, og hvers þess sem vinnur í hinu akademíska umhverfi, sé meðal annars að gera sitt besta til að hlýða kalli fjölmiðlafólks þegar það leitar að upplýsingum. Mér finnst sjálfsagt að verða við því. Hlutverk okkar sem störfum í fræðasamfélaginu er ekki bara að stunda okkar fræði, heldur líka að miðla þeim. Stundum gætir þeirrar tilhneigingar hjá fræðimönnum að telja þetta fyrir neðan sína virðingu; sumir mikla þetta fyrir sér og telja sig ekki geta svarað tiltekinni spurningu nema þeir geti íhugað hana í heilan eða hálfan dag. En menn verða auðvitað líka að fá ráðrúm til að íhuga það sem er verið að spyrja um. Gallinn á dægurmálaumræðunni er hraðinn og ég get svo sem

FRAMHALD Á SÍÐU 30

# LÍNAN

mjúkir, stífir, langir, stuttir
stórir, litlir, djúpir, grunnir.....
við sérhæfum okkur í sófum



Jazz



Fama



Birmingham



Edge

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is

FRAMHALD AF SÍÐU 28

skilið fræðimenn sem finnst erfitt að verða umsvifalaust við beiðni fréttamanna um örstutt komment um mikilvægt málefni. Það verður að finna milliveginn.“

**Velþóknun umfjöllunarefnisins á ekki að ráða för**

Guðni skrifaði bókina um Gunnar Thoroddsen sem fyrr segir að beiðni og í sátt við fjölskyldu hans. Því var aftur á móti ekki að heilsa þegar hann skrifaði sína fyrstu bók 1999, Kári í jötunmóð; sögu Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar, sem var skrifuð í óþökk Kára og varð umdeild fyrir vikið.

„Það var í sjálfu sér synd að Kári var á móti gerð hennar því það hefði verið gaman að vinna hana, ja ekki undir handarjaðri hans en á svona hlutlausu einskismannslandi. Saga Kára og ÍE var auðvitað lyginni líkust á þeim tíma og er að vissu leyti enn. Í Bretlandi, þar sem ég lærði, er miklu sterkari hefð en hér heima fyrir því að menn skrifi „unauthorized“ bækur eða ævisögur í óþökk. Mér fannst bara svo sjálfsagt að við gerðum þetta hér heima. Ég held að sá hasar sem varð út af þessu fyrir rúmum áratug myndi ekki verða eins mikill núna. Þá var það fyrsta frétt í sjónvarpinu að til stæði að skrifa bók um ÍE og Kára Stefánsson í óþökk Kára. Ætli það yrði fyrsta frétt núna að til stæði að skrifa sögu Kaupþings og Sigurðar Einarsson í óþökk hans? Ætti þá ekki jafnframt að taka fram í fjölmiðlum: þessi frétt um Bjarna Ármannsson er skrifuð í óþökk hans? Ef við höfum bara bækur sem eru skrifaðar með velþóknun, samþykki og fyrir peninga viðkomandi fyrirtækis eða einstaklings, þá fáum við bara ímyndina, auglýsingabæklinginn.“

Guðni bendir á að það sé lítil hefð hér á landi fyrir blaðamennskubókum, sem Kári í jötunmóð var, og finnst að blaðamenn sem búa yfir ákveðinni sérþekkingu ættu að vera duglegri að koma henni á framfæri í bókaskrifum.

„Í hinum fullkomna heimi þyrftu blaðamenn að vera bæði sérhæfðari og ættu beinlínis að fá tilmæli frá yfirmönnum, um að taka hálfs árs frí til að skrifa bók um þetta magnaða efni sem væri á þeirra sérsviði. Um leið og ég segi þetta kemur upp í hugann bókin sem Þórhallur Jósepsson er að skrifa um Árna Mathiesen, en þar er staðan flóknari en það sem ég er að lýsa. Hið almenna sjónarmið á að vera að blaðamenn og fréttamenn með sérþekkingu eiga að geta komist út fyrir hinn þrönga ramma tveggja mínútna og eins dálks fréttanna og kafað dýpra. Þetta er það sem er gert svo mikið í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum – þeir sem eru að skrifa um samtímasögu eru oftar en ekki blaðamenn. Þessa vídd vantar hér.“

**Áhersla á ímynd frekar en gæði**

Auk þess að skrifa bækur kenndi Guðni við Háskólann í Reykjavík um þriggja ára skeið, þótt engin sagnfræðideild sé við skólann.

„Ég hóf störf í HR 2007, sem er kannski kaldhæðnislegt því ártalið er orðið nokkurs konar samnefnari fyrir ofurbjartsýnina og bruðlið sem var í gangi. En þetta var að mér fannst ágætt og djarft skref hjá HR. Hugmyndin var sú að í fögum eins og viðskiptafræði og lögfræði væri fengur að þessari gerð af hugvísindamanni; að laganemar og viðskiptafræðinemar hefðu gott af því að kynnast fagi eins og sagnfræði og hún gæti komið þeim að gagni.“

> ” Ég skil vissulega að stofnanir þurfi að hagræða og að það verði að velja og hafna. Og í Háskólanum í Reykjavík eru flottustu gluggatjöld í háskóla í Evrópu og þótt víðar væri leitað

Eftir hrun þurfti skólað draga saman seglin og Guðni var einn þeirra sem var sagt upp í sparnaðaraðgerðum. Hann skilur þörfina á hagræðingu en gagnrýnir forgangsröðunina.

„Það var auðvitað fúlt að missa vinnuna. En mér finnst líka sárt að viðbrögðin hjá HR, og líklega víðar, við hruninu voru að skríða inn í ákveðna skel. Hjá HR er þetta núna bara kennsla og aftur kennsla og rannsóknirnar líða fyrir. Ég skil vissulega að stofnanir þurfi að hagræða og að það verði að velja og hafna. Og í Háskólanum í Reykjavík eru flottustu gluggatjöld í háskóla í Evrópu og þótt víðar væri leitað.“

Spurður hvað hann eigi við, segir Guðni að í HR sé of mikil áhersla lögð á ímyndina.

„Það má alls ekki gerast eins og gerðist á árunum fyrir hrun, að falla í þá freistni að telja að ef ímyndin sé góð hljóti innihaldið að vera það líka. Ef við lærðum eitthvað á hruninu, þá er það þetta. Og sem fyrrverandi starfsmanni Háskólans í Reykjavík, með það frelsi sem því fylgir, finnst mér oft fullmikið úr því gert þar á bæ að búa til góða ímynd frekar en að tala um hlutina eins og þeir eru í raun og veru.“

**Langar að skrifa um Einar Odd**

Guðni kveðst óviss um hvað taki nú við. Hann starfar sem sjálfstæður sagnfræðingur hjá ReykjavíkurAkademíunni og er upp á sjálfan sig kominn með leit að næsta verkefni.

„Það eru ýmis verk sem mig langar til að vinna. Vandinn sem blasir við er hvort maður getur fengið nógu mikið borgað fyrir þau. Rannsóknir á nýliðinni tíð hafa sjaldan verið jafn mikilvægar og nú en það er bara fjandanum erfiðara, því peninga vantar. En það má auðvitað ekki leggjast í einhvern barlóm.“

Eitt af þeim verkefnum sem Guðni vonast til að komast í áður en langt um líður er að skrifa ævisögu Einars Odds Kristjánssonar.

„Það yrði öðruvísi verk en saga Gunnars. Einar Oddur var allt öðruvísi karakter og afskaplega jarðbundinn og heill, þótt hann hefði auðvitað sína galla. Það væri gaman að geta dregið upp mynd af honum. Ég held að það myndi leiða í ljós að það er fólk eins og Einar Oddur sem við Íslendingar viljum; maður sem þoldi ekki falsímyndir og vildi bara segja frá hlutunum eins og þeir voru. Fyrir vikið rakst hann stundum illa í flokki og það er kannski svoleiðis fólk sem við þurfum núna. Það væri sannarlega verkefni sem væri gaman að kljást við og hver veit nema það verði fyrr en seinna.“

## GUÐNI Í HNOTSKURN

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur er fæddur í Reykjavík 1968. Hann er doktor í sagnfræði frá Queen Mary, University of London og stundar ritstörf og rannsóknir við ReykjavíkurAkademíuna. Guðni hefur skrifað fjölda greina og bóka um sögu og sagnfræði.

Guðni er kvæntur Eliza Reid. Þau eiga tvo syni en Guðni á dóttur frá fyrra hjónabandi.



**Fyrri bækur Guðna:**

- ➜ Kári í jötunmóð. Saga Kára Stefánssonar og ævintýrið um Íslenska erfðagreiningu. (1999)
- ➜ Völundarhús valdsins. Stjórnarmyndanir, stjórnarslit og staða forseta Íslands í embættistíð Kristjáns Eldjárns, 1968-1980 (2005)
- ➜ Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í Kalda stríðinu á Íslandi. (2006, tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.)
- ➜ Þorskastríðin þrjú – saga landhelgismálsins 1948-1976. (2006)
- ➜ Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar. (2009)


RE/MAX Skráðu fasteignina þína hjá okkur og við seljum hana!



Ástþór Reynir 899 6753

Gunnar Sverrir 862 2001

RE/MAX®

**Skipasund 85**
104 Reykjavík
Snyrtileg íbúð " aðveld kaup"

Stærð: 78,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1958
Fasteignamat: 18.900.000

RE/MAX Senter

Opið Hús



Opið hús á sunnudaginn kl 15.00 - 15.30

Verð: 20.900.000





Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



RE/MAX SENTER KYNNIR: Fallega 3ja herbergja íbúð við Skipasund í Reykjavík. Íbúðin er með sérinngangi og skiptist í hol, eldhús, baðherbergi, tvö svefnherbergi og stofu. Íbúðin er undir súð svo grunnflötur íbúðarinnar er stærri en skráð er hjá Fasteignamati ríkisins. Úr stofu er gengið út á svalir. Nánari lýsing: Sérinngangur er fyrir þessa íbúð aftan við húsið, lítið hol er við inngang. Úr holi er gengið upp tepplagðan stiga inn í íbúðina. Holið er parketlagt. Herbergin eru parketlögð. Stofan er parketlögð og með útgangi út á svalir. Eldhúsið er dúklagt með eldri hvítri innréttingu og viðarborði. Baðherbergið er flísalagt og með sturtu. Húsið hefur verið mikið lagfært í sumar það var skipt um járn á þakinu, gert við sprungur og málað, einnig er búið að skipta um rafmagn. Þetta er eign sem vert er að skoða.
Fallegt hús og góður garður. Björt og falleg íbúð á frábærum stað.
Eignin er skráð 78,8 fm hjá Fasteignamati ríkisins. Á eigninni hvílir lán frá Arion ca. 20m. Allar upplýsingar um eignina gefur Gunnar Sverrir í síma 8622001 eða á gunnar@remax.is og Ástþór Reynir í síma 8996753 eða á

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



**Deildarás 11**
110 Reykjavík
Fjölskylduhús á vinsælum stað

Stærð: 269,8 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1981
Fasteignamat: 50.850.000

RE/MAX Senter

Opið Hús



Opið hús á sunnudaginn kl 16.30 - 17.00

Verð: 59.600.000





Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is



RE/MAX SENTER KYNNIR: Glæsilegt einbýlishús 269,8fm við Deildarás í Árbæjarhverfi.
Húsið er á tveimur hæðum og skiptist svo: Á neðri hæð er innbyggður flísalagður bílskúr og er innangengt í hann frá forstofu. Forstofan er flísalögð, stórt parketlagt forstofuherbergi, rúmgott fjöslkyldurými (sjónvarpssalur) og geymsla þar innaf. Rúmgott þvottahús og sturtuklefi, salerni og handlaug í eru þvottahúsinu. Efri hæð: Parketlagður stigi upp á efri hæðina. Á hæðinni er rúmgóð, parketlögð stofa og borðstofa. Útfrá stofu er útgengt á flísalagðar svalir, mikið útsýni til suð- vesturs frá svölum. Eldhús með góðum borðkrók, 4 parketlögð svefnherbergi, skápar í öllum herbergjum. Frá hjónaherbergi er útgengt á hellulagða, afgirta verönd og garðinn. Baðherbergi er flísalagt bæði gólf og veggir, baðkar og sturtuklefi. Innrétting er undir vaski. Allar innréttingar og klæðning í loftum eru frá JP- innréttingum úr mahoní. Húsið er allt ný málað að utan og garður afar snyrtilegur. Hellululögð upphituð aðkeyrsla að bílskúr. Vel um gengið hús sem hefur fengið góða umhirðu gegnum árin.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



# Karnivalstemmning og nornaveisla um helgina!






2.990,-

## Karnival

**Í Eymundsson Austurstræti laugardaginn 13. nóvember kl. 14.00**

Laugardaginn 13. nóvember verður karnivalstemmning í Eymundsson Austurstræti þegar útgáfu á ***Karnivali dýranna*** verður fagnað. Þórarinn Eldjárn les úr bókinni, myndir Kristínar Maríu Ingimarsdóttur verða til sýnis og andlitsmálun í boði fyrir börnin.

***Sólveig Guðmundsdóttir*** leikkona les úr ***Karnivali dýranna*** í Eymundsson Skólavörðustíg frá kl. 12.00 og frá 12.45 í Kringlunni.

**Verð áður: 3.290,-**




## Útgáfa á ævintýrinu Nornin og dularfulla gauksklukkan

**Í Eymundsson Kringlunni, sunnudaginn 14. nóvember kl. 14.00**



Sunnudaginn 14. nóvember verður útgáfu á ævintýrinu ***Nornin og dularfulla gauksklukkan*** fagnað í Eymundsson Kringlunni, við hliðina á Bónus.

Sagan er eftir Björgvin Franz Gíslason og Gunnar Helgason og tengist efni Stundarinnar okkar í vetur. Myndir gerir Halldór Baldursson. Fjörugur upplestur verður úr bókinni, Gunni og Felix taka lagið og allir krakkar fá plakat.

**Fullt verð: 3.790,-**

2.650,-

***Athugið að kynningarverð gilda aðeins til 15. nóvember 2010***

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*











**GJAFIR NÁTTÚRUNNAR** Rótargrænmeti, norrænar korntegundir og ber eru meðal þess sem er í hávegum haft í nýrri norrænni matargerðarlist.

# Rófur og kál öðlast nýtt líf



Áhyggjur af matarmenningu Norðurlandabúa ollu því að stjörnukokkar frá öllum Norðurlöndunum ákváðu að hefja hana til virðingar að nýju. *Steinunn Stefánsdóttir og Sigríður Björg Tómasdóttir* kynntu sér nýja og gamla matargerðarlist á Norðurlöndum.

Eitthvað er bogið við það þegar Miðjarðarhafsmatreiðsla er orðin Norðurlandabúum tamari en réttir sem eiga sér rætur í matarmenningu svæðisins. Dönsku kokkarnir Claus Meyer og René Redzepi skáru upp herör gegn þessari þróun árið 2004 þegar þeir kölluðu saman kollega sína frá öllum Norðurlöndunum til skrafs og ráðagerða um hvernig væri hægt að koma norrænu hráefni aftur á kortið.

**Stefnuyfirlýsing kokka**

Afraksturinn varð stefnuyfirlýsing nýrrar norrænnar matargerðarlistar eins og hún er kölluð. Hugmyndin var að auka áhuga og smekk íbúa á Norðurlöndum fyrir hráefnum til matargerðar sem finna má í nánasta umhverfi: Hér er ekki síst átt við hráefni sem um aldir nærði forfeður okkar og -mæður en hafa ekki endilega notið sérlegra vinsælda undanfarna áratugi, svo sem skarfakál, ætihvönn og söl sem voru notuð í matargerð fyrri alda hér á landi, duttu af matseðlum en hafa fengið uppreisn æru á veitingastöðum undanfarin ár.

Hugmyndafræði stefnunnar byggir á að matreiða úr hreinu, fersku og árstíðabundnu hráefni og vinna með svæðisbundna matarhefð. Leitast er við að setja gömlu góðu hráefnin í nýtt og frumlegt samhengi en jafnframt að leyfa þeim að njóta sín með því að leggja áherslu á ákveðinn einfaldleika í matreiðslunni.

**Ekki kreddueldhús**

Forvígismenn stefnuyfirlýsingarinnar hafa unnið markvisst að nýju norrænu eldhúsi síðan þeir lögðu drög að veitingastaðnum Noma í Kaupmannahöfn. René Redzepi ræður þar enn ríkjum og undir hans stjórn er borinn fram ævintýralegur matur úr norrænu hráefni. Velgengni staðarins er mikil og var hann valinn besti veitingastaður heims í vor og kom þannig norrænum mat á matgæðingakort heimsins.

Þrátt fyrir áherslu á norrænt hráefni er ekki þar með sagt að hráefni annars staðar að séu útilokuð. „Þetta á alls ekki að vera kreddueldhús, þó að norrænu hráefni sé gert hátt undir höfði þýðir það ekki að útiloka eigi annað. Stefnan snýst ekki heldur um að framreiða gamaldags mat, þetta er ný norræn matargerðarlist,“ segir Mads Holm sem er verkefnisstjóri verkefnisins Nýr norrænn matur á Íslandi sem er fjármagnað af Norðurlandaráði.

**Matarbylting til fjöldans**

„Það má líka segja að áherslan sé meiri núna á það að kynna norræna matarmenningu fyrir fjöldanum. Kokkar voru upphafsmenn en nú á að ná til breiðari hóps,“ segir Mads Holm sem bendir á að margir kokkar hafi starfað í anda hugmyndafræðinnar bæði áður en stefnuyfirlýsingin var sett fram og eftir það, til dæmis Rúnar Marvinsson, Siggi Hall, Friðrik V. Karlsson og auðvitað Gunnar Karl Gíslason.

„Íslendingar segjast gjarnan vilja borða íslenskan mat og það er auðvitað í anda stefnuyfirlýsingarinnar að borða lókal mat. Svo má auðvitað segja að íslensk matreiðsluhefð sé undir dönskum áhrifum, enda gengu margar konur á húsmæðraskóla í Danmörku,“ segir Mads og bendir á að matarmenning Norðurlandanna tengist á ýmsa vegu. Hins vegar sé oft erfitt að fá vörur frá Norðurlöndunum á Íslandi, epli frá Danmörku sé til að mynda sjaldan að finna hér. Sama er reyndar uppi á teningnum á hinum Norðurlöndunum.

Menningarvitar þekkja vel til bókmennta, kvikmynda og hönnunar nágrannalandanna. Hvort þekking á norrænni matargerðarlist verður jafn útbreidd eftir nokkur ár leiðir tíminn í ljós.

## GOTT AÐ RÆKTA GARÐINN SINN

**Gunnar Karl Gíslason eldar einkum úr íslensku hráefni**

Ég byrjaði að vinna eftir manifestóinu um nýjan norrænan mat þegar ég var að vinna á Vox. Svo langaði okkur á Dilli að taka þetta alla leið og ákváðum að kýla á það þegar okkur bauðst að hefja rekstur í Norræna húsinu, fannst við eiginlega ekki geta fengið flottara tækifæri til að elda norrænan mat en þar,“ segir Gunnar Karl Gíslason kokkur á veitingastaðnum Dilli í Norræna húsinu.

Gunnar segir stefnuyfirlýsinguna vera bæði gott viðmið og innblástur. „Það eru margir sem taka þessu sem ægilegum reglum en hún er frekar eins og gott viðmið. Við hér eldum upp úr íslensku hráefni númer eitt, tvö og þrjú, það er líka skynsamlegt sérstaklega eftir að kreppan skall á og verð á innfluttum vörum hækkaði mikið. Við erum með kryddjurtagarð og ræktum líka grænmeti. Svo leitum við aðeins fanga á hinum Norðurlöndunum,“ segir Gunnar sem leggur mikið kapp á það að kaupa hráefni til matseldar á Dilli frá litlum og sjálfstæðum framleiðendum.

Stefnuyfirlýsingin um Nýjan norrænan mat er frá árinu 2004 og segir Gunnar að vitneskjan um norræna matseld hafi breiðst hraðar út en hann átti von á. Gott hráefni og framúrskarandi veitingastaðir á Norðurlöndum, á borð við hinn danska Noma, hafi þar haft sitt að segja.



En hvernig getur hinn venjulegi neytandi lifað eftir stefnu nýja norræna eldhússins? „Við eigum gott kjöt og frábæran fisk og stefnan snýst í stórum dráttum um að nota það sem er nálægt manni. Svo er alltaf gott að rækta garðinn sinn. Nýta jurtir, sulta ber og súrsa grænmeti. Ég heyrði yndislega kenningu um vetrarþunglyndi Íslendinga sem snerist um að það hefði aukist eftir að fólk hætti að undirbúa veturinn, sulta og súrsa eins og áður var, en ég sel hana ekki dýrar en ég keypti hana,“ segir Gunnar og hlær.

Hann segir að í fyrstu hafi honum þótt svolítið hamlandi að vinna eftir stefnuyfirlýsingunni en eftir að hann hafi kynnst íslensku hráefni betur hafi opnast heill heimur. „Allt í einu fer maður að nota alls konar hráefni sem maður hefur aldrei gert sér grein fyrir hversu gott er. Og það er gaman frá því að segja að mörgum gestum okkar finnst þeir vera að borða eitthvað nýtt og framandi þegar þeir eru hjá okkur þó að hráefnið sé allt íslenskt. Við notum til dæmis mikið súrsaða hvönn sem fólk þekkir ekki. Svo notum við ber, skessujurt, fífla, fíflablóm og rætur. Svo hef ég aldeilis komist að því að skyr er ekki bara skyr, núna kaupum við alltaf óhrært skyr gert með gamla laginu, bæði frá Kea og Erpsstöðum.“

Gunnar mælir með Matreiðslubók Helgu Sigurðardóttur og bókum Nönnu Rögnvaldardóttur fyrir þá sem vantar innblástur til þess að gera rétti úr íslensku hráefni.

## NÝ NORRÆN MATARGERÐARLIST - STEFNUYFIRLÝSING

Við, norrænir kokkar, teljum tímabært að skapa nýja norræna matargerðarlist, þar sem bragðgæði og önnur sérkenni eru fyllilega sambærileg við fremstu matargerðarlist í heiminum.

Ný norræn matargerðarlist á að:

1. einkennast af hreinleika, ferskleika, einfaldleika og siðferði sem við viljum tengja við okkar heimshluta.
2. Endurspegla árstíðirnar í máltíðunum.
3. Byggja á hráefni sem vex við framúrskarandi skilyrði í loftslagi okkar, náttúru og vötnum.
4. Sameina kröfuna um ljúffengan mat og nútíma þekkingu á heilsu og vellíðan fólks.
5. Efla fjölbreytni norrænna afurða og úrval framleiðenda og breiða út þekkingu á menningarumhverfi matarins.
6. Efla velferð dýra og sjálfbæra þróun í hafi, á ræktuðu landi og í óbyggðum.
7. Þróa nýjar vinnsluaðferðir á hefðbundnum norrænum matvælum.
8. Flétta saman bestu norrænu matreiðsluaðferðir og matarhefðir sem völ er á við utanaðkomandi hugmyndir og áhrif.
9. Sameina sjálfsþurftarbúskap og vöruskipti á hágæða afurðum milli svæða í þessum heimshluta.
10. Bjóða neytendum, öðrum matargerðarmönnum, fulltrúum landbúnaðar og fiskveiða, stórum og smærri matvælafyrirtækjum, kaupmönnum og dreifingaraðilum, vísindamönnum, kennurum, stjórnmálamönnum og yfirvöldum til samvinnu að sameiginlegu verkefni, sem verði öllum Norðurlandabúum til gagns og gleði.

# SKYLDULESNING




## STORMURINN

### REYNSLUSAGA RÁÐHERRA

Björgvin G. Sigurðsson varð ungur viðskiptaráðherra í ríkisstjórn Geirs H. Haarde. Nokkrum mánuðum síðar brast á mesta fárviðri efnahags-og stjórnmála sem um getur í Íslandssögunni.

Hver hefur sína sögu að segja. Þetta er saga Björgvins.

**3.980 KRÓNUR**
200 KR. AF HVERRI BÓK GENGUR TIL KVENFÉLAGSINS HRINGSINS




## JÓNÍNA BEN

### SÖLVI TRYGGVASON

Jónína Ben er ein umdeildasta persóna íslenskrar samtímasögu. Sölvi Tryggvason hefur skráð einstæða frásögn hennar.

Sjaldan hefur komið út jafn hreinskilin og opinská saga Íslendings því óhætt er að segja að Jónína sé óhrædd við að tala hreint út um hlutina.

**3.980 KRÓNUR**
200 KR. AF HVERRI BÓK GENGUR TIL KONUKOTS

JÓLABÆKURNAR FÁST Á N1

N1

EKKI ER SKILARÉTTUR Á BÓKUNUM. BÆKURNAR GILDA SEM HAPPADRÆTTISMIÐI.



**MILLILENDING Í KAPELLUHRAUNI** Gríðarlegur fjöldi byggingarkrana bíður betri tíma á stóru geymslusvæði til móts við álverið í Straumsvík. Þá hefur stór hluti kranaflotans verið seldur úr landi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Veldi byggingarkrananna fallið

Byggingarkranar sem tröllriðu sjónsviði höfuðborgarbúa árin fyrir bankahrunið eru nú lítt sjáanlegir. Nú eru sjötíu kranar uppistandandi á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim virðast aðeins 24 vera í notkun. Á þessu svæði voru 320 kranar árið 2007. ***Garðar Örn Úlfarsson*** og ***Pjetur Sigurðsson*** kynntu sér málið.

■ FÆKKUN KRANA

**Byggingarkranar á höfuðborgarsvæðinu**




Heimild: Vinnueftirlit ríkisins.



**ÁSVELLIR 2005** Fyrir fimm árum fóru verktakar hamförum um byggingarsvæðið á Ásvöllum í Hafnarfirði. Á þessari einu mynd eru nítján byggingarkranar, fimm færri en eru í notkun á öllu höfuðborgarsvæðinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það hrundi allt 2008," segir Georg Árnason, sem sinnir eftirliti með byggingarkrönum fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

Pjetri Sigurðssyni, ljósmyndara Fréttablaðsins, telst svo til að í dag séu 70 byggingarkranar uppistandandi á öllu höfuðborgarsvæðinu. Georg staðfestir að tala sé rétt hjá Pjetri sem þess utan telur að aðeins 24 þessara krana séu í notkun. Georg segir að minnsta kosti ljóst að innan við helmingur krananna sem standi uppi sé notaður.

Að sögn Georgs var veldi byggingarkrananna hérlendis mest á árinu 2007. Þá hafi 320 kranar staðið á höfuðborgarsvæðinu. Gera má ráð fyrir að langflestir þeirra hafi verið virkir og því hafi um tífalt fleiri kranar verið í notkun þá en í dag. Enda er gríðarleg ördeyða á byggingamarkaði á öllu þessu svæði að sögn Magnúsar Sædal, byggingarfulltrúa í Reykjavík.

### Erfitt að ná krönum niður

„Markaðurinn er alveg helfrosinn og ég er ekki farinn að sjá nein merki þess að þetta sé farið að snúast við," segir Magnús.

Svo virðist sem margir iðjulausu krananna séu í eigu þrotabúa. „Við erum auðvitað ekki spenntir fyrir því að þessir kranar hangi endalaust uppi þannig að við höfum verið að reyna að fá þá niður þar sem við höfum haft afskipti af yfirgefnum lóðum. En þegar málin eru komin út í gjaldþrot þá er alltaf vandamál að greina hver er eigandinn," útskýrir Magnús sem kveður sveitarfélög ekki fyrr en í lengstu lög sjálf taka niður yfirgefna krana á kostnað eigendanna.

„Við erum að hóta því en þessi tæki eru ofboðslega vandmeðfarin og maður hugsar sig því um tvisvar áður en maður leggur í að fjarlægja krana og koma í geymslu. Bæði er af því mikill kostnaður og það gæti orðið tjón á krananum eða við sakaðir um það síðar að hafa valdið tjóni. Þannig að maður ræðst ekki í það fyrr en í fulla hnefanna," segir Magnús.

### Geta orðið stórhættulegir

Georg Árnason segir það sitt hlutverk að fylgjast með öryggismálum byggingarkrananna. Athuga þurfi hvort þeir hafi gleymst í bremsu því afar mikilvægt sé að þeir snúist eftir vindi þar sem þeir séu ekki hannaðir fyrir hliðarátak. Dæmi séu um krana sem fallið hafi um koll hérlendis.

„Bremsurnar geta ryðgað og stirðnað og þá þarf að losa um. Ég þurfti að skipta mér af tuttugu krönum í fyrravetur vegna þess að þeir voru farnir að stirðna," segir Georg sem kveður eigendur og umsjónarmenn krananna taka vel ábendningum um slíkt. „Þeir gera sér grein fyrir því að þetta er stórhættulegt."

### Stærstu kranarnir úr landi

Eins og áður segir náði byggingarkranafjöldin á höfuðborgarsvæðinu hámarki árið 2007. „Við hrunið stóðu tólf nýir kranar á hafnarbakkanum sem komu aldrei inn í landið heldur fóru út aftur," upplýsir Georg. Hann segir marga krana hafa verið selda úr landi, mest stærstu krananna sem besti markaður hafi verið fyrir. „Svo eru þeir hér og þar um bæinn, mest á geymslusvæðum í Straumsvík, í Hafnarfjarðarhöfn og á Gelgjutanga. Marga krana hafa fjármögnunarfélögin tekið til sín og sett á þessi svæði," segir Georg sem kveður lítið hægt að gera í því ef menn vilja ekki fella ónotaða krananna inni á sínum lóðum.

„Við höfum ekkert vald til þess í Vinnueftirlitinu að banna notkun eða kalla til menn til að fella kranana og senda síðan reikning. Bæjarfélögunum hefur líka gengið illa að eiga við þetta. Þannig að þetta er ekkert einfalt," segir Georg Árnason.

Alþjóðadagur sykursjúkra

**FRÆÐSLUDAGSKRÁ** KL. 14.00

**ARNA GUÐMUNDSDÓTTIR**, LÆKNIR
**STEFÁN PÁLSSON**, NEMI
**ELÍSABET KONRÁÐSDÓTTIR**,
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
**HÁLFDÁN ÞORSTEINSON**, FORELDRI

**FUNDARSTJÓRI**
SIGRÍÐUR JÓHANNSDÓTTIR,
FORMAÐUR SAMTAKA SYKURSJÚKRA

BLÓÐSYKUR OG BLÓÐÞRÝSTINGUR
MÆLDUR

BOÐIÐ VERÐUR UPP Á KAFFI OG VATN



STAÐUR OG DAGSETNING
14. NÓVEMBER 2010
VONARSTRÆTI 10
ODDFELLOWHÚSIÐ

NOKKRIR AÐILAR SEM TENGJAST HEILSU OG HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL VERÐA Á STAÐNUM OG KYNNA SIG OG SÍNA STARFSSEMI.
VERNDARI DAGSINS ER KATRÍN JÓNSDÓTTIR, FYRIRLIÐI LANDSLIÐS KVENNA Í KNATTSPYRNU.
HÚSIÐ OPNAR KLUKKAN 13:00
DAGSKRÁ KL 14:00-16:00
VIÐ BYRJUM Á ÞVÍ AÐ GANGA HRINGINN Í KRINGUM TJÖRNINA
GANGAN HEFST KL 13:00
OG Í FARARBRODDI VERÐUR KATRÍN JÓNSDÓTTIR






# Glæsilegt jólaþorp

Vnr. 87092002-97093304

## Jólaþorp

Lemax jólasöfnunarvörurnar samanstanda af ótrúlega breiðu úrvali af húsum, landslagi og fallegum styttum sem saman geta myndað skemmtilegt jólaþorp sniðið eftir þínum þörfum. Hægt er að bæta við og byggja upp jólaþorpin ár frá ári. Fæst í BYKO Breidd, Kauptúni og Akureyri.





**GERÐU VERÐSAMANBURÐ!** **GERÐU VERÐSAMANBURÐ!**

390 kr. m²

Vnr. 88946640/44/45

## Slönguljós

Slönguljós inni og úti, glær, rauð og mislit, 13 mm.

Verð frá 990

Vnr. 88900722-67

## Útisería

Útisería, 40/60/80 eða 120 ljósa, marglit, blá, græn eða rauð. Við mælum með að úða allar útiseríur með sílikoni til að tryggja betri endingu.

Verð frá 240

Vnr. 88949620-96

## Innisería

Innisería, 10/20/35/50 eða 100 ljósa. glærar, rauðar, hvítar eða marglitar perur.

3.990

Vnr. 49800208

## Jólasveinn

Jólasveinn með poka, upplýstur.

1.390

Vnr. 41112186

## Jóladiskur

Jóladiskur.

1.990

Vnr. 88165803

## Ljós

Píramídi með ljósi, 40 cm.

690

Vnr. 54321101

## Fjöltengi

Þrefalt fjöltengi með rofa, 1,4 m.

990

Vnr. 88470212

## Kertastjakar

Gjafakassi, 4 kertastjakar og 12 sprittkerti.

990

Vnr. 41119087

## Veggklukka

Veggklukka, 25 cm, svört eða silfurlituð.

**GERÐU VERÐSAMANBURÐ!** **GERÐU VERÐSAMANBURÐ!**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is


Jól í
BYKO!
BYKO
Jól
í BYKO
GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ!
1.790
Vnr. 51880251-2
Aðventuljós
Aðventuljós, hvítt eða rautt.
1.590
Vnr. 88166760
Bjalla
Jólabjalla, gler,
10 ljósa, 24V.
2.490
Vnr. 88166921
Kirkja
Kirkja með LED
ljósi, gengur
fyrir rafhlöðum.
Stærð 28 cm.
12.990
Vnr. 41100145
Matarstell
Matarstell, hvítt með silfurrönd.
14.990
Vnr. 65753111
Örbylgjuofn
GALANZ örbylgjuofn,
800W, hvítur.
Vnr. 41119157
Kaffibollar
Kaffibollar, 2 stk.
2.590
KHG
5.990
Vnr. 65103022
Brauðrist
KHG brauðrist fyrir 4 sneiðar, 1300W, hvít.
3.990
KHG
Vnr. 65103031
Kaffivél
KHG kaffivél,
350W, fyrir 2 bolla.
Bollarnir fylgja.
1.990
KHG
Vnr. 65103023
Hárþurka
KHG hárþurrka, 1200W, silfur og svört.
GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ!

# Við ráðum ekki við veruleikann

Rannsóknir **Bjarna Snæbjörns Jónssonar** hjá Capacent á grunngildum þjóðarinnar benda til að íslenskt samfélag sé hugarfarslega á bjargbrúninni. *Svavar Hávarðsson* og *Jónas Unnarsson* komust að því að rannsóknin sýnir mikla neikvæðni, ójafnvægi og óreiðu. Niðurstaðan er að þau grunngildi sem Íslendingar hafa í hávegum eru ekki þau sömu og ráða ferðinni í samfélaginu.

Bjarni Sæbjörn Jónsson, sérfræðingur hjá Capacent, hefur síðan árið 2005 kynnt sér fræðigrein sem snýst um hvernig fyrirtæki og samfélög þroskast í gegnum tíðina og tengist þroskaferli einstaklinga; hvernig maðurinn hefur hægt og bítandi orðið hæfari til að fást við sívaxandi flækjustig í lífinu og hefur um leið skapað og þróað samfélagsleg fyrirbæri sem eru sífellt flóknari og margslungnari að uppbyggingu og tæknilegum innviðum. Hér er horft til þess hvernig mannskepnan lærir og tileinkar sér nýja hluti. Tilgangurinn er að reyna að átta sig á því hvernig viðkomandi heild (fyrirtæki eða þjóð) er innréttuð; úr hverju hún er samansett og hvernig á því stendur að samfélög lenda í aðstæðum sem þau ráða einfaldlega ekki við. Það er nefnilega lærdómsríkt að geta greint hvað það er sem leiðir samfélög í ógöngur og hvaða ástæður liggja þar að baki.

Hugmyndafræðin gengur út frá því að við höfum öll innbyggt gildismat sem gerir það að verkum að við bregðumst við ytri aðstæðum með tilteknum hætti. Hægt er að taka sem dæmi íþróttaleik þar sem okkur er innbyggt að ná árangri með þeim aðferðum sem eru líklegastar til að bera árangur. Eins að við bregðumst við hættu eða erfiðleikum á ákveðinn hátt. Án þess að það sé meðvitað kviknar í okkur einhvers konar forrit sem stillir saman eins konar „hugarfarskóða“ sem eru viðeigandi eftir aðstæðum. Þótt grunnurinn, eða „stýrikerfið“, sé sameiginlegt er birtingarmyndin breytileg allt eftir því hvernig einstaklingurinn eða samfélagið skynjar umhverfi sitt. Þessi hugmyndafræði á uppruna sinn í sálfræði og félagssálfræði og gengur út á það hvernig mismunandi mannlegar þarfir kalla fram viðbrögð og hegðun til þess að uppfylla þessar þarfir, og móta þar með hugarfarið sem endurspeglast í gildum og áherslum.

## GILDISMAT OG LÍFSSÝN: HVERNIG VIÐ HUGSUM ER MIKILVÆGARA EN HVAÐ VIÐ HUGSUM




- Tilveran byggist á viðkvæmu jafnvægi samverkandi krafta jarðar. Allir hlutir eru hver öðrum háðir. Umhyggja fyrir móður jörð rís ofar þröngum sérhagsmunum hópa og þjóða. Heimssýn sem byggist á hagsmunum allra jarðarbúa.
- Margbreytileiki og sveigjanleg nálgun. Veruleikinn er flókið fyrirbæri sem krefst ólíkra en innbyrðis samhæfðra lausna. Skýr tilfinning fyrir frelsi samfara ábyrgð og skilningur ríkir á ólíkum áherslum.
- Fólk í fyrirrúmi. Sterk samfélagsleg gildi. Áhersla á samskiptahegðun og framkomu við annað fólk. Hér vinnur fólk saman og ákvarðanir eru teknar sameiginlega. Hluttekning og hæfi til að setja sig í spor annarra er mikils metin. Samstaða og eining eru kjarnahugtök.
- Árangur. Markaðshagkerfi. Áhersla á persónulegan árangur. Grundvallaratriði að vera öðrum óháður og sjálfstæður. Kosti þekkingar og tækni á að nýta til fulls. Lífið er fullt af tækifærum og áskorunum. Mælanlegur árangur (venjulega fjárhagslegur) skiptir mestu máli. Tilgangurinn helgar meðalið.
- Æðri máttur. Regluveldi. Áhersla á röð og reglu. Það eru „réttar” og „rangar” persónur og skoðanir. Lífinu á að lifa „samkvæmt bókinni”; biblíunni, handbókinni o.s.frv. Leit eftir tilgangi með lífinu. Fórna í núinu til þess að njóta í framtíðinni.
- Einræði: Hugarfar sem leggur áherslu á vald sem grundvöll alls annars. Þeir sterkustu lifa af. Skömm eða samviskubit óþekkt tilfinning. Öllu og öllum sem standa í vegi fyrir fyrirætlunum er rutt til hliðar. Eftirlit er betra en traust. „Strax-veiki” – fá núna, fórna síðar (aldrei).
- Fjölskyldan. Ættbálkasamfélag. Áhersla á öryggi. Fólk (fyrirtæki) sameinast um ímyndaðan ytri óvin. Tilllit til hópsins er æðra tilliti til hvers einstaklings. Myndast þegar menn hafa aðferð til að sjá fyrir stærri hópi. Ættarsamfélagið/fjölskyldan/klíkuskapur. Þetta gildismat lýsir kunningjasamfélaginu.
- Halda lífi. Stuðningsbandalög. Áhersla á að komast af. Lífið er bardagi og barátta um aðföng. Aðstæður eru taldar fjandsamlegar og óreiða ríkjandi. Það er ekki rúm fyrir samvinnu.

Hugarfar þróast í tilteknum þrepum í einstaklingum og samfélögum sem eru til þess gerð að fást við mismunandi aðstæður. Með tímanum bætist ný hugsun við þá sem fyrir er og gerir mann hæfari til þess að fást við sífellt meira flækjustig í tilverunni eftir því sem við náum auknum þroska við að fást við nýjar áskoranir og erfiðar aðstæður. Ný hugsun er jafnframt andsvar við því sem fyrir er, og því er innbyggður ágreiningur milli samliggjandi gildismats á fyrstu sex þrepunum.

## ÁHERSLUBREYTINGAR Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI




Capacent gerði rannsókn árin 2005 og 2007 út frá þessu grunnmódeli. Þar var spurt um ákveðna þætti í samfélaginu og hvort fólki fyndist vera vaxandi eða minnkandi tilhneiging fyrir ákveðnu hugarfari. Á myndinni hér til hliðar sést að sjálfmiðað gildismat ræður öllu: Geri eins og mér sýnist, og það strax (rautt) annars vegar og árangur er aðalatriði (appelsínugult) hins vegar. Þetta er á kostnað samfélagsmiðaðra gilda, fjölskyldu og uppruna (fjólublátt), aga og reglu (blátt) og félagshyggju (grænt).

Árið 2009 var gerð ný könnun sem sýndi greinilega að samfélagsmiðaða gildismatið (grænt) var í vexti og sjálfmiðað gildismat (rautt og appelsínugult) viku nokkuð.

## FORGANGSRÖÐUN Í GILDISMATI




Ofangreind mynd sýnir hvernig fólk mat forgangsröðun í samfélaginu í janúar 2009 í samanburði við sams konar könnun sem gerð var árið 2007. Sú breyting sem stingur mest í augu er hversu mjög hefur dregið úr forgangi á hluti sem tengjast aga, reglufestu, hlýðni og ábyrgðartilfinningu (bláa súlan), sem falla úr 4. sæti í það síðasta.

# Rannsókn á gildismati þjóðarinnar

Capacent hefur einnig rannsakað gildismat þjóðarinnar með sérstakri aðferðafræði viðskiptaráðgjafans Richards Barrett, sem hefur skrifað fjölda bóka um vinnustaðamenningu og svokallaða gildismiðaða stjórnun (Values Based Management). Þessi aðferðafræði byggir á þeim grunni sem Abraham Maslow þróaði á sínum tíma um mannlegar þarfir, en Barrett hefur jafnframt yfirfært aðferðafræði sína á samfélagið í heild (sjá skýringarmyndina hér til hliðar).

Rannsóknirnar gefa innsýn í hver persónuleg gildi Íslendinga eru og viðhorf þeirra til þess hverjar megináherslur eru í íslensku samfélagi í dag. Rannsóknin beinist jafnframt að því hvaða áherslur þjóðin telur æskilegt að ríki í samfélaginu til framtíðar. Þar er leitast við að svara spurningum um hvernig gildi móti menningu samfélaga og hver séu grunngildi íslensku þjóðarinnar.

Bjarni segir Barrett tengja með ákveðnum hætti þjóðarvitund við mannlegar þarfir eins og afkomu, heilsu og öryggi, tengsl við annað fólk og sjálfsmynd og viðurkenningu, svo eitthvað sé nefnt. Þetta yfirfærir hann myndrænt yfir í einfalt skema sem sýnir áherslur hjá einstaklingnum. Eins og í skýringarmyndunum að ofan ferðast einstaklingurinn frá grunnpunkti (1) og upp eftir því sem hann „þroskast“ (7). Um sjö þróunarstig þjóðarvitundarinnar er að ræða.

## SAMSPIL MANNLEGRA ÞARFA OG VITUNDAR




## SJÖ ÞRÓUNARSTIG ÞJÓÐARVITUNDARINNAR

Jákvæðar áherslur | Neikvæðar áherslur




**EFNAHAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI**
Velmegun, heilsa, varnir, öryggisnet samfélagsins
**Spilling, græðgi, ofbeldi**

**SAMFÉLAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI**
Lausn ágreinings, gott samband mismunandi hópa, samkomur
**Misrétti, árekstrar, ásakanir**

**SKILVIRKNI MEGINSTOÐA SAMFÉLAGSINS**
Lög og reglur, þjóðarstolt, skilvirk opinber stjórnsýsla
**Skrifræði, yfirstétt, völd**

**LÝÐRÆÐISFERLIÐ**
Jafnrétti, tjáningarfrelsi, sátt, aðlögunarhæfni, ábyrgðartilfinning.

**STERK SAMEIGINLEG ÞJÓÐARVITUND**
Traust, opin tjáskipti, gegnsæi, sameiginleg sýn og gildi, sanngirni.

**STEFNUMIÐUÐ BANDALÖG OG SAMSTARF**
Svæðisbundið samstarf, umhverfisvitund, lífsgæði.

**SJÁLFBÆR HEIMUR**
Mannréttindi, ókomnar kynslóðir, vistfræðilegur styrkur.

FRAMHALD Á SÍÐU 40


máltíð
mánaðarins
á kfc
Gamli
góði
kjúklinga
borgarinn
899
kr.
svooogott í 30 ár™
www.kfc.is
0gr.
trans-
fita
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

FRAMHALD AF SÍÐU 38

## ÁRIÐ 2008 / ÁRIÐ 2010

| Persónuleg gildi / samfélagsáherslur (2008) | | Persónuleg gildi/ samfélagsáherslur (2010) | |
|---|---|---|---|
| 1. fjölskylda | 2 | 1. fjölskylda | 2 |
| 2. heiðarleiki | 5 | 2. heiðarleiki | 5 |
| 3. ábyrgð | 4 | 3. vinátta | 2 |
| 4. ábyrgðarkennd | 4 | 4. jákvætt viðhorf | 5 |
| 5. fjárhagsleg öryggi | 1 | 5. traust | 5 |
| 6. traust | 5 | 6. sanngirni | 5 |
| 7. vinátta | 2 | 7. heilbrigði | 1 |
| 8. jákvætt viðhorf | 5 | 8. ábyrgðarkennd | 4 |
| 9. gleði | 5 | 9. fjárhagsleg öryggi | 1 |
| 10. aðlögunarhæfni | 4 | 10. ábyrgð | 4 |

Hvaða orð/hugtök lýsa best þeim gildum/viðhorfum sem þú stendur fyrir persónulega?

| Æskileg gildi / samfélagsáherslur (2008) | | Æskileg gildi / samfélagsáherslur (2010) | |
|---|---|---|---|
| 1. ábyrgðartilfinning | 4 | 1. heiðarleiki | 5 |
| 2. fjölskylda | 2 | 2. fjárhagslegt öryggi | 1 |
| 3. atvinnutækifæri | 1 | 3. atvinnutækifæri | 1 |
| 4. fjárhagslegt öryggi | 1 | 4. fjölskylda | 2 |
| 5. bjartsýni | 5 | 5. virðing | 2 |
| 6. áreiðanleg opinber þjónusta | 3 | 6. áreiðanleg opinber þjónusta | 3 |
| 7. heiðarleiki | 5 | 7. minni fátækt | 1 |
| 8. samfélagsleg ábyrgð | 4 | 8. tækifæri til menntunar | 3 |
| 9. mannréttindi | 7 | 9. umhyggja | 4 |
| 10. minni fátækt | 1 | 10. lýðræði | 4 |
| | | 14. | |

Hvaða orð/hugtök lýsa best þeim gildum/áherslum sem þú telur mikilvægastar í samfélaginu í dag?

| Ríkjandi gildi / samfélagsáherslur (2008) | | Ríkjandi gildi / samfélagsáherslur (2010) | |
|---|---|---|---|
| 1. efnishyggja | 1 | 1. óörugg framtíð | 1 |
| 2. áhersla á skammtímamarkmið | 1 | 2. spilling | 1 |
| 3. tækifæri til menntunar | 3 | 3. atvinnuleysi | 1 |
| 4. óörugg framtíð | 1 | 4. ásakanir | 2 |
| 5. spilling | 1 | 5. áhyggjur af komandi kynslóðum | 3 |
| 6. yfirstétt | 3 | 6. fátækt | 1 |
| 7. efnislegar þarfir | 1 | 7. skammtímamarkmið | 1 |
| 8. sóun auðlinda | 3 | 8. yfirstétt | 3 |
| 9. kynjamismunun | 2 | 9. árekstrar | 2 |
| 10. gagnkvæmar ásakanir | 2 | 10. sóun auðlinda | 3 |

Hvaða orð/hugtök lýsa best þeim gildum/áherslum sem þú upplifir í samfélaginu í dag?

Tölfræðilegt úrtak **1.461** einstaklingur. | Svarhlutfall: **68,9** prósent. | Valið af orðalista sem birtist svarendum í tilviljanakenndri röð.

*Samfélagsleg gildi og áherslur Íslendinga*

**Ríkjandi gildi / samfélagsáherslur:** Túlkun Bjarna Snæbjörns Jónssonar.

| | |
|---|---|
| **áhyggjur af komandi kynslóðum** | Við erum óttaslegin – hvað verður um okkur? |
| **spilling, ásakanir, yfirstétt** | Við treystum ekki forystuöflum í þjóðfélaginu til þess að taka ábyrgð eða að taka ákvarðanir byggðar á heilindum |
| **óörugg framtíð, árekstrar** | Ótti og fjandskapur hefur áhrif á líf okkar og við áttum okkur ekki á því hvert hvert samfélagið stefnir. |
| **sóun auðlinda, atvinnuleysi, fátækt** | Efnisleg gæði skipta enn miklu máli í lífi okkar. Samt göngum við ekki nógu vel um auðlindir og okkur skortir atvinnutækifæri. |




### BÚTAN

**Ríkjandi gildi 2008**

| | |
|---|---|
| 1. framfarir | 4 |
| 2. umhverfisvitund | 6 |
| 3. trú/siðir | 3 |
| 4. pólitísk réttindi | 3 |
| 5. menntun | 4 |
| 6. náttúruvernd | 6 |
| 7. upplýsingaflæði | 3 |
| 8. sameiginleg gildi | 5 |
| 9. sátt | 5 |
| 10. réttlæti | 4 |

### SVÍÞJÓÐ

**Ríkjandi gildi 2010**

| | |
|---|---|
| 1. málfrelsi | 4 |
| 2. skrifræði | 3 |
| 3. atvinnuleysi | 1 |
| 4. friður | 7 |
| 5. sóun | 3 |
| 6. umhverfisvitund | 6 |
| 7. virkt lýðræði | 4 |
| 8. ásakanir | 2 |
| 9. mannréttindi | 7 |
| 10. óörugg framtíð | 1 |

### HVAÐ ERU GILDI EÐA VIÐMIÐ?

■ Sérhver menning, sérhvert samfélag, sérhver einstaklingur hefur í heiðri ólík gildi, þó að mörg hver séu algild. Það sem einstaklingur telur vera eftirsóknarvert í fari einhvers byggist til dæmis á þeim gildum eða viðmiðum sem hann telur mikilvæg.

■ Hvort sem gildin eru okkur ljós eða ekki hafa þau mikil áhrif á hegðun okkar og ákvarðanir og nauðsynlegt er að átta sig á þeim ástæðum sem liggja til grundvallar. Ástæðurnar eru nátengdar þeim gildum sem viðkomandi aðhyllist. Einstaklingar hafa ólík gildi, því viðmið þeirra eru ólík.

# *„Gildismatið ræður ferðinni“*

Fyrstu þrepin þrjú hér að ofan einkenna þarfir sem vekja óöryggi og vanlíðan séu þær ekki uppfylltar. „Þetta eru hlutir eins og þegar einstaklingur hefur ekki peninga fyrir mat, þar sem maður er hræddur um að vera einmana, útskúfaður eða njóta ekki viðurkenningar og telja sig minni máttar. Þegar ofar dregur í vitundarstiganum er þetta ekki til staðar, enda byggist það á því að ekki séu fyrir hendi óuppfylltar grunnþarfir,“ útskýrir Bjarni. „Í neðstu þrepunum eru jákvæðar áherslur á uppbyggilega hluti eins og velmegun, góða heilsu og öryggisnet samfélagsins en hin hliðin sýnir áherslur sem spretta af ótta og tortryggni, eins og spilling, græðgi og ofbeldi sem einkennir ástand þar sem hver og einn hugsar meira um að bjarga sér og fá, frekar en að gefa af sér. Hin neikvæðu eða takmarkandi gildi eða áherslur spila stórt hlutverk á neðstu þrepunum ef fólk upplifir ótryggt ástand og óttast um hvernig því muni farnast í því ástandi. Þess vegna er bæði jákvæðar og neikvæðar áherslur að finna á þessum vitundarstigum.“

Bjarni segir að hugarfar sem hafi þroskast upp fyrir fyrstu þrepin þrjú sé laust við takmarkandi krafta og geti farið að bæta við sig. Með því er byggt undir hæfileikann til þess að vera þátttakandi í víðtækari tilveru sem takmarkast ekki einungis við mann sjálfan eða eigin þarfir. Þeir sem hafa góða fótfestu á fyrstu þrepunum geta náð lengra í þroskanum, breyst til batnaðar og tileinkað sér nýja hugsun. Það á við um einstakling, fyrirtæki eða samfélagið allt.

### Á botninum

Bjarni segir að ef einstaklingurinn sé fastur á neðstu þrepunum geti hann ekki tileinkað sér hugsunarhátt efri þrepanna. Áherslan sé á að uppfylla eigin þarfir, sem séu eðlileg viðbrögð. „Eftir þessu má greina umræðuna í íslensku samfélagi, sem einkennist af því vitundarstigi sem við erum á. Við verðum að skilja að það sem við erum að hugsa um er hvort við séum að missa eitthvað eða fá eitthvað tiltekið. Áherslan er á: Hvað fáum við, helst án þess að skuldbinda okkur á móti.“

Umræðan um aðild að Evrópusambandinu einkennist til dæmis af þessu, segir Bjarni. Við hræðumst það að auðlindir verði teknar af okkur og við verðum ekki sjálfs okkar ráðandi. „Að verða hluti að ríkjasambandi er gríðarlegt stökk fyrir þjóð sem hugsar eins og við gerum. Það hefur ekkert með lög og reglur að gera heldur einfaldlega þjóðarvitundina sjálfa.“

### Íslendingar virka ekki

„Ég dreg þá ályktun af þessum rannsóknum, að við virkum ekki eins og þjóð í eiginlegum skilningi, heldur frekar eins og stór ættbálkur,“ segir Bjarni. „Við erum vissulega mjög vel menntuð, hæfileikarík, dugleg og útsjónarsöm. Við höfum lög og reglur sem benda til að við séum eins og hvert annað vestrænt ríki. En við sem samfélag erum ekki að sýna það í verki því hugarfarið er eilítið öðruvísi.“

Bjarni segir að þegar horft er til persónulegra gilda, eða þess sem hver og einn einstaklingur álítur sig standa fyrir, líti myndin mjög vel út. Gildin einkenna það sem allir vilja í raun; það sammannlega. En af hverju erum við sem samfélag allt annars staðar en við viljum vera?

„Það er auðvitað stóra spurningin og hefur með þessa sameiginlegu hugsun að gera. Hugarfar okkar og gildismat einkennast af því sem er neikvætt og takmarkandi og neðstu þrepin þrjú lýsa svo vel. Stóri vandinn er sá, að við áttum okkur ekki nógu vel á þessu og því finnst okkur það sem aflaga fer í veruleikanum vera einhverjum öðrum en okkur að kenna eða af ástæðum sem við erum ekki hluti af. Við förum í eins konar afneitun og teljum okkur trú um að ef eitthvað eða einhverjir þurfi að breytast, þá séu það aðrir en við.“

### Sjálfsblekking

Bjarni vitnar til samfélagsumræðunnar þar sem mikið er talað um hagvöxt og þess bata sem hann á að skila. Á sama tíma og hagvöxtur og efnahagsleg velferð er nauðsynleg til þess að koma til móts við grunnþarfirnar og eyða óttanum, þarf hins vegar meira til, einkum ef við erum ekki að byggja á hugarfarslega sterkum grunni. „Það átti við fyrir hrun og á við núna. Samanburður á milli áranna 2008 og 2010 sýnir það,“ segir Bjarni. „Við erum ungt samfélag og ég held því fram að við eigum eftir að taka út mikinn þroska sem slík. Í sjálfstæðisbaráttunni, byggðist þjóðarvitundinn á sameiginlegum arfi úr fortíðinni. Á 20. öldinni höfum við hins vegar verið að feta okkur áfram með hluti þar sem nágrannaþjóðir okkar hafa nokkur hundruð ára forskot á okkur. Þessi menning var framandi sem við reyndum að tileinka okkur á stuttum tíma. Samanburður á niðurstöðum mælinga í nágrannalöndunum, til dæmis Svíþjóð og Danmörku, sýnir svo ekki verður um villst að þjóðarvitund okkar er ekki á sama stigi. Þessar þjóðir voru búnar að fara í gegnum þróunarstig sem við áttum og eigum eftir að feta okkur í gegnum. Með markvissum breytingum getum við hraðað þessari þróun,“ segir Bjarni að lokum.

## PERSÓNULEG GILDI OG SAMFÉLAGSÁHERSLUR 11 ÞJÓÐA

| Kanada | Bretland | Svíþjóð | Bandaríkin | Lettland | Belgía | Ísland | Danmörk | Brasilía | Ástralía | Bútan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| heiðarleiki | samkennd | heiðarleiki | heiðarleiki | fjölskylda | heiðarleiki | Fjölskylda | fjölskylda | vinátta | að skipta máli | vinátta |
| fjölskylda | fjölskylda | gleði | fjölskylda | börn | virðing | heiðarleiki | heiðarleiki | fjölskylda | fjölskylda | þroski |
| samkennd | gleði | fjölskylda | væntumþykja | heiðarleiki | vinátta | ábyrgð | gleði | heiðarleiki | gleði | kærleikur |
| gleði | heiðarleiki | ábyrgð | skemmtun | gleði | fjölskylda | ábyrgðarkennd | ábyrgð | virðing | velferð | varfærni |
| virðing | vinátta | áreiðanleiki | ábyrgð | samkennd | samkennd | fjárhagsleg öryggi | jákvætt hugarfar | auðmýkt | heillindi | heiðarleiki |
| vinátta | virðing | samkennd | áreiðanleiki | sveigjanleiki | að hlusta | traust | vinátta | gleði | heiðarleiki | réttlæti |
| ábyrgð | sanngirni | jákvæðni | sjálfstæði | vinátta | heilsa | vinátta | samkennd | heilsa | samúð | sjálfsagi |
| jákvætt hugarfar | traust | vinátta | vinátta | ábyrgð | ábyrgð | jákvætt viðhorf | sanngirni | sanngirni | sköpunarkraftur | bjartsýni |




# Heimilisbrauðið inniheldur auðvitað enga transfitu!

Framleiðsluvörur Myllunnar innihalda enga ... eða minna en 1% transfitu. Engin transfita er í Heimilisbrauðinu. Leitaðu að gæðamerkjum Myllunnar.

**Myllan er brautryðjandi.** Myllan tók stefnuna hvað transfitur varðar þegar árið 2003. Þá var smjörlíki skipt út fyrir matarolíu við framleiðslu á öllum brauðum fyrirtækisins. Frá árinu 2005 hefur eingöngu verið transfitusnautt smjörlíki í öllum kökum og sætabrauði. Þar með urðu framleiðsluvörur Myllunnar transfitulausar eða transfitusnauðar.

Þess má geta að transfitusnautt smjörlíki var ófáanlegt á Íslandi fram til ársins 2005 vegna innflutningshafta..!
Samkvæmt lögum er ekki leyfilegt að merkja magn transfitusýra á umbúðir matvæla..!?

Myllan er brautryðjandi í framleiðslu heilsusamlegra matvæla á Íslandi. Lestu um Heilsustefnu Myllunnar frá árinu 2006.

***Þú getur treyst því að vara merkt Myllunni innihaldi enga eða minna en 1% af transfitu***

Skoðaðu myllan.is

ÍSLENSKT já takk!

**FRÉTTASKÝRING:** Hvaða áhrif hefði ESB-aðild á iðnað, ferðaþjónustu og nýsköpun?

# Fólk er orðið þreytt á sveiflunum

**Gangi Ísland í ESB opnast ýmis sóknarfæri fyrir iðnaðinn, en mest munar um það ef evra verður tekin upp með fylgjandi stöðugleika. Hagsmuna sjávarútvegs þarf að gæta. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar lítur á ESB sem „taplið“ en veit engan skárri kost. Þingmaður Sjálfstæðisflokks í iðnaðarnefnd sér engin jákvæð áhrif af ESB-aðild.**

Á dögunum greindi Norræna ráðherranefndin frá því að nýsköpun á Íslandi mældist neðarlega miðað við önnur norræn ríki. ESB-ríkin þrjú, Danmörk, Finnland og Svíþjóð, voru í efstu sætunum en EES-ríkið Noregur var fyrir neðan Ísland.

Samtök iðnaðarins hafa um árabil mælt með aðildarviðræðum um inngöngu í Evrópusambandið. Hátækni- og hugbúnaðarfyrirtæki eru hlynnt inngöngu. Meirihluti fyrirtækja innan Samtaka ferðaþjónustunnar er það einnig. Að mati þessara fyrirtækja munar mest um evruna, meiri stöðugleika og auðveldari fjármögnun, sem fólk sér sem afleiðingu aðildar.

Ekki eru þó öll fyrirtæki jafn sannfærð. Innan samtaka iðnaðarins eru mörg fyrirtæki, sem þjónusta sjávarútveginn á ýmsan hátt, sem hafa áhyggjur af því að hagsmunir sjávarútvegsins verði fyrir borð bornir í aðildarviðræðum. Iðnfyrirtæki í landbúnaði, kjöt- og mjólkuriðnaði, eru heldur ekki hrifin af aðild.



**UNNIÐ AÐ ÚTFLUTNINGI** Helstu nýsköpunarfyrirtæki eru fylgjandi aðild að ESB og segja hana jafnvel forsendu frekari starfsemi á Íslandi. Hefðbundnari framleiðsla, svo sem mjólkur- og kjötiðnaður, telur að aðild hefði neikvæð áhrif á starfsemi sína. MYND/ÖSSUR

### Sparnaður við rammaáætlanir

„ESB aðild þýðir að gjald Íslendinga fyrir aðgang að rammaáætlunum ESB um rannsóknir og þróun og samkeppnishæfni og nýsköpun fellur að miklu leyti niður, og verður fært með öðrum kostnaði af aðildinni,“ samkvæmt upplýsingum úr stjórnarráðinu. Þessi aðgangur kostar núna rúman milljarð á ári hverju.

„Þá verður Ísland fullgildur aðili að atvinnu- og svæðaþróunarstarfi ESB en undir merkjum þess eru bæði öflugir sjóðir og stuðningur við samþættingu áætlana,“ segja upplýsingar úr iðnaðarráðuneyti.

Ráðuneytið kveður upptöku evru miklu skipta fyrir atvinnuþróun og nýsköpun á Íslandi.

### Engin jákvæð áhrif af aðild

Jón Gunnarsson er fulltrúi Sjálfstæðisflokks í iðnaðarnefnd Alþingis. Hann er andsnúinn aðild að ESB, helst vegna þess að hann óttast að forræði Íslendinga yfir auðlindum geti skerst, að ESB breyti reglum um auðlindastýringu þannig að erlendir aðilar geti keypt af Íslendingum aðgang að auðlindum: „Ég get ekki séð að aðild muni færa okkur nein jákvæð áhrif umfram það sem við höfum í dag. Við erum aðilar að þessum EES-samningi og ég held að [inngang í ESB] sé ekki atriði sem muni laga samkeppnisstöðu okkar iðnaðar,“ segir hann.

Jón vill ekki blanda umræðu um ESB við gjaldmiðilsskipti og stöðugleika efnahagslífsins. Aðild að myntbandalagi Evrópu taki enda mörg ár. Þangað til gæti krónan bætt samkeppnishæfni landsins.

Í umsögn um þingsályktun um aðildarviðræðurnar segir Samorka, samtök orku og veitufyrirtækja, hins vegar að eignarhald náttúru-auðlinda innan ESB sé alfarið á hendi aðildarríkjanna sjálfra, ekki ESB. Iðnaðarráðuneytið segir að reglum um slíkt grundvallaratriði yrði ekki breytt í framtíðinni án samþykkis aðildarríkja.

### Ferðaþjónusta einhuga um evru

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að nú þegar hafi mest allt regluverk ESB sem snýr að ferðaþjónustu og flugi verið fært í lög og aðild breyti ekki miklu um það. Könnun innan samtakanna, skömmu eftir hrun, hafi leitt í ljós að 70 prósent félagsmanna telji að aðild yrði mjög hagstæð ferðaþjónustunni og að 83 prósent þeirra vilji nota evru í stað krónu.

„Og ég á ekki von á að þetta hafi breyst mikið síðan,“ segir Erna: „Fólk er orðið óskaplega þreytt á þessum sveiflum í gengi krónu. Það er ekkert grín að verðleggja til dæmis ráðstefnu eftir tvö til þrjú ár. Þú veist ekkert hvað þú færð fyrir krónuna eftir þann tíma,“ segir hún. Samtökin hafi kallað til ýmsa sérfræðinga og niðurstaðan sé sú að evran henti best og að hún verði ekki tekin upp með góðu móti án aðildar. Erna bendir á reynslu Finna.

„Finnsk ferðaþjónusta telur að það hafi fyrst og fremst verið evran sem gerði þeim kleift að gera skynsamlegar áætlanir fram í tímann og búa við stöðugleika,“ segir hún.

Þess skal getið að ekki eru allir sammála um árangur Finna eftir kreppu, svo sem í velferðarmálum. Almennt hefur finnskum iðnaði þó gengið vel og stöðugleiki náðst í efnahagslífi. Mikil skuldsetning og hátt gengi gjaldmiðils til að berjast við verðbólgu er meðal þess sem angraði Finna áður.

### ESB er taplið

Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, segir að mjög örvandi samskipti við ESB hafi opnast með EES-samningnum og hjá sambandinu sé æ meir litið til nýsköpunar. Eftir hrun hafi bankar verið tregir til að lána í þennan málaflokk.

„Þessi skilyrði til fjármögnunar myndu batna mikið með inngöngu í ESB og málaflokkurinn fengi meiri athygli,“ segir hann. Þó sé brýnt að gleyma ekki öðrum þjóðum og halda í samninga við þær einnig.

Þorsteinn segir umhugsunarvert að ESB skilgreini sig ekki sem „vinningsliðið“ heldur finnist sem það sé alltaf undir í keppninni við Bandaríkin og Japan. „Viðmið okkar ætti því að vera heimurinn allur, frekar en einungis Evrópa. Við erum ekki endilega bættari af því að vera í tapliði.“

Hann sér þó engra betri lausn í hendi: „Við getum ekki staðið ein á báti gagnvart nýsköpunarfjármögnuninni.“

Samkvæmt iðnaðarráðuneyti hefði aðild að ESB ekki áhrif á viljayfirlýsingar eða tvíhliða samninga um rannsóknarsamstarf við ríki utan ESB.

### Forsenda nýsköpunar

Þrjú iðnfyrirtæki hafa, að öðrum ólöstuðum, slegið í gegn á erlendum mörkuðum síðustu ár. CCP, Marel og Össur. Í svörum við fyrirspurn nefndar um þróun Evrópumála á vegum forsætisráðuneytis segir Össur líklegt að erlendir fjármögnunaraðilar geri kröfu um að fyrirtækið verði flutt í stöðugt umhverfi. CCP og Marel segjast styðja aðild „eindregið“. Marel gengur raunar lengra og segir aðild „eina af meginforsendum fyrir áframhaldandi stækkun fyrirtækisins á Íslandi“.




**Klemens Ólafur Þrastarson**
klemens@frettabladid.is


## Að bæta umhverfi lítilla fyrirtækja




„Iðnstefna ESB miðar að því að styðja við aðgerðir sem bæta samkeppnishæfni iðnaðar í aðildarríkjunum með því að hraða aðlögun að breyttum aðstæðum, stuðla að umhverfi sem hvetur til nýsköpunar og hagvaxtar alls staðar á innri markaðnum, og stuðli aukinheldur að innlendri jafnt sem erlendri fjárfestingu. Stefnan miðar enn fremur sérstaklega að því að bæta rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. [...] Aðild að [frumkvöðla- og iðnaðarstefnu ESB] myndi opna Íslandi leið til fullrar þátttöku í Lissabon-ferlinu svonefnda, sem miðar að því að gera Evrópusambandið að samkeppnishæfasta efnahagssvæði heims.“

*Úr bókinni Inni eða úti - Aðildarviðræður við Evrópusambandið eftir Auðunn Arnórsson (2009).*




## Vont fyrir mjólkur- og kjötiðnað

Í áfangaskýrslu Samtaka iðnaðarins (2010) um aðild að ESB segir að fimmtungur landsmanna hafi atvinnu af iðnaði og þaðan komi þriðjungur af gjaldeyristekjum. Að umræða um ESB hverfist um of kringum hagsmuni sjávarútvegs og landbúnaðar. Ákall um stöðugleika sé hávært meðal félagsmanna og flestir þeirra eigi erfitt að sjá iðnað vaxa og dafna með íslensku krónunni. Tekið er fram að mikilvægt sé að samningur um sjávarútveg verði hagstæður, enda snerti hann mörg iðnfyrirtæki. Mjólkur- og kjötiðnaður verði líklega fyrir miklum neikvæðum áhrifum. Það sjónarmið heyrist meðal félagsmanna að „nauðsynlegt sé að ganga í Evrópusambandið til að losna við spillingu og kunningjatengsl“.

## Hvað var sagt í aðdraganda EES-samningsins?

### Óttaðist ómælda fjárfestingu



„Það sem ég óttast kannski öðru fremur er aukin samkeppni erlendra fyrirtækja við íslensk fyrirtæki og aukin og ómæld fjárfesting erlendra aðila hér á landi. Við vitum auðvitað ekki hversu mikil hún verður, við vitum ekki hversu mikið menn munu leita eftir því að fjárfesta hér á landi. En staðreyndin er sú að við búum ekki í stóru iðnríki. [...] Ef við lítum á íslensk fyrirtæki þá eru öll íslensk fyrirtæki smáfyrirtæki. Þau eru meira að segja pínulítil fyrirtæki og við vitum að í hinum svokallaða innri markaði, sem á að taka gildi innan Evrópubandalagsins, er einn þáttur og mjög ríkur sá að stórfyrirtæki fá að njóta sín, að hagkvæmni stórfyrirtækja fái að njóta sín.“ **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**, þingkona Kvennalista, í þingræðu um EES-samninginn, 5. nóvember 1991.

### Áttum að hafa manndóm



„Nei, við höfum staðið okkur illa í því, það verður að viðurkennast, að skapa íslenskum iðnaði viðunandi skilyrði. Við höfum haldið hér ýmsum sköttum og álögum sem ekki þekkjast annars staðar [...] Vitanlega áttum við að hafa manndóm til að lagfæra slíka hluti áður. Ég tek það fram að ég er alveg eins í sök að þessu leyti eins og aðrir sem að stjórnmálum hafa komið þennan tíma. Staðreyndin er vitanlega sú að við getum án nokkurs samnings skapað þessi skilyrði öll fyrir iðnaðinn hér.“ **Steingrímur Hermannsson**, þingmaður Framsóknar, í þingræðu um EES, 24. ágúst 1992.

### Engin miskunn í ESB - allir jafnir



„Það er engrar miskunnar þaðan [frá Evrópu] að vænta gagnvart tilburðum einstakra samningsaðila, til dæmis til að halda utan um sinn vinnumarkað, vera hliðhollur sinni framleiðslu, sínum vörum og svo framvegis. Ó, ekkí. Nei, aldeilis. Þvert á móti liggur hið gagnstæða fyrir að þar er engin miskunn hjá Magnúsi. Þar skulu sko allir vera jafnir hvort sem þar er mikið eða lítið atvinnuleysi [...] Því að það er nú einu sinni lögmál markaðarins og lögmál frelsisins, sem eru bara að birtast mönnum í slíku, að Írar fara halloka, að þeirra iðnaður stendur veikt og stórfyrirtækin á meginlandinu valta yfir þá.“ **Steingrímur J. Sigfússon** þingmaður Alþýðubandalags, í þingræðu um EES-samninginn, 9. janúar 1993.

**AÞENA - HVAÐ ER MÁLIÐ MEÐ HAÍTÍ?** EFTIR MARGRÉTI ÖRNÓLFSDÓTTUR

# ÚTGÁFUHÁTÍÐ Í EYMUNDSSON

## Komdu og fagnaðu með okkur! Appelsín, límmiðar og stuð!



Franskur trúður rænir besta vini Aþenu og svo bestu vinkonunni líka, mamman virðist stefna á að setja heimsmet í óléttudellu – og hvað er eiginlega málið með ömmu Rósí og Haítí?

DYNAMO REYKJAVÍK




Aþena
(ekki höfuðborgin í Grikklandi ;)
**FJÖRUVERÐLAUNIN**
Í FLOKKI UNGLINGABÓKA

„Bráðskemmtileg bók,
fjörug og fyndin...,
ævintýraleg og nútímaleg,"
**–Hrund Ólafsdóttir,**
**Morgunblaðið**

„Margrét Örnólfsdóttir
varpar áreynslulaust upp
hæfilega hversdagslegri og
hæfilega ævintýralegri mynd
af heimi krakka í dag."
**–Úlfhildur Dagsdóttir,**
**Bókmenntir.is**

**Útgáfuhátíð**
í Eymundsson,
Skólavörðustíg í dag
á milli kl. 15 og 16.
**Allir velkomnir!**

BJARTUR



**RÍÓ TRÍÓ 1968: HELGI PÉTURSSON, ÓLAFUR ÞÓRÐARSON OG ÁGÚST ATLASON**

Ég man varla eftir að hafa séð hallærislegri hljómsveit en Ríó tríó þegar ég sá þá fyrst.



**ÞÓRUNN OG VLADIMIR ASHKENAZY ÁSAMT BÖRNUM SÍNUM 1970**

Ég man að sá heimsfrægi snillingur Askenasí var spurður álits á popptónlist, sem flestir í klassíska geiranum voru að skammast út í. En hann sagði: *„Því miður skil ég ekki popptónlist. Og get því ekki tjáð mig um hana.“*

# Orgínalar settu svip á bæinn

Sjöundi og áttundi áratugurinnn lifna við í ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar sem birtar eru í nýútkominni bók, Poppkorni. Minningabrot **Einars Kárasonar** rithöfundar fylgja með og úr verður skemmtilegur aldarspegill. ***Fréttablaðið*** birtir hér nokkur brot úr verkinu með góðfúslegu leyfi höfunda.



**HERMANN GÖTUSÓPARI 1966**

Ég man hvað nokkrir orgínalar settu svip á bæinn. Menn réttu í átt til Hemma Krónu smápening og svo var reynt að togast á um hann; enginn gat snúið á Hemma. Óli blaðasali átti sitt horn við Reykjavíkurapótek og vei þeim smástrákum sem reyndu að selja á því horni. Vinur minn einn fékk síðar starf við sumarafleysingar á DV og var meðal annars settur í að vera fararstjóri í ferð duglegra blaðsölubarna til Köben, en lenti í miklu havaríi þegar Óli blaðasali týndist á Vesturbrú.



**EINAR VILBERG OG JÓNAS R. JÓNSSON 1972. LJÓSMYND TEKIN VEGNA HLJÓMPLÖTUNNAR GYPSY QUEEN**

Ég man að Einar Vilberg samdi líka rammslunginn heimsósómatexta. Pétur Kristjáns söng eftir hann: *„Vitskert veröld / skipuð vitstola verum / sem heyja stríð sín í milli / ég segi skoðun mína.“*




**HENNÝ HERMANNS 1970**

Ég man keppnina Miss young international og að Henný Hermanns náði bara þriðja sætinu hér heima en sigraði samt afganginn af stúlkum heimsins með glans.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

nóvember 2010

## *Gæðastund*

Guðmundur Finnbogason kennir börnum og fullorðnum konfektgerð.

SÍÐA 2





## *Ávaxtakaka fyrir afa*

Thelma Hjaltadóttir bakar handa ástvinum sínum fyrir jólin. SÍÐA 8





SHARP
Pioneer
OLYMPUS
Nintendo
SAMSUNG

ERUM FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð

OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15

...Ég líka!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




# *Heimagert í pakkann*

Kræsingar til að gefa og gleðja um jólin.




Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

NÓVEMBER TILBOÐ




2 kg af hágæða Kimbo kaffibaunum fylgja öllum Saeco vélum.

Verð frá 69.990

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# HVA, ER MATUR Í JÓLAPAKKANUM?

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar**

Á hverju aðfangadagskvöldi fæ ég ætan og dísætan jólapakka frá húslegri frænku minni undan jólatrénu, en þeim dugnaðarforki finnst fátt skemmtilegra en að bauka við persónulegar jólagjafir í formi hannyrða og girnilegra eldhústilrauna þegar haustar að. Þetta kemur sér stórvel fyrir mig því ég er bæði óduglegur og klúðurslegur jólabakari og með eindæmum óskipulögð í öllum jólaundirbúningi, sem útilokar sennilega æta jólapakka frá mér um alla framtíð. Samt dáist ég öðru fremur að útsjónarsömum húsmæðrum og öfunda þær af hugmyndaauðgi, handlagni og snilligáfu í eldhúsinu.

Í árvissum jólapakka frænku minnar er ávallt veglegur skammtur af dýrindis mildkrydduðum mömmukökum með hnausþykku smjörkremi, heimagert súrsætt chili-chutney og oftar en ekki óvæntur bónus í formi gamaldags, sneisafullrar glerkrúsar af súkkulaðihúðuðum kókostoppum, handskreyttum kransabitum og heimagerðu úrvalskonfekti.

Þessi bragðmikla jólagjöf bjargar jólum í mínu húsi þegar gesti ber óvænt að garði og gleður sannarlega börnin smá, sem elska að seilast eftir smákökubita um hátíðirnar, en reyndar er sonur minn farinn að stóla á þennan gómsæta jólaböggul frænku sinnar, vitandi sem er að mamma hans gerir misheppnaðar og öllu bragðverri mömmukökur.



Nú hyllir undir hátíðirnar með tilheyrandi áramótaheitum og mig langar auðvitað að verða betri í öllu. Betri manneskja og duglegri húsmóðir. Tína berjaflóru að hausti til að sjóða í ljúffengt sultutau, gera framandi marmelaði úr alls kyns aldinum, finna sprek til að stinga í karamellugljáð epli, baka enskar jólakökur sem ég staupa með koníaki allt haustið, handgera marsipandrumba og súkkulaðitrufflur, og baka kynstrin öll af smákökum og jólatertum, þar sem jólamerkimiðar pakkanna eru úr piparkökum og jólakortin fléttuð heimatilbúnum hnetukaramellum. Þá þykist ég viss um að skora hærra um jól hjá börnunum, pabba þeirra og ekki síst sjálfri mér, að ógleymdum þeim sem fengju frá mér hjartans persónulega pakka og dáðust svo mjög að innihaldinu.

Má ég samt koma með eina tillögu? Gefum þessar matargjafir frekar á aðventunni og njótum þeirra saman á huggulegasta tíma ársins. Kannski bara barnaskapur og vanþakklæti að láta svona, því ég vil síst missa af matargjöfinni glæstu, en það er ekki nærri eins gaman að fá jólagjöf sem aðrir klára og gufar upp í munnum gesta. Ekki einu sinni þótt persónuleg sé.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

Holt · Hvunndags/til hátíðabrigða · Til hátíðabrigða · Meðlæti · Kökur · Sætindi

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*



Guðmundur Finnbogason miðar konfektgerðarnámskeiðin við yngstu bakarana. Hann segir námskeiðin gæðastund fyrir alla fjölskylduna við að búa til eitthvað gott í sameiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Góðir molar í gjöf

Konfektmolar eru sniðug og falleg gjöf á jólum. Guðmundur Finnbogason hefur sett saman námskeið þar sem fjölskyldan lærir saman að steypa mola í mót.

Nammi namm!

Það er fullt af námskeiðum í boði fyrir fullorðna svo ég miða þessi námskeið við krakka. Hugmyndin er að börn og fullorðnir komi saman og hingað hafa komið heilu fjölskyldurnar. Þá er námskeiðið líka orðið að gæðastund við að búa til eitthvað gott í sameiningu.

Svo fara allir heim með fullt af konfekti sem hægt er að nota í jólagjafir en steyptu molarnir verða mjög fallegir,“ segir Guðmundur Finnbogason, heimilisfræðikennari við Laugarnesskóla, en hann hefur ýmist búið uppskriftirnar til eða aðlagað að minnsta konfektgerðarfólkinu.

„Konfektgerð er ekki mjög flókin aðgerð í sjálfu sér en hér lærir fólk tækni og aðferðir til að geta svo útfært sínar eigin hugmyndir heima. Námskeiðin koma fólki af stað.“

Guðmundur leggur til mót og hráefni á námskeiðinu en vill minna þá fullorðnu á að koma með svuntur. Hvert námskeið tekur um það bil tvo tíma og á þeim tíma gera þátttakendur fjórar til fimm tegundir af konfekti. Námskeiðin eru haldin í Laugarnesskóla á fimmtudagskvöldum frá klukkan 19 til 21. Skráning fer fram á www.matreidslunamskeid.com - rat



## EINFALDAR KONFEKTMOLAFYLLINGAR

### NÚGGAT OG MARSÍPANFYLLING

**200 g gott marsípan**
**100 g núggat**

*Blandaðu þessu vel saman og bættu út í, til dæmis líkjör eins og Grand Mariner eða Amaretto. Það má líka nota ávaxtaþykkni eins og appelsínudjús til að fá appelsínubragð. Mikilvægt er að smakka stöðugt til að finna rétta bragðið. Það má líka nota hnetur í þessa fyllingu, hakkaðar salthnetur, heslihnetur eða pekanhnetur.*

### KARAMELLUFYLLING

**100 g fyllt karamellurjómasúkkulaði**
**½ dl rjómi**
**1-2 tsk. líkjör ef vill.**

*Hitaðu rjómann og súkkulaðið rólega í potti eða örbylgjuofni. Bættu líkjörnum út í. Látið kólna í skál í ísskáp þar til blandan verður þykk. Settu smá í hvern mola og hjúpaðu með bráðnu súkkulaði. Það má líka búa til litlar kúlur og hjúpa þær í súkkulaði.*




TE &KAFFI

# Kaffi, konfekt og með því



Te & kaffi framleiðir allt kaffi sitt sjálft og selur nýristað í búðum til dæmis í kaffihúsinu Te & kaffi á Laugavegi 27 sem er skemmtilegt kaffihús en einnig sælkeraverslun. Þar má fá allt í kringum kaffi en einnig ýmsar aðrar vörur á borð við súkkulaði, bakkelsi og sælgæti.

Kringum jólin er boðið upp á sívinsælar gjafakörfur sem í eru kaffi og te og konfekt af ýmsum gerðum. Nýlega hefur Te&kaffi hafið sölu á súkkulaðistöngum sem eru búnar til út hágæða belgísku súkkulaði. Stönginni er stungið út í heita mjólk, súkkulaðið leysist þá upp og verður að alvöru súkkulaðidrykk.

Fyrir hver jól gefur Te & kaffi út nýja hátíðablöndu.


ego dekor
HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-
Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-
HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-
COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-
COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-
FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-
CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-
KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 205cm
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-
Stóll
TILBOÐSVERÐ: 86.400,-
BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-
ALEX
leðurstóll
Verð: 16.900,-
TRENT
leðurstóll
Verð: 12.800,-
MONET
stóll
Verð: 19.900,-
OLIVER
stóll
Verð: 18.900,-
TROY
stóll
Verð: 16.800,-
DAVOS
stóll
Verð: 24.500,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

## Í ELDHÚSKRÓKNUM



**GJAFABRÉF-POKAR** í ýmsum skemmtilegum litum og mynstrum. Tilvaldir til að stinga jólaköku ofan í. IKEA, Kauptúni 4. Verð: 395 krónur.



**NIÐURSUÐUKRUKKA** fyrir sultur, litlar kókoskúlur og heimasúrsaðar gúrkur í jólagjafirnar. Ilva, Korputorgi. Verð: 290 krónur.



**PIPARKÖKUMÓT** í jólalegum eldrauðum lit og eru örugglega ekki síðri sem jólaskraut á tréð. Habitat, Holtagörðum. Verð: 1.990 krónur.

## JÓLATRÉ, SLEÐI OG KONFEKTSKÁL

### KRANSAKÖKUDEIG



**1 kg kransamassi**
**500 g sykur**
**100-110 g eggjahvítur**

*Hrærið kransamassa og sykri saman. Hellið eggjahvítum varlega út í í þremur til fjórum skömmtum svo massinn skilji sig ekki. Byrjið síðan að föndra úr deiginu.*

*Athugið að baka þarf kransakökudeig við 200 til 220 gráða hita. Þykkt og stærð bita ræður hversu langan tíma tekur að baka, að meðtaltali tekur það tíu til tólf mínútur. Gott er að miða við að litur sé orðinn ljósbrúnn (gylltur).*

### JÓLATRÉ

**Glassúr**
**1 eggjahvíta**
**Smávegis af grænum matarlit**
**Flórsykur, sigtaður út í þar til glassúr er hæfilega þykkur. Hann á að leka af sleifinni svo hann slitni frekn-ar en í heilli þunnfljótandi bunu.**

*Búið til þykkan og góðan bita (kross) til að standa undir trénu. Bakið hann lengur en venjulegan kransabita svo hann þoli þyngdina og kremjist ekki. Byrjið að rúlla upp stærsta hringinn, svo aðeins minni og þannig koll af kolli. Því fleiri sem hringirnir eru því stærra tré (og þyngra). Sprautið glassúr á tréð og notið brætt súkkulaði til að festa sælgætið á það.*



### SLEÐI

*Bakið á tvö skíði með sveigðum endum. Fletjið út kransakökudeig og skerið út langan ferhyrning, mælið og skerið svo hvern bita 1 cm breiðan og 4-5 cm. langan (lengdin á stykkinu ákvarðar lengdina milli skíðanna).*



### KONFEKTSKÁL

*Konfektskál (líka hægt að setja í hana kerti) er með þremur undirstöðum, með hringjum sem eru 4 cm í þvermál. Búið til 12 til 14 hringi. Skiptið 6 til 7 þeirra í helminga og notið súkkulaði (sem harðnar) til að festa saman. Leggið síðan hálfu hringina niður og festið með því að leggja botnana saman og sprautið súkkulaði á milli. Þá er komin ein lengja. Sprautið súkkulaði ofan á undirstöður og leggið lengju í súkkulaðið.*

### KERTASTJAKI

*Hnoðið misstóra hringi og raðið þannig að þeir myndi keilu og gætið þess að hafa opið á efstu tveimur hringjunum nægilega vítt svo kerti komist ofan í.*



**Kosti kransakökudeigs segir Hilmir vera marga. Hann getur þess að hægt sé að fá deigið í Sveinsbakaríi auk þess sem hægt er að skoða ýmsar kræsingar á sveinsbakari.is.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Litrík listaverk

Úr kransakökudeigi er hægt að hnoða saman ýmis listaverk til að gefa og gleðja um jólin. Hilmir Hjálmarsson bakari lumar á nokkrum skemmtilegum hugmyndum.

Það sem gerir deigið svo skemmtilegt er að í meðförum er það nánast eins og leir. Þannig að ef fólk er svolítið lunkið við að leira geta ótrúlegustu listaverk fæðst,“ útskýrir Hilmir Hjálmarsson, bakari í Sveinsbakaríi og hugmyndasmiður að Köku ársins 2010. Hann segir kransakökudeig einkar vel til þess fallið að gera úr því fallegar jólagjafir, af einmitt þessari og fleiri ástæðum. „Svo getur öll fjölskyldan sameinast í bakstrinum og þá er hægt að skipta niður verkum, einn getur gert undirstöðuna, annar toppinn og þar fram eftir götunum.“ Hann bætir við að kransakökurnar endist líka í nokkra daga sem er kostur. „Það má lengja líftíma þeirra um fjóra til fimm daga með því að setja þær í plastpoka og svo njóta þess að narta smám saman í þær.“ Hilmir var svo vinsamlegur að reiða fram á mettíma nokkur listaverk sem lesendur geta notið að dunda sér við. - rve



**Hilmir Hjálmarsson, bakari í Sveinsbakaríi, mælir með að fólk í jólagjafahugleiðingum spreyti sig á kransakökudeigi.**


SVEFNSÓFAR NÝ SENDING
KLIKK- KLAKK - EITT HANDTAK
Glæsilegir svefnsófar
rúmfatageymsla í sökklinum.
Litir: Dökkbrúnt, brúnbeige, ljósbeige og grátt



Verð aðeins kr. 119.000.-
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - Laugardaga kl. 11-16


## SÓMIR SÉR VEL Á VEISLUBORÐINU



Sá siður að bjóða upp á kransaköku í veislum barst hingað til lands frá Danmörku fyrir meira en öld. Kakan féll strax í kramið meðal annars vegna þess hversu einfalt er að búa hana til og upp frá því hefur verið boðið upp á kransakökur við ýmis hátíðleg tilefni á Íslandi. Þannig hefur kransakakan skapað sér hefð í fermingar- og brúðkaupsveislum, hvort heldur sem um er að ræða kaffi- eða matarveislur. Því er þó ekkert til fyrirstöðu að bjóða upp á kransaköku um jólin eða búa til úr deiginu alls kyns falleg listaverk eins og sést af útfærslum Hilmis Hjálmarssonar hér að ofan.



# M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11 – 18 og laugardaga 11–16.

PIPAR/TBWA • SÍA • 102207




Valentína segir matargjafir oftast koma sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Dukkah er til dæmis gott sem raspur á fisk.

Það má auðveldlega útbúa flöskur sem þessa. Veljið góða ólívuolíu og skreytið með rósmaríni eða öðrum kryddjurtum.

Skvetta af bláberjaediki

# Góðgæti sem

Valentína Björnsdóttir er hrifin af því þegar fólk útbýr matar

Hún gefur hugmyndir að góðgæti sem mætti lauma í litla p

Valentína Björnsdóttir og eiginmaður hennar Karl Eiríksson hafa það fyrir sið að baka kryddköku fyrir jólin og færa vinum ásamt kerti eða öðru smáræði. „Þetta er svona lítið sætt jólakort í kökuformi en ég er hrifin af þeirri hugmynd að föndra eitthvað heima, setja jafnvel í fallegar krukkur og gefa. Úr því verða persónulegar gjafir sem koma frá hjartanu."

Valentína segir ýmislegt hægt að gera og að nauðsynlegt sé að nostra jafnt við umbúðirnar sem innihaldið. „Það eiga margir krukkur inni í skáp sem má endurnýta en svo er víða hægt að finna falleg ílát á góðu verði."

Beðin um að láta sér detta í hug sniðugar matargjafir er Valentína fljót að nefna bláberjavinegar, rauðlaukssultu og dukkah-krydd, en hið síðastnefnda lét hún einmitt fylgja með kryddkökunni í fyrra. „Vinegarinn er tilvalinn út á jólasalatið, sultan með steikinni og kryddið er bragðgóð hnetublanda til að setja út á salat, fisk og fleira."

Valentina veit hvað hún syngur þegar kemur að matargerð en hún hefur rekið Móður Náttúru ásamt


C&S Chef&Sommelier

Glösin sem gera góð vín betri

| | | |
|---|---|---|
| Rauðvínsglas | 55 cl. | 1.295 |
| Hvítvínsglas | 40 cl. | 1.195 |
| Kampavínsglas | 20 cl. | 1.095 |



FASTUS
www.fastus.is
580 3900
Síðumúla 16


## BRAGÐGÓÐAR GJAFIR

### DUKKAH

**100 g pistasíuhnetur**
**100 g möndlur**
**50 g sesamfræ**
**2 msk. kóríanderfræ**
**2 msk. cumminfræ**
**1 msk. fennelfræ**
**1 tsk. svartur pipar**
**1 tsk. maldonsalt**

*Ristið pistasíuhnetur og möndlur í ofni í um það bil 10 mínútur við 170° hita. Þurrristið kóríanderfræ, kúmenfræ, fennelfræ og sesamfræ á heitri pönnu í um það bil 2-3 mínútur. Passið vel að þau brenni ekki. Malið kryddið og sesamfræin í matvinnsluvél, bætið hnetum og möndlum út í og malið allt vel saman.*

### BLÁBERJAVINAIGRETTE

**2 dl ólívuolía**
**2 dl bláber**
**½ dl hvítvínsedik**
**1 tsk. maldonsalt**
**1 msk. limesafi**
**2 msk. agave-síróp**
**Svartur pipar**

*Allt sett í matvinnsluvél og maukað vel saman.*



### RAUÐLAUKSSULTA

**2 msk. olía**
**3 meðalstórir rauðlaukar, sneiddir**
**Safi úr ½ lime**
**2 msk. maple-síróp**
**2 msk. saxaður kóríander**
**Salt og pipar eftir smekk**

*Hitið olíu í potti. Mýkið laukinn í olíunni og passið að hann brenni ekki. Bætið lime-safa og maple-sírópi út í. Látið malla í um það bil 10 mínútur. Bætið kóríander út í í lokin. Saltið og piprið eftir smekk.*




**Matvöruverslunin Kostur** á Dalvegi verður eins árs á morgun. Af því tilefni verður afmælishátíð í dag. Í búðinni verða afmælistilboð, nýtt bakarí verður opnað og boðið upp á afmælistertu. Ingó og Dikta spila nokkur lög auk þess sem trúður og töframaður kíkja í heimsókn.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447







**Söngstjarnan Birgitta Haukdal ætlar að gefa ungum syni sínum helgina alla í borgfirskri sveitasælu**

# Hjartað á nýjum stað

;HELGIN | 2



Birgitta segir móðurhlutverkið það besta í heimi og vildi gjarnan eiga meira barnaláni að fagna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég ætla að bruna vestur á Hvítársíðu í sumarbústað foreldra minna til að eiga notalegar stundir með syni mínum og mömmu meðan eiginmaðurinn og pabbi ætla saman að veiða jólarjúpurnar," segir Birgitta, spurð út í helgarfríið.

„Ætli náttúruþorstinn sé ekki arfleifð frá æskuárunum á Húsavík. Mér finnst svo gott að kúpla mig úr fjöri borgarinnar og er aldrei eins endurnærð og eftir stundir í náttúrunni," segir Birgitta sem hefur nýjan dag í sveitinni á nýbökuðu brauði og gönguferð á eftir.

„Markmið helgarinnar er að gefa stráknum mínum alla mína athygli, leika við hann og fara í göngutúra um Húsafell eða að Barnafossum. Svo grunar mig að við förum í eitthvert jóladúllerí því jólaandinn er kominn yfir okkur," segir Birgitta full tilhlökkunar.



**Húnvetnsk messa** verður í Dómkirkjunni á sunnudaginn klukkan 14. Sr. Sveinbjörn Einarsson sóknarprestur á Blönduósi predikar, kór Þingeyrarklaustursprestakalls syngur undir stjórn Sigrúnar Grímsdóttur og Sólveigar S. Einarsdóttur organista.













Slá úr þæfðri ull og blúndu eftir Maríu Nielsen.

Svartur kögurkjóll eftir Elísabetu Maren.

Pils og toppur eftir Helgu Jóakimsdóttur.

Stuttbuxur og toppur eftir Björgu Gunnarsdóttur.

# Umfangsmikið samstarf

**Uppskeruhátíð fataiðndeildar Tækniskólans er í kvöld og fá nemendur í kjóla- og klæðskeradeild að sýna hvað í þeim býr með dyggri aðstoð nemenda úr öðrum deildum.**

Nemendur í fataiðndeild Tækniskólans standa fyrir tískusýningu í Tjarnarbíói í kvöld en nemendur úr hársnyrtideild og ljósmyndadeild skólans leggja hönd á plóg.

„Við erum 33 nemendur úr fataiðndeild sem tökum þátt. Hársnyrtinemarnir sjá svo um greiðslur og ljósmyndanemarnir um myndatökur. Fyrirsæturnar eru síðan margar frá Elite Model Management og munu nemendur Airbrush & Makeup School sjá um förðun. Þetta er því umfangsmikið samstarf sem allir hagnast á enda geta fyrirsæturnar fengið myndir í möppurnar sínar sem og allir hinir,“ segir María Nielsen einn af fjórum skipuleggjendum. Tískusýningin er lokaviðburðurinn á Unglist og er unnin í samstarfi við Hitt húsið. María lofar fjölbreyttri sýningu en nemendur koma ýmist úr kjólasaums- eða klæðskeradeild. „Það verða því bæði kvenmanns- og karlmannsföt á pöllunum.“ Sýningin hefst klukkan 20 og er aðgangur ókeypis.



Skipuleggjendur sýningarinnar lögðu lokahönd á flíkurnar sínar í gær en alls munu 33 fataiðnnemar taka þátt. Frá vinstri: Elísabet Maren Guðjónsdóttir, Helga Jóakimsdóttir, Björg Gunnarsdóttir og María Nielsen. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA












Framhald af forsíðu

Sonur Birgittu og Benedikts Einarssonar er Víkingur Brynjar sem senn sér hylla undir eins og hálfs árs afmæli sitt. „Móðurhlutverkið er það besta í heimi og ekki til nógu falleg lýsingarorð yfir tilfinninguna. Þótt vinir hafi sagt mér hversu yndislegt það er að verða foreldri er engin leið að lýsa því; maður verður bara að leyfa því að koma á óvart,“ segir Birgitta sem glöð vildi fagna meira barnaláni.

„En það er erfitt að plana barneignir því börn eru svo mikil kraftaverk og ekki á færi neins að gefa út yfirlýsingar um að ætla að eignast svo og svo mörg börn. Vonandi gefur Guð mér fleiri börn og ef hann gerir það verð ég ofsalega glöð því barnalán er aldrei sjálfgefið,“ segir Birgitta af skynsemi.

Dagar Birgittu einkennast af annríki því hún vinnur að örþáttunum Fyrstu skrefin á mbl.is. „Þar heimsæki ég barnafjölskyldur og kynni mér alls kyns fróðleik um börn og uppeldi. Ég ákvað að slá til því mér finnst gaman að prófa nýja hluti og takast á við framandi áskoranir svo maður festist ekki í því sama,“ segir Birgitta sem einnig kennir söng í Kvikmyndaskóla Íslands og leggur stund á söngkennaranám í Kaupmannahöfn, þaðan sem hún útskrifast næsta vor.



Birgitta vinnur að örþáttunum Fyrstu skrefin á mbl.is.

„Í náminu hef ég tileinkað mér complete vocal-tækni og hlakka til að fá alþjóðleg kennararéttindi sem gera mér kleift að starfa um allan heim. Tónlist verður alltaf ríkjandi í mínu lífi og ég vildi óska að ég hefði lært þetta fyrr. Þá hefði ég trúlega sloppið við alla þá hæsi sem elti mig á röndum þegar ég vann sem mest í söngnum,“ segir Birgitta sem tekur ekki þátt í jólaslag tónlistarmanna um þessi jól.

„Ég reikna ekki með að fara í gang aftur strax. Mér finnst svo yndislegt að vera mamma að ég tími ekki að fara á milljón út um allt. Það var ofsalega skemmtilegur tími þegar frægðarsólin skein hæst og mér finnst ég heppin að hafa upplifað það allt, en ég sakna þess ekki döpur í hjarta heldur hugsa til þess hversu mikill draumur sá tími var. Þegar maður er kominn með fjölskyldu og í allt annan gír sé ég mig ekki fara í nákvæmlega sama pakkann aftur. Ég fæ því ekki fiðring að stíga á sviðið um helgar því hjarta mitt er á öðrum stað núna, þrátt fyrir að ég elski að syngja,“ segir Birgitta sem núorðið getur gengið um göturnar óáreitt. „En mér finnst alltaf jafn æðislegt þegar einhver kemur og spjallar vegna þess að hann man eftir mér og hef aldrei litið á það sem ónæði,“ segir hún einlæg og sæl með tilveruna.

„Mér finnst dásamlegt að vera gift kona og móðir, en gat ekki ímyndað mér hversu mikla gleði það færði mér. Frá því ég man eftir mér hef ég unnið mikið og sá hlutverk heimavinnandi húsmæðra sem leiðinlegt starf. Í dag sé ég hvað þær eru heppnar að geta verið heima með börnum því slíkt er ekkert sjálfsagt og maður þarf að eiga fyrir því. Sem húsmóðir á ég sjálf ágætis takta þótt ég baki ekki á hverjum degi, en nú þegar kólnar og skammdegið ríkir finnst mér fátt indælla en að fá bökunarilm í húsið.“

thordis@frettabladid.is


Frjálshyggja eftir Brynjar Darra Baldursson.


Sterkur eftir Lilju Sóleyju Hermannsdóttur í 8. bekk Engjaskóla.

# Klippimyndasamkeppni Errós

**Úrslit verða gerð kunn um helgina í klippimyndasamkeppni Errós og Listasafns Reykjavíkur.**

Úrslit klippimyndasamkeppni Errós verða gerð kunn í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi í dag. Athöfnin hefst klukkan 15 og verður við sama tækifæri opnuð sýning á úrvali þeirra verka sem send voru inn í keppnina og standur hún yfir til 9. janúar.

Mikill fjöldi klippimynda barst og var þeim skipt í tvo flokka, í annan flokkinn fóru 92 tillögur frá nemendum 7. og 8. bekkja grunnskóla og í hinn fóru 130 tillögur frá almenningi, 14 ára og eldri.

Erró leggur til vegleg verðlaun og verða tvö árituð verk af Nóbelskáldinu Halldóri Laxness veitt þeim sem dómnefndum þykja skara fram úr.

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir keppninni að frumkvæði Errós, en markmiðið var að auka skilning, þekkingu og áhuga almennings og nemenda á samklippi sem listformi. *- jbá*


Köngulóarmaðurinn og Kína eftir Jón Andra Óskarsson úr 8. bekk í Réttarholtsskóla.


Call for backup eftir Þorstein Orra Jónsson.


Ást er… eftir Karólínu Rós Ólafsdóttur úr 8. bekk í Brekkuskóla.

# Hanna íslensk UNICEF jólakort

**Jólagleði UNICEF og Bókabúðar Máls og menningar verður haldin í dag klukkan 15.**

Í tilefni þess að sala UNICEF-jólakorta og -gjafavöru er nú hafin munu UNICEF og Bókabúð Máls og menningar halda lítið jólateiti klukkan 15 í dag.

Gjafavara UNICEF er nú seld í Bókabúð Máls og menningar í Reykjavík. Er bæði um að ræða leikföng og jólalega gjafavöru, svo sem hina árlegu jólakúlu. Þess má geta að verslunin afgreiðir pantanir fyrir viðskiptavini um land allt.

Í fyrsta sinn er nú boðið upp á jólakort með íslenskri hönnun. Tvær stúlkur og tveir drengir á aldrinum 10 til 12 ára unnu með íslenskum hönnuðum að íslensku jólakortunum. Mætti því segja að krakkarnir hafi verið listrænir stjórnendur verkefnisins. Jólakort með hinu sígilda og sívinsæla útliti UNICEF verða einnig áfram til sölu.

Að senda UNICEF-jólakort til vina og vandamanna er hefð á mörgum heimilum enda eiga kortin sér yfir hálfrar aldar sögu á Íslandi. Jólakortin má nálgast í Bókabúð Máls og menningar, pósthúsum um land allt, í verslunum Pennans/Eymundssonar, Bóksölu stúdenta og A4.


Árleg jólakúla UNICEF.

**➜ Hvernig lýsa ADHD-einkennin sér?** Athyglisbrestur kemur fram í því að barnið eða unglingurinn á erfitt með að einbeita sér að viðfangsefnum sínum. Hreyfióróleiki lýsir sér þannig að börnin eiga erfitt með að sitja kyrr. Hvatvísi kemur þannig fram að börn eiga erfitt með að bíða, þau grípa fram í og ryðjast inn í leiki og samræður annarra.

Heimild: Vefur ADHD-samtakanna, www.adhd.is.

### Sveigjanleikinn skiptir máli

„Hann fann mjög til vanmáttar síns áður en hann skipti um skóla en þá gekk honum illa bæði félagslega og námslega. Við foreldrarnir trúðum því að við gætum tekist á við þetta án lyfja og með sálfræðingi unnum við með félagslega þáttinn. Og núna gengur honum líka vel í náminu. Skólinn hreinlega dansar með honum, það er æðislegt,“ segir Sigrún sem nefnir sem dæmi að þar sé ekki amast við því að hann fái að vera með heyrnartól og hlusta á tónlist þegar hann er að vinna, slíkur sveigjanleiki geti skipt miklu máli þegar um sé að ræða börn með ADHD.

Vegna þess að bæði Sigrún og Gréta hafa viljað bregðast við ADHD með öðrum hætti en lyfjum hafa þær litið í kringum sig eftir annars konar úrræðum. Sigrún hefur breytt um mataræði. „Við erum reyndar svolítið sveigjanleg en reynum að borða hollan og góðan mat. Við höfum haldið einkennum hjá dóttur minni sjö ára í skefjum með mataræðinu,“ segir Sigrún sem ætlar sér að draga á langinn að fá greiningu fyrir dóttur sína. „Ég vil nefnilega horfa á einstaklinginn frekar en ástandið.“

Gréta hefur mikið unnið með aðferð sem kallast hjartanærandi uppeldi, sem snýst um markvissa hvatningu, nokkuð sem hún hefur tröllatrú á. „Það skiptir öllu máli að finna styrkleika og hæfileika einstaklinganna,“ segja þær að lokum.

ÞAÐ ER OPIÐ
Í BLÁFJÖLLUM UM HELGINA



Opnunartímar á Skíðasvæðunum í vetur:
- Virkir dagar: kl. 14.00–21.00
- Helgar: kl. 10.00–17.00
- Upplýsingasími 530 3000

SKÍÐASVÆÐIN
PIPAR\TBWA • SÍA • 102820
skidasvaedi.is



# FLOTT FÖT FYRIR KÁTA KRAKKA!

# FRÁBÆRT VERÐ!

ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
**14.990**

**FIREFLY FREEDOM PARKA**
Hlý vetrarúlpa með hettu og loðkraga sem taka má af. Barnastærðir.



**2.690**

**FIREFLY BOLLNAS HAR JR**
Prjónahúfa með eyrnabandi úr flís að innan. Litir: Bleik, svört. Barnastærðir.



ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
**12.990**

**FIREFLY MAP JR JACKET**
Vetrarúlpa með snjó- og vindhlíf um mittið. Mynstur með endurskini. Barnastærðir.



TILBOÐ
VETRARÚLPA
**7.990**
(fullt verð 9.990)

**FIREFLY FILLE JR JACKET**
Vetrarúlpa. Litur: Svört. Barnastærðir.



**1.490**

**MCKINLEY SKYLOFT HAT JR**
Húfa. Litir: Blá, bleik. Barnastærðir.



**2.690**

**FIREFLY CHECK GLOVE / MITTEN JR**
Flísfóðraðir vetrarhanskar með styrkingum í lófa. Litir: Bleikir, bláir. Barnastærðir.



**7.490**

**FIREFLY MILE JR PANT**
Snjóbuxur með snjó- og vindhlíf neðan á skálmum og endurskini. Litir: Svartar, bleikar. Barnastærðir.



ÚLPA
FRÁBÆRT VERÐ
**12.990**

**FIREFLY WEB JR JACKET**
Vetrarúlpa með snjó- og vindhlíf um mittið. Mynstur með endurskini. Litir: Bleik, fjólublá. Barnastærðir.

EXPO – www.expo.is

INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI** SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18



**VERÐLAUNASKÁLD** Sofi Oksanen var alúðin uppmáluð þegar hún áritaði eintök af bók sinni fyrir kaupendur í heimsókn sinni hér á landi. Útvarpsviðtal Lindu Blöndal á RÚV við skáldið vakti öllu meiri athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# „Ekki spyrja eins og kjáni“

Orðaskak skáldkonunnar Sofi Oksanen og Lindu Blöndal í Síðdegisútvarpi Rásar 2 vakti athygli í síðustu viku. Af því tilefni tók *Kjartan Guðmundsson* saman nokkur tilfelli þar sem kastast hefur í kekki milli **fjölmiðlafólks** og **viðmælenda** hér á landi.

Stutt spjall finnska verðlaunaskáldsins Sofi Oksanen og fréttakonunnar Lindu Blöndal, sem fram fór á afhendingu norrænu bókmenntaverðlaunanna í Listasafni Íslands í síðustu viku og var útvarpað í Sídegisútvarpi Rásar 2, vakti talsverða athygli, en þær lentu í orðaskaki þegar Oksanen mislíkaði spurningar Lindu.

Útvarpskonan hafði vart hafið viðtalið þegar skáldið greip fram í fyrir henni, sagði spurningar hennar vera of almenns eðlis. Því næst sagðist Linda hafa heyrt að verðlaunabók Oksanen væri persónuleg og spurði hvort sú væri raunin. Höfu þá leikar að æsast. Oksanen sagði allar bækur sínar vera persónulegar og hún skildi ekki hvað Linda ætti við. Hún væri rithöfundur og spurningin væri fáránleg. Hvatti hún fréttakonuna svo til að bera fram gáfulegri spurningar. Linda brást ókvæða við og spurði hvort nauðsynlegt væri að hafa gráðu í bókmenntafræði til að geta talað við Oksanen.

Mikið lengra varð viðtalið ekki en vakti mikla athygli eins og fyrr segir. Meðal annars spunnust deilur um framkomu Oksanen á netinu og skáldið Eiríkur Örn Norðdahl skrifaði pistil á vefritið Smuguna þar sem hann bar blak af kollega sínum, auglýsti meðal annars eftir dálitlum metnaði í menningarumfjöllun á Íslandi og sagði fyrir löngu kominn tíma til þess að einhver væri svolítið dónalegur við okkur.

Þetta viðtal er þó fráleitt eina tilfellið um hanaslag milli fjölmiðlafólks og viðmælenda á Íslandi, eins og eftirtalin dæmi sem valin voru af handahófi sýna glögglega.

## REIDDIST FYRIR HÖND ÞJÓÐARINNAR



Til eru dæmi um að spyrillinn reiðist viðmælandanum en ekki öfugt og láti hann finna til tevatnsins. Það gerðist til dæmis í frægu viðtali Egils Helgasonar við Jón Ásgeir Jóhannesson í október 2008. Þetta var aðeins örfáum dögum eftir að bankarnir hrundu og óhætt er að segja að Egill hafi þjarmað rækilega að Jón Ásgeiri í þætti sínum, en hann spurði meðal annars hvort Jón Ásgeir gæti hugsað sér að vinna á lyftara í Bónus. „Ég reiddist bara fyrir hönd þjóðarinnar,“ sagði Egill um viðtalið eftir á.

## „ÆTLAR ÞÚ AÐ RÍFAST VIÐ MIG HÉRNA DRENGUR?“




Forsætisráðherrann fyrrverandi, Geir Haarde, þótti nokkuð viðskotaillur á köflum í viðtölum fyrir og eftir hrunið, sem þarf kannski ekki að koma svo mjög á óvart miðað við aðstæður. Frægt varð þegar G. Pétur Matthíasson, fyrrum fréttamaður á RÚV, birti á bloggsíðu sinni í nóvember 2008 bút úr viðtali við Geir frá því í janúar 2007 sem aldrei hafði áður komið fyrir sjónir almennings.

Í viðtalinu spurði G. Pétur um stöðu íslensku krónunnar og mögulega upptöku evru. Geir fyrtist við og spurði fréttamanninn meðal annars hvort hann ætlaði sér að spyrja spurninga eða vera með málflutning. Þegar G. Pétur hélt sínu striki var forsætisráðherranum hins vegar nóg boðið. „Ætlar þú að rífast við mig hérna drengur?,“ sagði Geir hvass og í kjölfarið fylgdu nokkrar deilur þeirra í milli varðandi það hvort forsætisráðherra bæri yfirleitt að svara þeim spurningum fréttamanna sem honum hugnaðist ekki. Þegar G. Pétur birti svo myndbrotið rétt eftir hrun krafðist Páll Magnússon, útvarpsstjóri RÚV, þess að hann skilaði spólunum með myndbandinu og bæðist formlega afsökunar. G. Pétur neitaði því, en bað þó þjóðina að fyrirgefa sér það að hafa ekki birt viðtalið fyrr.

Nokkru áður en téð viðtal G. Péturs við Geir birtist á netinu, í júní 2008, hafði Sindri Sindrason, þá fréttamaður Markaðarins á Stöð 2, innt forsætisráðherrann eftir aðgerðum í efnahagsmálum fyrir utan Stjórnarráðshúsið. „Jæja, hvar eru peningarnir sem eiga að komast inn í landið?,“ spurði Sindri og Geir svaraði því til að hann yrði að hafa samband við sig fyrir fram. Sindri sagði þá að þjóðin biði eftir einhverjum aðgerðum og hvort Geir gæti ekki gefið honum „smá komment“. „Ég vildi gjarnan gera það, Sindri, ef þú hagaðir þér ekki svona dónalega,“ svaraði þá Geir áður en hann lokaði skrifstofuhurðinni á nefið á Sindra.

Þá er skemmst að minnast þess þegar Geir kallaði Helga Seljan, fréttamann RÚV, „fífl og dóna“ á blaðamannafundi í Iðnó nokkrum dögum eftir hrun, en það gerði hann reyndar óvart, hann vissi ekki að enn var kveikt á hljóðnemanum.

## HOW DO YOU LIKE ICELAND?






Margar mætar sögur hafa verið sagðar af því þegar Bítillinn Ringo Starr heimsótti Ísland í fyrsta sinn um verslunarmannahelgina árið 1984 og steig meðal annars á svið með meðlimum Stuðmanna og fleirum í Atlavík. Einna minnisstæðast við þá heimsókn er þó þegar Ringo lenti ásamt eiginkonu sinni, Barböru Bach, á Reykjavíkurflugvelli við komuna til landsins, steig út úr flugvélinni og fékk umsvifalaust hljóðnema í andlitið. „How do you like Ice- land,“ spurði Sigríður Árnadóttir, fréttamaður RÚV. „I just got off the plane, don't be crazy!“ var svar trymbilsins, sem útlagðist sem „Ég er nýstiginn út úr flugvélinni, ekki spyrja eins og kjáni,“ í ógleymanlegri snörun blaðamanns NT daginn eftir. Vilja sumir meina að spurning Sigríðar hafi orðið kveikjan að því ástarsambandi sem þjóðin hefur síðan átt í við þennan frasa.

Ringo tók þó fjölmiðlamönnum ólíkt betur en fyrrum samherji hans í Bítlunum, Paul McCartney, þegar sá síðarnefndi kíkti í stutta heimsókn sumarið 2000 ásamt eiginkonunni Heather Mills, leit meðal annars við í Perlunni og fór ferða sinna á bílaleigubíl. Blaðamenn og ljósmyndarar eltu Bítilinn á röndum og uppskáru reiði hans fyrir vikið, en Paul gætti þess þó að skammirnar næðust ekki neins staðar á band.

## ADOLF INGI Á HÁLUM ÍS




Nokkuð algengt er að íþróttafréttaritarar fái viðmælendur upp á móti sér í viðtölum, enda blóðhitinn oft í hámarki í sportinu. Því fékk Adolf Ingi Erlingsson hjá RÚV að kynnast þegar hann tók Ólaf Stefánsson, fyrirliða íslenska landsliðsins, tali eftir að liðið hafði glutrað unnum leik gegn Austurríki niður í jafntefli á EM í janúar síðastliðnum. Adolf Ingi var ekki par sáttur við frammistöðu Ólafs í leiknum og spurði því hvort eitthvað sérstakt væri að plaga hann. Ekki stóð á svarinu: „Þú verður nú að horfa aðeins á leikinn ef þú ætlar að segja þetta. Ég held ég sé með sjö mörk úr níu skotum eða eitthvað, ég veit ekki hvað þú vilt frá mér, kannski viltu tíu mörk úr níu skotum?,“ spurði fyrirliðinn pirraður.

Ekki er síður eftirminnilegt viðtal sem Adolf Ingi átti við Aron Levý Stefánsson, íshokkímarkmann Skautafélags Reykjavíkur, eftir tapleik liðsins árið 2008. Viðtalið er fáanlegt á YouTube-vefnum þar sem tæplega 80.000 manns hafa barið það augum, en það er á þessa leið:

Adolf Ingi: „Ég er ekki með tölu á skotunum sem þú varðir, fékkst á þig tólf, menn geta nú ekki verið mjög ánægðir eftir svona dag, er það?“

Aron Levý (með steinrunninn svip): „Er ég brosandi?“

Adolf Ingi (hlæjandi): „Nei, það ertu svo sannarlega ekki. En hérna, þú, ja, ert ert í landsliðinu og...Þú slóst mig algjörlega út með þessu svari, ég verð að segja alveg eins og er. En gangi þér vel bara!“

Aron Levý: „Takk fyrir.“ (Skautar í burtu).

## „HVAÐA HLJÓMSVEIT ERTU AÐ TALA UM?“

Fyrrum rokkstjarnan Birgir Örn Steinarsson, eða Biggi Maus eins og hann er gjarnan kallaður, starfaði um hríð sem blaðamaður á Fréttablaðinu. Sumarið 2004 rædddi hann við tvær af þekktustu tónlistarstjörnum samtímans, Lou Reed og James Brown. Urðu nokkrir hnökrar á samræðum þeirra og tók blaðamaðurinn fram að Reed væri fyrsti viðmælandinn sem hefði tekið sig á taugum í viðtali. Engu að síður birti hann orðrétt hvað þeim fór á milli og mega þessi viðtöl því teljast með þeim hreinskilnari í íslenskri fjölmiðlasögu, eins og dæmin sýna:



**Lou Reed:**
Segðu mér frá The Raven.
*„Ertu með tvöfalda diskinn eða smáskífuna?“*
Ég hef hvorugan diskinn fengið.
*„Þannig að þú hefur ekki heyrt þetta?“*
Nei, það hef ég ekki gert.
*„Þannig að þú ætlar að spyrja mig spurninga um eitthvað sem þú hefur ekki heyrt?“ spyr hann og hljómar hneykslaður.*

**James Brown:**
*„Halló, hvað segir þú gott?“ spyr James Brown mig, með sterkum suðurríkjahreim sem gerir það erfitt að skilja hann.*
„Ég segi nú bara allt gott,“ svara ég hálf hlæjandi með mínum harða harðfisksmálrómi.“
*„Hvað get ég eiginlega gert fyrir þig, góði herra?“*
„Tja, mig langaði nú bara að spyrja þig nokkra spurninga ef ég mætti. Hvar ertu staddur í heiminum?“
*„Fyrirgefðu?“*
„Hvar ertu staddur?“
*„Ég er heima. Í Suðurríkjunum.“*
„Ég sá viðtal við þig fyrir svona tíu árum síðan þar sem þú talaðir um að hipphoppið væri komið undan þér.”
*„Hvað segirðu?“ segir James hálfmuldrandi.*
„Ég var í raun að spyrja hvort þér fyndist hipphoppið vera frá þínum rótum?“
*„Ég skil bara ekki hvað þú segir.“*
„Fyrirgefðu, ég skal reyna aftur. Finnst þér að hipphopptónlist skuldi þér eitthvað?“
*„Hvaða hljómsveit ertu að tala um?“*
„Enga hljómsveit, bara hipphopptónlist yfir höfuð.“
*„Já, hipphopp!“„hrópar James upp yfir sig. „Þú segir þetta ekki rétt!“*



„Hvað segirðu?“
*„Þú talar ekki mjög góða ensku.“*

# SJÓNVÖRP **MEÐ DVD**




## UNITED

**United 19DD92HD**
19" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1440x900p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. **12v/230v**.

**TILBOÐ ▶ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 59.990




## UNITED

**United 22DD92HD**
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. **12v/230v**.

**TILBOÐ ▶ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990




## UNITED

**United 26DD92HD**
26" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, Nicam Stereó, 3x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 89.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# Hringitónaskáld framtíðarinnar

Líkindin eru mikil með þeim **Þorsteini Eggertssyni** og **Braga Valdimar Skúlasyni,** en á mismunandi tímum hafa þeir verið einna ötulastir höfunda íslenskra dægurlagatexta. *Kjartan Guðmundsson* settist niður með skáldunum og varð margs vísari um starfið.



**TVÆR KYNSLÓÐIR** Þorsteinn segir sinn helsta blómatíma í dægurlagatextagerð hafa verið á áttunda áratugnum og tiltekur sérstaklega vinsældir Ðe Lónlí Blú Bojs í því sambandi. Bragi Valdimar hefur samið marga af eftirminnilegustu textum síðustu ára og þarf af við tvö af vinsælustu lögum ársins til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvorugur hefur ráðist í kerfisbundna talningu en samanlagt skjóta þeir Þorsteinn Eggertsson og Bragi Valdimar Skúlason á að þeir beri ábyrgð á rétt undir þúsund dægurlagatextum sem gefnir hafa verið út á hljómplötum.

„Líklega eru þetta allt í allt tæplega tvö hundruð textar sem ég hef samið, svo ég á enn langt í land með að ná Þorsteini sem á rúmlega sjö hundruð,“ segir Bragi, en Þorsteinn bendir að bragði á að ekki sé öll nótt úti enn. „Ég hef auðvitað margra áratuga forskot á þig, þannig að við sjáum hvað setur,“ segir þessi eldri fulltrúi tveggja kynslóða dugmikilla textahöfunda.

### Sparkað í klisjurnar

*Hafið þið fylgst hvor með öðrum í gegnum tíðina?*

**Bragi:** „Já, heldur betur. Ein af þessum innrætingum kemur frá Þorsteini. Ég er gegnsósa af lýríkinni hans, enda hafa textarnir hans náð þvílíkum vinsældum að varla er hjá því komist að heyra þá. Það er víst hlutskipti poppskáldanna.“

**Þorsteinn:** „Já, en aftur móti fékk ég þessa innrætingu frá Jónasi Árnasyni, sem samdi heilan helling af söngtextum. Íslendingar eru annaðhvort skandinavískir eða írskir, eða keltneskir öllu heldur, og ég hef alltaf verið hrifnari af írsku undirstöðunni. Íslenskir Skandinavar skrifa um sjóinn og sveitina, en þeir írsku yrkja frekar um mannlífið á húmorískan og jafnvel kaldhæðinn hátt. Jónas Árnason var mjög írskur og ég sé svipaða hluti hjá Braga.“

**Bragi:** „Ég hef nú ekki kynnt mér írskan húmor, en þetta er alveg örugglega rétt.“

**Þorsteinn:** „Ég hef lengi haft gaman af því sem Bragi hefur gert og er reyndar á þeirri skoðun að vinsældir Baggalúts byggist fyrst og fremst á textunum hans. Svo víða eru textarnir aukaatriði, en alls ekki í þessu tilfelli.“

**Bragi:** „Já, ég er að sjálfsögðu sammála því. Um það bil 97 prósent vinsældanna eru mér að þakka.“

(Báðir skella upp úr)

**Bragi:** „En svona í fullri alvöru þá erum við allir miklir textakallar. Það verður einhver að vera í því. Varðandi húmorinn, þá finnst mér nánast eins og popptextar þurfi að vera dálítið kjánalegir í eðli sínu til að virka. Höfundarnir eru oft að fást við svo miklar klisjur og ekki mörg umræðuefni sem eru undir fyrir utan ástina og lífið. Þess vegna reynir maður að klæða klisjurnar í ný föt, að snúa upp á þær og sparka í þær þar til þær lifna við á nýjan leik.“

### Enginn ætlar sér að verða söngtextahöfundur

Báðir segjast þeir hafa byrjað að semja dægurlagatexta fyrir hálfgerða tilviljun. Þorsteinn rekur upphafið til þess að hann átti erfitt með að greina orðaskil í vinsælum lögum í útsendingum gömlu gufunnar í Keflavík á sjötta áratugnum. Hann neyddist því til að semja nýja texta á íslensku fyrir hljómsveitina sem hann söng með. Bragi hóf sinn höfundaferil hins vegar á því að þýða texta ensku bárujárnssveitarinnar Iron Maiden yfir á íslensku og breyta þeim í jólalög.

„Ég hef reyndar alla tíð haft áhuga á því að setja saman vísur, sem er auðvitað mjög óeðlilegt. Það er ákveðin fötlun að hrífast af þessu,“ segir Bragi og Þorsteinn tekur í sama streng. „Ég held að enginn ætli sér að verða söngtextahöfundur. Þetta gerist bara óvart.“

*En nú eruð þið báðir mjög iðnir höfundar eins og fjöldi textanna ber vitni um. Tekur þetta ekki gríðarlegan tíma og hvernig fer maður að því að halda sér ferskum í þessum bransa?*

**Bragi:** „Það er góð spurning og ætli maður haldi sér nokkuð ferskum? Þetta gengur örugglega ekki mikið lengur, allavega ekki hjá mér.“

(Þessu hlær Þorsteinn að.)

**Bragi:** „En ætli lykillinn sé ekki bara að vera kátur og drekka nóg af kaffi. Þetta plötustúss kemur auðvitað í skorpum. Maður vinnur textana á löngum tíma en svo hrúgast þetta allt á sama tíma inn í plötubúðirnar, þannig að það lítur út fyrir að maður sé svakalega duglegur.“

**Þorsteinn:** „Já, og nú eru símafyrirtækin að breytast í plötuverslanir. Þetta gerist svo hratt.“

**Bragi:** „Og búið að skera lögin niður í hringitóna. Maður veit ekki hvar þetta endar. Það verður væntanlega lítið að gera fyrir textaskáld framtíðarinnar. Við erum að breytast í hringitónaskáld.“

**Þorsteinn:** „Fara skáldin ekki bara að vinna á auglýsingastofunum? Ert þú ekki annars að vinna í auglýsingabransanum, Bragi?“

**Bragi:** „Jú, jú. Alltaf að finna upp á einhverju nýju. Ég var nú svo heppinn að komast í fæðingarorlof nýlega og það hjálpaði til við textasmíðina.“

**Þorsteinn:** „Ég var svo heppinn að vera blaðamaður á sínum tíma og hafði því nokkuð sveigjanlegan vinnutíma. Ég þekki því þessa níu til fimm vinnu ekki af eigin raun.“

**Bragi:** „Þegar maður sendir frá sér svona marga texta er í raun óhjákvæmilegt að eitthvað fljóti með sem maður er ekki alveg nógu ánægður með.“

**Þorsteinn:** „Það er rétt. Í gamla daga þurftu alltaf að vera tólf til fjórtán lög á hverri plötu og þá lét ég texta flakka sem voru eingöngu uppfyllingarefni. Og ég komst upp með þetta. Einu sinni var konan mín að aka mér úti á landi þegar lag kom í útvarpinu. Ég fór að hlusta á textann og sagði við hana að textinn hljómaði eins og hann væri eftir einhvern sem væri að reyna að líkja eftir mínum textum, í svipuðum stíl og mínum. Ég fann ýmislegt að textanum, sagði að ég hefði aldrei notað þessi orð og þar fram eftir götunum, en svo afkynnti þulurinn lagið og þá kom í ljós að lagið var eftir mig.“

### Samkynhneigðir sjómenn

*Setjið þið ykkur í sérstakar stellingar við textasmíðina eftir því fyrir hvaða söngvara þið semjið?*

**Þorsteinn:** „Já, ég geri það stundum. Sérstaklega ef einhver sterkur karakter kemur til með að syngja lagið, þá reyni ég að fylgjast með honum og ímynda mér hvernig sá listamaður myndi tjá sig. Til dæmis þegar Shady Owens var að syngja með Hljómum, þá þurfti ég að sveigja framhjá ýmsum hljóðum sem hún átti erfitt með að bera fram því hún ólst upp í Texas. Ég þurfti að passa upp á að taka út öll órödduð R til að Shady gæti sungið textann almennilega.“

**Bragi:** „Já, þetta er kúnst. Stundum kemur fyrir að ég er með karakterinn í huga þegar ég sem textana. Til dæmis að láta Pál Óskar syngja lagið Það geta ekki allir verið gordjöss. Maður lætur ekki hvern sem er syngja svona texta.“

**Þorsteinn:** „Oftar en einu sinni hef ég lent í því að útgefandinn neitar hreinlega að setja ákveðna texta eftir mig á plötu. Ég man til dæmis eftir einum texta sem byrjaði eitthvað á þessa leið: „Það er svo gasalega lekkert úti á sjónum,“ og fjallaði um sjómenn sem voru greinilega hommar. Svavar Gestsson, sem var aðalútgefandinn á þessum tíma, sagðist aldrei ætla að gefa þennan texta út.“

**Bragi:** „Þessi texti hlýtur að bíða útgáfu. Stundum fylgja ákveðnir skilmálar, þá er ég beðinn um að gera texta um eitthvert ákveðið efni, og það hjálpar gjarnan til. En svo þverbrýt ég auðvitað alla skilmála og sem um eitthvað allt annað.“

### Safnast þegar saman kemur

*Er einhver peningur í dægurlagatextageiranum?*

**Þorsteinn:** „Maður veltir sér ekkert upp úr aurunum eins og Jóakim Aðalönd sem textahöfundur hérna á Íslandi.“

**Bragi:** „Nei, en ef við byggjum í útlandinu værum við ekkert að tala við blaðamann núna, heldur væri hann að tala við blaðafulltrúana okkar. Maður ríður ekki feitum hesti frá þessu en safnast þegar saman kemur. Það er auðvitað ágætis kostur að vera temmilega lítillátur í þessu djobbi.“

**Þorsteinn:** „Mér finnst fínt að vera utan sviðsljóssins, en samt er ég ekkert sérstaklega lítillátur.“

## Það mun verða veislunni margt í



Þorsteinn var titlaður hirðskáld Hjóma á sínum tíma og drjúgur hluti þeirra rúmlega sjö hundruð hundruð texta sem hann hefur samið var fluttur af meðlimum þeirrar sveitar eða afsprengjum á borð við Trúbrot og Ðe Lónlí Blú Bojs. Má þar nefna lög á borð við Ástarsælu, Hlustaðu á regnið, Heim í Búðardal og ótal fleiri, en auk þess samdi Þorsteinn ofan í margar fleiri af forvígissveitum íslenskrar popptónlistar á sjöunda og áttunda áratugnum, til að mynda texta við lögin Slappaðu af og Glugginn með Flowers og Gvendur á Eyrinni og Leyndarmál með Dátum sem flestir ættu að kannast við.

## Ég aldingarðinn Eden fann og ég endurinnréttaði hann




Bragi hefur látið til sín taka í textasmíðum fyrir hljómplötur fjöllista- og æringjahópsins Baggalúts, sem hann er meðlimur í og raunar oft kenndur við, en einnig vakið athygli fyrir bráðskemmtilega texta á tveimur barnaplötum sem hann hefur gert ásamt Memfismafíunni, Gilligill og Diskóeyjunni. Þá hefur Bragi samið texta fyrir ýmsa aðra listamenn, allt frá reggísveitinni Hjálmum til Björgvins Halldórssonar, og samdi meðal annars textana við tvö af vinsælustu lögum ársins til þessa, Gamla grafreitinn með Klassart og Það geta ekki allir verið Gordjöss sem Páll Óskar syngur á Diskóeyjunni.

# RISA





# markaður





**Senn koma jólin.**
Við höfum opnum RISAjólamarkað í Smáralind
(við hlið Debenhams). Vertu velkomin/n!

**TIGER**

**Villidýr á verði · www.tiger.is**

**Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri**

# Iceland Airwaves áhrifin

Árið 2005 var gerð samnorræn könnun þar sem meðal annars var kannað hversu miklu fé erlendir gestir **Iceland Airwaves-hátíðarinnar** eyddu á meðan á dvöl þeirra stóð. Sams konar könnun var gerð í ár undir forystu Tómasar Young fyrir Útón og Reykjavíkurborg. *Atli Fannar Bjarkason* og *Jónas Unnarsson* rýndu í niðurstöður könnunarinnar.

**4.650** gestir sóttu Iceland Airwaves í ár samanborið við **4.200** gesti árið 2005. Erlendir gestir voru **48 prósent** í ár, eða **2.215**. Hlutfall erlendra gesta hefur því hækkað frá árinu 2005, þá voru þeir **1.663** eða **40 prósent.** Í könnuninni kemur fram að stefnt hafi verið að því að ná **355** svörum svo staðalfrávikið væri minna en **5 prósent**. **247** svör fengust, sem gefur staðalfrávikið **6,07 prósent**.

♂ 247 svöruðu. Af þeim voru 60% karlar og 40% konur. ♀

66% voru mjög ánægð með hátíðina.

56% gistu á hótelum.

2,5% gáfu hátíðinni miðlungseinkunn.

4,5 Viðmælendur höfðu lokið að meðaltali 4,5 árum í námi eftir að skólaskyldu lauk.

10% sögðust vera með háar tekjur.

15% sögðust engar tekjur hafa.



**2010**

Erlendir gestir eyða um **313** milljónum króna á meðan á dvöl þeirra stendur.

Aukningin er **21,6%**



**2005**

Á verðlagi október-mánaðar 2010 eyddu gestir um **257** milljónum króna árið 2005

## TÓNLEIKAGESTIR KOMU VÍÐA AÐ. STÆRÐ HRINGJANNA ÁKVARÐAST AF FJÖLDA GESTA



GESTIRNIR KOMU FRÁ:

- Danmörku
- Bandaríkjunum
- Bretlandi
- Svíþjóð
- Þýskalandi
- Hollandi
- Belgíu
- Noregi
- Írlandi
- Frakklandi
- Portúgal
- Finnlandi
- Færeyjum
- Japan
- Ítalíu
- Kína
- Kanada
- Sviss
- Spáni
- Tékklandi
- Síle
- Austurríki

Erlendir hátíðargestir eyddu að meðaltali **23.138** krónum á dag í Reykjavík.

Talan er einungis mat viðmælenda á eyðslu sinni - ekki rauntölur.

## ERLENDIR GESTIR ICELAND AIRWAVES Í HNOTSKURN



64% sóttu hátíðina í fyrsta skipti.

11% voru að koma á hátíðina í þriðja sinn.

32% tóku ákvörðunina um að fara á hátíðina fjórum til sex mánuðum áður en hún hófst.

72% ætluðu út að borða.

23% ætluðu að hitta vini sína og/eða fjölskyldu.

21% fór á hátíðina til eyða tíma með vinum.

78% ætluðu að djamma.

30% ætluðu í skoðunarferðir.

22% ætluðu að skoða söfn.

38% ætluðu að versla.

Meðalaldur erlendra aðspurðra var **29 ár**

30% ætluðu að fara í sund í Reykjavík.

73% sögðu að Iceland Airwaves-hátíðin væri aðalástæða þess að þeir voru í Reykjavík.

33% sögðu stemninguna hafa orðið til þess að þau fóru á hátíðina.

37% sögðu tónlistardagskrána vera aðalástæðuna fyrir því að sækja hátíðina.

HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ O…

## MARK…UR

**AÐEINS 2 DAGAR EFTIR**

**NÝTT KORTATÍMABIL**




## NÚ AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

*við hliðina á Dýraríkinu*

**Opið alla daga**
**frá 12:00 til 18:00**

**Mikið úrval af útivistarvörum, fatnaði og skóm**

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
ORGINAL
SKECHERS




HÚLLUMHÆ Í LÁGMÚLANUM!

14. nóvember kl. 14:00 – 17:00

**Úrvalsfólk!** Það verður húllumhæ hjá okkur í Lágmúla 4 á morgun frá klukkan 14:00. Þar gefst einnig tækifæri á að bóka utanlandsferð á glæsilegu tilboðsverði. Skemmtu þér í frábærum félagsskap og gæddu þér á rjúkandi kaffi, nýbökuðum pönnukökum og kleinum.

Við tökum vel á móti ykkur og allir velkomnir!

Kær kveðja,
Starfsfólk Úrvals Útsýnar.

ÚRVAL-ÚTSÝN

Lágmúli 4 – 108 Reykjavík – s.585 4000 – www.urvalutsyn.is



FREKJUSKARÐ Georgia May Jagger, dóttir Micks Jagger og Jerry Hall er rísandi stjarna í tískuheiminum þrátt fyrir að vera aðeins 18 ára. Hún starfar sem fyrirsæta og er frekjuskarðið hennar aðalsmerki. Þess má geta að Georgia Jagger er þriðja dóttir rokksöngvarans til að leiðast út í fyrirsætubransann.



**FYRIRSÆTAN** Daisy Lowe er 21 árs og hefur þegar unnið sem fyrirsæta í mörg ár. Hún er dóttir söngvarans Gavins Rossdale og fatahönnuðarins Pearl Lowe. Hún hefur meðal annars verið andlit Agent Provocateur, Burberry, Converse og Ben Frost. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**KRAVITZ** Zoe Kravits, 22 ára og er dóttir rokkarans Lenny Kravitz og leikkonunnar Lisu Bonet. Það kemur því engum á óvart að hún starfar sem söng- og leikkona í dag. Hefur meðal annars leikið í myndunum The Brave One og No Reservations. Fatnaður hennar á rauða dreglinum hefur vakið eftirtekt fyrir töffaralegt yfirbragð.

# *Töffarar með tískuvit*

Það eiga sér stað kynslóðaskipti í tískuheiminum og ný andlit hafa tekið við kyndli fyrirmynda í klæðaburði. *Álfrún Pálsdóttir* bendir hér á ungar og upprennandi stjörnur sem eiga meira sameiginlegt en að stíga í tískuvitið.

Það má taka svo til orða að þessar ungu dömur sé fæddar til frægðar. Þær eiga ekki bara það sameiginlegt að eiga rokkarafeður heldur eru þær mikil tískuljón. Það er kannski ekki við öðru að búast þegar feðurnir eru Mick Jagger, Lenny Kravitz, Sting, Bob Geldof og Gavin Rossdale. Við eigum eflaust eftir að sjá og heyra meira frá þessum fögru fljóðum í framtíðinni og því um að gera að leggja nöfn þeirra á minnið.



**ROKKARINN** Með sína rámu rödd og látlausa yfirbragð hefur Coco Summers skotist upp á stjörnuhimininn. Hún heitir í raun Eliot Paulina Summer og er 20 ára. Lagið I Blame Coco, þar sem hún fær liðstyrk frá hinni sænsku Robyn, klifraði upp vinsældalistana í sumar. Foreldrar hennar eru engin önnur en Sting og Trudie Styler.



**TÖFFARINN** Pixie Geldof er nýorðin 20 ára en hefur samt sem áður setið fyrir hjá helstu fatahönnuðum heims og er tíður gestur á fremsta bekk á tískuvikunum. Hún er dóttir Bob Geldof og Paulu Yates. Ásamt systur sinni Peaches og töffaranum Alexu Chung myndar hún eitt tískulegasta teymi Bretlands.

## Sjaldan fellur eplið…

Feður stúlknanna hafa einnig verið þekktir fyrir að vera tískutappar síns tíma.

**Mick Jagger** gerði níðþröngar leðurbuxurnar og flegna boli ódauðlega þegar hann sveiflaðist um sviðið með Rolling Stones. **Lenny Kravitz** tók pelsvesta tískuna á annað stig þegar hann mætti ítrekað ber að ofan klæddur pelsvesti á rauða dregilinn eða tónleika, og við skulum ekki gleyma jakkafatajökkunum með upprúlluðum ermum hjá **Sting**.



Það er því ekki loku fyrir það skotið að tískugenin séu arfgeng.

Í dag, 13. nóvember kl. 11°° – 16°°

Opinn dagur Listaháskólans

Myndlistardeild
Leiklistar- & dansdeild
Tónlistardeild
Hönnunar- & arkitektúrdeild
Listkennsludeild

í húsnæði Listaháskólans, Laugarnesvegi 91

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Meiri Vísir.

vísir.is


EKKI
MISSA AF ÞESSU!
PÁLLÓSKAR
EFTIR ODDVAR
PÓSTKORTABÓK
34 gordjöss póstkort
fyrir alla fjölskylduna
PÁLL ÓSKAR
EFTIR ODDVAR
2.990 kr.
fabjulus verð
PÁLLÓSKAR
EFTIR ODDVAR
LJÓSMYNDASÝNING
Í tilefni af útgáfu bókarinnar munu Hagkaup og Smáralind standa fyrir ljósmyndasýningu á myndum úr bókinni í Smáralind.
PÁLL ÓSKAR MUN STÍGA Á STOKK KL. 14:00 Í DAG
og kynna þetta frábæra verk eins og honum er einum lagið. Að því loknu mun hann árita bókina í verslun Hagkaups í Smáralind.
24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**56 SR. SOLVEIG LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR** er 56 ára í dag.

*„Hvort sem við skynjum lífsreynslu okkar bjarta eða dimma á þessari stundu, þá er hún, þrátt fyrir allt, mikill fjársjóður.“*

†



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðborgar Siggeirsdóttur**

Kirkjulundi 8 (áður Álfhólsvegi 28a).

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Holtsbúðar Garðabæ fyrir frábæra umönnun og nærgætni í veikindum Guðborgar á undanförnum árum.

**Rannver Stefán Sveinsson**
**Sigurjón Sveinn Rannversson** **Fjóla Finnsdóttir**
**Guðrún Magnea Rannversdóttir** **Snorri Snorrason**
**Katla Björk Rannversdóttir** **Kristján Albert Eiríksson**
**Birna Mjöll Rannversdóttir** **Arnfinnur Daníelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðmundu H. Bjarnadóttur**

frá Dalsmynni á Kjalarnesi,
Hringbraut 50, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Grund við Hringbraut og starfsfólki á deild B-2 á Landspítalanum í Fossvogi, fyrir góða umönnun og þægilegt viðmót.

**Álfdís Ingvarsdóttir** **Sigurbergur Hauksson**
**Þorsteinn Ingvarsson** **Sombat Prasarn**
**Gréta Ingvarsdóttir** **Jón Björnsson**
**Ólafur Ingvarsson** **Hulda Stefánsdóttir**
**Atli Ingvarsson** **Lilja Hallbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún H. Ólöf Ólafsdóttir Benitez**

Svölutjörn 48, Reykjanesbæ,

lést á Garðvangi 9. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Robert E. Benitez**
**Stefán Karl Jónsson** **Helga Róbertsdóttir**
**Sigríður E. Jónsdóttir** **Ólafur Reynir Snorrason**
**Friðrik Jónsson**
**Árni Jónssson** **Christine Jónsson**
**Clara Louisa B. Róbertsdóttir**
**Christina Moore** **John Moore**
**Kimberly A. Lynch** **Matthew Lynch**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson


Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

FÉLAGIÐ GÖNGUM SAMAN: HELDUR BRJÓSTABALL Í IÐNÓ Í KVÖLD

## Dansað fyrir góðan málstað

Svokallað brjóstaball verður haldið í Iðnó í kvöld. Heiti dansiballsins er dregið af því að ágóðinn fer allur í styrktarsjóð vegna rannsókna hér á landi á brjóstakrabbameini.

Það er grasrótarfélagið Göngum saman sem stendur að ballinu í Iðnó. Þar er aðalsprautan hún Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent við HÍ. „Við höfum hingað til aflað fjár með styrktargöngum og söluvarningi en fannst skemmtilegt að brydda upp á einhverju nýju,“ segir hún. „Það er fallegt haustþema að halda fínt dansiball þar sem fólk mætir prúðbúið og dansar svo af hjartans lyst undir tónum frá fínustu hljóðfæraleikurum sem allir gefa vinnu sína. Hljómsveitin Melchior byrjar samkvæmið á sínum ómþýðu tónsmíðum, þá stígur gullaldarrokkbandið Fimm á Richter á svið og síðan mun Andrea Jóns taka við kyndlinum og sjá um að halda fólki á gólfinu.“

Gunnhildur afhenti nýlega, fyrir hönd félagsins Göngum saman, styrki að upphæð alls fimm milljónir króna. Þeir voru veittir í minningu um Kristbjörgu Marteinsdóttur en hún lést af völdum brjóstakrabbameins 11. nóvember í fyrra, tæplega 45 ára gömul.

Styrkina hlutu Bylgja Hilmarsdóttir doktorsnemi, Guðrún Birna Jónsdóttir meistaranemi, dr. Helgi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, og dr. Rósa Björk Barkardóttir prófessor, vegna rannsókna sinna á brjóstakrabbameini. „Verkefnin sem þetta fólk er að vinna að eru öll þörf og við í félaginu Göngum saman viljum leggja þeim lið og eiga þátt í því að varða leiðina í átt að lækningu. Það skiptir svo miklu máli,“ segir Gunnhildur.

Hún bætir við að félagið hafi á síðustu þremur árum veitt samtals 17 milljónir í grunnrannsóknir hér á landi á þeim vágesti sem brjóstakrabbinn er.



**GUNNHILDUR Í HÓPI HLJÓÐFÆRALEIKARA** Karl Roth úr Melchior, Gunnhildur, Steingrímur Guðmundsson, Hróðmar Sigurbjörnsson og Kristín Jóhannesdóttir, líka úr Melchior ásamt þremur félögum úr Fimm á Richter, þeim Benedikt Elfari, Guðjóni Hilmarssyni og Þórhalli Andréssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Göngum saman byggir starf sitt á þátttöku almennings í styrktargöngum og einnig frjálsum framlögum, að sögn Gunnhildar.

Nú gefst fólki gott tækifæri til þess að sýna stuðning sinn við félagið í verki og skemmta sér í leiðinni með því að koma í hið fornfræga samkomuhús Iðnó við Tjörnina og dansa fyrir góðan málstað. „Við vonum bara að fólk mæti á dansskónum, blandi geði við aðra og skemmti sér,“ segir Gunnhildur og bætir við. „Það styrkir verðugt málefni í leiðinni.“ **gun@frettabladid.is**

†



*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Eddu Snorradóttur**

frá Þórshöfn,
Núpalind 4, Kópavogi.

**Þorkell Guðfinnsson**
**Snorri Hafsteinn Þorkelsson** **Björg Skúladóttir**
**Guðfinnur Helgi Þorkelsson** **Jóhanna Þorkelsdóttir**
**Edda Björg Snorradóttir**
**Elín Salka Snorradóttir**
**Guðrún Helga Guðfinnsdóttir**
**Þorkell Máni Guðfinnsson**

†



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs manns míns, föður okkar, bróður og afa,*

**Hauks Kristjánssonar**

fyrrum tæknifræðings,
Aragötu 12, 101 Reykjavík.

**Hildur Hafstað**
**Sigríður Helga Hauksdóttir**
**Hafrún Hauksdóttir**
**Áslaug Kristjánsdóttir**
**Petra Kristjánsdóttir**
**Erlingur Kristjánsson**
**Vilhjálmur Kristjánsson**
**og barnabörn**

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristófers Þorgeirssonar**

Dvalarheimilis aldraða, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk dvalarheimilisins fyrir einstaka umönnun.

***Ólína Jóhanna Gísladóttir***
***Björg Hólmfríður Kristófersdóttir*** ***Þórður B. Bachmann***
***Gísli Kristófersson*** ***Þóra Ragnarsdóttir***
***Þorgeir Kristófersson*** ***Inga Pétursdóttir***
***Einar Kári Kristófersson*** ***Kolbrún Karlsdóttir***
***afa- og langafabörn.***

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts*

**Kristmundar Guðmundssonar.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk E-deildar sjúkrahúss Akraness.

**Salvör Ragnarsdóttir**
**Rósa Kristmundsdóttir** **Óskar John Bates**
**Friðbjörg Kristmundsdóttir** **G. Birkir Sveinsson**
**Anna Kristmundsdóttir**
**Bryndís, Ása Björg og Salvör Valgeirsdætur, Bjarki og Hjalti Guðlaugssynir, Marta Ottósdóttir.**
**Valgeir Rafn, Halla Salvör og Birkir Orri.**

HÚSGAGNAHÖLLIN

TILBOÐIN GILDA AÐEINS 12.-15. NÓVEMBER!

# HELGAR SPRENGJA



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**BELLAMY** hornsófi með hægri tungu. B:290x210 D:90 H:85 cm. Ginger áklæði.

**188.990**

FULLT VERÐ: 269.990



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

**ALICIA** svefnsófi. Fæst með gráu og grænu áklæði. B:157 D:85 H:90. Dýna:130x200 cm.

**89.990**

FULLT VERÐ: 119.990



GOTT VERÐ

**BODUM** Eileen pressukanna. 8 bolla.

**4.990**

FULLT VERÐ: 6.990



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**TUBE** stóll. Fæst með gráu áklæði. Einnig til í svörtu leðri. Verð: **59.990**, fullt verð ~~79.990.~~

**39.990**

FULLT VERÐ: 49.990



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:102 cm. Fæst með rauðu, natur og brúnu áklæði.

**79.990**

FULLT VERÐ: 99.980

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17



†

*Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra*

**Árna Freys Guðmundssonar**
Þrastarási 11, Hafnarfirði.

**Guðmundur Jónsson** **Ruth Árnadóttir**
**Auður Dögg Bjarnadóttir**
**Jón Örn Guðmundsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Kjartan Sigurðsson**
**Daníel Guðmundur Nicholl** **Bríet Jónsdóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Olgeir Gottliebsson**
fv. hitaveitustjóri
Túngötu 1, Ólafsfirði,

lést þriðjudaginn 9. nóvember. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 20. nóvember kl. 14.00.

**Unnur Lovísa Friðriksdóttir**
**Friðrik G. Olgeirsson** **Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Sigríður Olgeirsdóttir** **Björn Gunnarsson**
**Snorri Þ. Olgeirsson** **Rósa Einarsdóttir**
**og barnabörn**



†

*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Ármanns Einarssonar**
frá Brekkuvelli,
Nökkvavogi 31, Reykjavík.

**Jónína Hafsteinsdóttir**
**Kristín Ármannsdóttir** **Pétur Þorsteinsson**
**Særún Ármannsdóttir**
**Ólöf, Unnur og Dagný.**



†

*Hjartkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Jón Geir Árnason**
hárskurðarmeistari,
Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 15. nóvember kl. 15.00.

**Sigríður Einarsdóttir, Díana Vera Jónsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

**Alexander Alexandersson**
Melalind 8, áður Holtagerði 62,
Kópavogi,

varð bráðkvaddur að heimili sínu 11. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. nóvember kl. 15.00.

**Hjördís Alexandersdóttir** **Guðmundur Jón Jónsson**
**Bára Alexandersdóttir** **Þórarinn Hjálmarsson**
**Erla Alexandersdóttir** **Sigurður Jón Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Góð aðsókn á tuttugu ára afmæli

Aldrei hafa eins margir gestir sótt Fjölskyldu- og húsdýragarðinn heim í október eins og í nýliðnum mánuði. Þá komu 8.697 gestir í garðinn og var eldra aðsóknarmet októbermánaðar frá árinu 2002 þar með slegið, en þá komu 8.494 gestir.

Þetta er í annað skipti sem aðsóknarmet næst í garðinum á árinu en það fyrra var slegið í janúar.

Gestafjöldi í ár er kominn í tæplega 187.000 gesti sem gerir árið að besta aðsóknarári síðustu sex ára. Að auki bendir flest til þess að árið 2010 verði fjórða besta ár í 20 ára sögu garðsins sé litið til fjölda gesta sem heimsótt hafa Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

- jbá



**HÚSDÝRIN VINSÆL** Kvígan Bráka bar nýverið þessum fallega kálfi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

# Á sögustöðum

Einar Falur Ingólfsson flytur erindið Ókunnugir ferðalangar biðja ávallt um leiðsögumann – Pílagrímsferðir um sögustaði og myndir úr ferðalögum í Þjóðminjasafni Íslands á þriðjudag klukkan 12.05.

Í erindi sínu fjallar Einar Falur um pílagrímsferðir sem listaverk kveikja, út frá túlkun þeirra Williams Gershoms Collingwoods á stöðum sem koma fyrir í Íslendingasögunum.

W.G. Collingwood kom til landsins sumarið 1897 til að mála myndir af stöðum sem minnst er á í Íslendingasögunum og um leið skapaði hann merkar heimildir um íslenskan samtíma. Eftir hann liggja 300 verk og er ríflega helmingur myndanna frá ferð hans varðveittur í Þjóðminjasafninu.

Einar Falur hefur síðustu þrjú ár farið á milli sögustaða þar sem breski listamaðurinn vann og stuðst við myndverk hans og skrif. Úrval mynda þeirra Einars Fals og W.G. Collingwoods hanga uppi á sýningu í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands undir yfirskriftinni Sögustaðir.

Í samnefndri bók, sem Þjóðminjasafn Íslands og Crymogea gefa út, birtast fleiri myndir úr verkefninu, auk ítarlegs texta ljósmyndarans um verkefnið, ljósmyndun, málaralist, ferðalagið og fleira.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**PÍLAGRÍMSFERÐIR** Einar Falur Ingólfsson flytur fyrirlestur um pílagrímsferðir sem listaverk kveikja.

# Árlegt jólahefti Rauða krossins

Rauði krossinn býður landsmönnum að styrkja verkefni félagsins innanlands með því að kaupa jólahefti sem inniheldur merkimiða á pakka, jólamerki á umslög og jólakort. Heftið er borið út á velflest heimili landsins.

Gíróseðill fylgir með heftinu en félagið hvetur þó alla til að nota merkin, spjöldin og kortið þó fólk hafi ekki tök á að greiða gíróseðilinn.

Dagmar Agnarsdóttir teiknaði jólamerki Rauða krossins að þessu sinni.

Árlega veitir Rauði krossinn einstaklingum og fjölskyldum um allt land aðstoð fyrir jólin og hefur matvælaaðstoð í samvinnu við samstarfsaðila verið stórefld vegna núverandi aðstæðna í þjóðfélaginu. Rauði krossinn hefur einnig lagt kapp á að aðstoða þá sem orðið hafa fyrir áföllum vegna efnahagsþrenginganna. Mikilvægi Hjálparsíma Rauða krossins 1717 hefur aukist gífurlega á síðustu misserum og hefur símtölum fjölgað um 40-50% milli ára.



**JÓLAHEFTI** Merkimiða, jólamerki og jólakort er að finna í jólahefti Rauða kross Íslands sem borið er í öll hús landsins fyrir jólin.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hilmar Friðrik Guðjónsson**
Efstalandi 24,

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 7. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 15. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Hlíðabæjar, dagþjálfun fyrir þá sem þjást af Alzheimersjúkdómnum. Minningarsjóður Hlíðabæjar – sími 5621722 Banki 0336-26-062151 – Kt. 510486-3829

**Guðrún Guðmundsdóttir**
**Halldór Gunnar Hilmarsson** **Sigríður Finnbjörnsdóttir**
**Eysteinn Smári Hilmarsson** **Irena Dzielak**
**Óskar Árni Hilmarsson** **María Ragnarsdóttir**
**Emil Hilmarsson** **Hafdís Svavarsdóttir**
**Björgvin Hilmarsson** **Satu Rämö**
**Guðný Hilmarsdóttir** **Jordi Pujola**
**Aldís Hilmarsdóttir** **Arnar Már Elíasson**
**afabörn og langafabörn**



†

*Móðir mín, amma okkar og langamma,*

**Björg Kristjánsdóttir**
frá Hafnarnesi, Fáskrúðsfirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði mánudaginn 8. nóvember 2010. Útför hennar fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

**Kristinn Gunnlaugsson**
**börn og barnabörn.**

GRAND
erfidrykkjur
Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.
Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.
Næg bílastæði og gott aðgengi.
Verið velkomin
Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og sonar,*

**Jóhannesar Bergþórs Long**

sem lést þriðjudaginn 5. október síðastliðinn. Við viljum færa sérstakar þakkir til Heimahlynningu LSH fyrir einstaka umönnun.

**Berglind Long** **Gunnar Bergmann Traustason**
**Íris Long** **Guðmundur Guðjónsson**
**Helen Long** **Jón Ingi Hilmarsson**
**barnabörn**
**Kristbjörg Ingimundardóttir**

# Íslenska kokkalandsliðið býður viðskiptavinum að smakka ljúffenga rétti!

## Eymundsson Smáralind, Austurstræti og Kringlunni frá kl. 15 í dag, laugardag.




**Kokkar úr íslenska kokkalandsliðinu kynna nýja bók sína *Einfalt með kokkalandsliðinu* og bjóða gestum og gangandi að smakka ljúffenga rétti.**

**3.990,-**

**Einfalt með kokkalandsliðinu**

Þessi skemmtilega bók geymir fjölbreyttar og spennandi uppskriftir fyrir stór og smá heimili eftir flinkustu kokka landsins. Í hvern rétt þarf einungis fjögur hráefni, sem gerir matseldina skapandi og innkaupin sáraeinföld.

Landsliðskokkarnir ausa úr reynslubrunni sínum og veita ótal heilræði sem allir geta gripið á lofti. Hér eftir verður lífið í eldhúsinu sem dýrðlegt ævintýr.

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**SERVEFIR.RUV.IS/HVALIR** Þessi síða er fyrir krakka sem vilja fræðast um hvali. Auk þess er á síðunni að finna ýmsa leiki tengda hvölum.






## BRANDARAKISTAN

**Hefurðu heyrt um gluggatjöldin sem eru alltaf niðurdregin?**
**Eða sundkappann sem var alltaf svo niðursokkinn?**
**Eða trommarann sem sló í gegn?**
**Eða skósmiðinn sem hringsólaði?**

**Tvær appelsínur voru að ganga yfir brú þegar önnur þeirra datt út af og í ána. Þegar hún hrópaði á hjálp sagði hin: „Bíddu, ég þarf að skera mig í báta til að geta bjargað þér!"**

**Hvað varð um strákinn sem var svo flinkur að herma eftir fuglunum?**
**Kötturinn át hann.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***




# ÞETTA ER ALLT SAMAN SKILMISINGUR

**Fíasól er rosalega upptekin þessa dagana í Þjóðleikhúsinu. Hún gaf sér samt smá tíma til að svara nokkrum spurningum Fréttablaðsins.**



***Af hverju heitir herbergið þitt hræðilegi ruslahaugurinn?*** Þetta er nú bara skilmisingur. Það er ekki rusl í herberginu mínu og alls ekki drasl. Ég bara raða svona.

***Finnst þér ekkert gaman að laga til?*** Neibbs, eða júbbs, stundum. Þegar ég nenni og þegar ég er ekki voðalega þreytt.

***Ertu ekkert hrædd við drauga?*** Neibbs. Ég er með venjulega gólfdrauga inni hjá mér. Þeir eru undir rúmi og reyna stundum að hreyfa það.

> Ég er með venjulega gólfdrauga inni hjá mér. Þeir eru undir rúmi og reyna stundum að hreyfa það.

***Hver er uppáhalds liturinn þinn?*** Alls ekki bleikur.

***Hver er uppáhalds maturinn þinn?*** Slátur og súkkulaði.

***Hvert er uppáhalds lagið þitt?*** Halló, halló, halló, Fíasól!

***Er oft verið að skamma þig?*** Neibbs, eiginlega aldrei.

***Hvað gerirðu þegar þú veist að þú hefur gert eitthvað af þér?*** Ég geri aldrei neitt af mér.

***Hvert er stærsta skammarstrikið sem þú hefur gert?*** Æ, litla ljónaránið. En það var óvart.

***Hvert er mesta ævintýrið sem þú hefur lent í?*** Það er líka litla ljónaránið … Það voru fáránlegir atburðir sem fjölskyldan talar aldrei um. Ég, af því að ég skammast mín svolítið; amma, mamma og Glóa af því að þær eru svo hneykslaðar á sjálfum sér; og Pippa, Gutti og Bidda af því að þeim finnst það enn þá svo heimskulegt. Ég held samt að lítil ljón eigi bara heima þar sem þau fá ást og hlýju. En það á ekkert að tala mikið um þetta ljónarán.

***Ferðu stundum að skæla?*** Neibbs, aldrei. Ég hef aldrei skælt.

***Sefurðu með tíkarspenana í hárinu?*** Jebbs, ég sef með marga tígóa.

***Hlakkarðu til jólanna?*** Jaháá!

***Hefurðu fengið kartöflu í skóinn?*** Jebbs og ég sauð hana og át.



## KRAKKAKYNNING



**Nafn:** Hinrik Aron Hilmarsson.
**Aldur:** Að verða 11 ára.
**Skóli:** Háteigsskóli.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.
**Áhugamál?** Breikdans og fótbolti.
**Eftirlætissjónvarpsþáttur?** Hann er á Stöð 2 og heitir NCIS Los Angeles.
**Uppáhaldsmatur?** Margarítupítsa.
**Eftirlætisdrykkur?** Kók.
**Skemmtilegustu námsgreinarnar:** Smíði, myndmennt og tölvur.
**Áttu gæludýr?** Nei, en ég átti einu sinni kött sem hét Kjara.
**Eftirlætisdagurinn í vikunni?** Föstudagur því helgin er þá fram undan.
**Eftirlætistónlist?** Emin-em.
**Uppáhalds litur?** Grænn.
**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Skelmir Gottskálks eftir Derek Landy.
**Hvað gerðirðu í sumarfríinu?** Ég fór í sumarbústað og til Ítalíu þar sem við fórum þar meðal annars í skemmtigarð.

## HITT OG ÞETTA



**Í AÐALSAFNI** Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs verður Björn Finnsson með kennslu í undirstöðuatriðum í origami/bréfbroti. Hefst klukkan 15.

**SUNNUDAGAR** eru barnadagar í Gerðubergssafni. Kristín Arngrímsdóttir myndlistarkona verður með leiðsögn í Afríkuföndri frá klukkan 14.



**LEIKSÝNINGIN HORN Á HÖFÐI** er sýnd í Borgarleikhúsinu bæði laugardag og sunnudag. Sýningin er fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð er 3.000 krónur, nánar á midi.is.

**Á FJÖLSKYLDUDÖGUM** í Tjarnarbíói verður Sirkus Sóley með sýningu á sunnudaginn klukkan 14.00. Miðaverð er 1.500 krónur.

# Jólasprengja

## –alla helgina

**Full búð af frábærum tilboðum!**

## Jólatilboð



**kr. 29.900.-**

**Fullt verð kr. ~~49.900.-~~**

Stillanlegt bak, skermur og stór innkaupakarfa. Regnplast fylgir með. Einnig hægt að festa Maxi Cosi ungbarnabílstóla á kerruna. Flott kerra frá Safety 1st.




**kr. 59.900.-**

**Fullt verð kr. ~~109.900.-~~**

Stór og rúmgóð kerra frá Safety 1st. Einnig hægt að festa Maxi Cosi ungbarnabílstóla á kerruna.



Jólatilboð
**kr. 6.900.-**
**Fullt verð kr. ~~11.900.-~~**
Kerrupoki frá Safety 1st.



Jólatilboð
**kr. 9.900.-**
**Fullt verð kr. ~~17.900.-~~**
Ömmustóll með skerm og slá fyrir leikföng.



Jólatilboð
**kr. 19.900.-**
**Fullt verð kr. ~~34.900.-~~**
Babycool barnabílstóll 9-18kg frá Safety 1st.



Jólatilboð
**kr. 5.500.-**
**Fullt verð kr. ~~7.990.-~~**
Stóll á borð frá Carena. Fleiri litir í boði.



Jólatilboð
**kr. 3.490.-**
Activity Cube. Leikfangakubbur úr tré.



Jólatilboð
**kr. 2.500.-**
Púslmottur.



Jólatilboð
**kr. 990.-**
Flottur bakpoki fyrir hressa stráka.

STOKKE MAXI-COSI Simo Quinny BABYBJÖRN BRIO

**fifa**
SÍÐAN 1978

FÍFA (Húsgagnahöllinni) – Sími 552 2522 – www.fifa.is Opið: Lau.: 10-17 - Sun.: 13-17 Gildir á meðan birgðir endast

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** tímabil, **8.** gogg, **9.** prjónavarningur, **11.** í röð, **12.** smáu, **14.** rófa, **16.** verslun, **17.** af, **18.** for, **20.** persónufornafn, **21.** slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sleipur, **3.** utan, **4.** ávaxtatré, **5.** þakbrún, **7.** yfirmannslegur, **10.** stykki, **13.** mærð, **15.** rótartauga, **16.** hryggur, **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** ár, **8.** nef, **9.** les, **11.** rs, **12.** litlu, **14.** skott, **16.** bt, **17.** frá, **18.** aur, **20.** ég, **21.** krap.

**LÓÐRÉTT: 1.** háll, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** reistur, **10.** stk, **13.** lof, **15.** tága, **16.** bak, **19.** ra.









# Umburðarlyndi andskotans

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**

Umburðarlyndi er kjaftæði. Bókstaflega lýsir orðið eitt og sér ekki öðru en því lyndi að umbera. En enginn vill vera umborinn. Fólk vill vera samþykkt og viðurkennt, ekki umborið. Ef einhver ætlar að slá sjálfan sig til riddara fyrir þá góðmennsku sína að umbera mig getur sá hinn sami tekið sitt umburðarlyndi og troðið því þangað sem sólin ekki skín. Þannig umburðarlyndi er ekkert annað en hroki og yfirlæti undir þunnu lagi af bleikri málningu.



**UMBURÐARLYNDI** er svo mikið í tísku um þessar mundir að því er jafnvel stillt upp sem andstöðu forræðishyggju, ritskoðunar og alls annars sem setur frelsi einstaklingsins til að gera það sem honum sýnist, sjálfum sér til sálartjóns og öðrum til ama, einhverjar skorður. Fyrir vikið verður kynþáttahatur að skoðun sem verður að umbera, því fólk á að hafa frelsi til að vera eins miklir kynþáttahatarar og það kýs.

**EN** sumt á einfaldlega aldrei að umbera. Mannréttindabrot á ekki undir neinum kringumstæðum að umbera. Heimsku, ofbeldi, grimmd og fáfræði á ekki að umbera. Mannhatur á ekki að umbera, hvort sem það beinist að konum, útlendingum, hommum, guðleysingjum, múslimum eða rauðhausum. Skoðanir sem byggja á heimsku og hatri á ekki að umbera. Skoðanir sem vega að mannréttindum, t.d. trúfrelsi og tjáningarfrelsi, á ekki að umbera.

**ÞAÐ** á að samþykkja fólk án þess því fylgi að grimmd þess, fáfræði og heimska sé umborin. Skoðanir byggðar á þessu eru hættulegar og dæmin sýna að þeim vex fiskur um hrygg ef þær er umbornar. Þar sem slíkar skoðanir ná lýðhylli eru þær undantekningarlaust landinu og þjóðinni til mikils skaðræðis. Mér ber engin skylda til að umbera nýnasisma, útlendingahatur, trúar- eða vantrúarofstæki eða neitt annað sem vegur að grundvallarmannréttindum. Ég áskil mér rétt, reyndar er mér tryggður hann í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, til að berjast gegn þessu öllu með kjafti og klóm – að því tilskyldu að sú barátta brjóti ekki réttindi annarra. Höfum hugfast að réttindum, s.s. ferðafrelsi, er hægt að fyrirgera með að misbeita þeim.

**EF** við umberum samtök gegn grundvallarmannréttindum á borð við trúfrelsi, t. d. því að moska rísi í Reykjavík, verðum við á nákvæmlega sömu forsendum að umbera Ku Klux Klan og samtök helfararafneitara, svo fátt eitt af sama sauðahúsi sé nefnt. Það er umburðarlyndi andskotans.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





KOMIN Á DVD!
VILTU VINNA EINTAK?
Tryggðu þér loka seríuna í einni mögnuðustu spennuþáttaröð fyrr og síðar á DVD!
Ómissandi í safnið með öllum hinum!
KIEFER SUTHERLAND
24
SERÍA 8
ALLIR 24 ÞÆTTIRNIR
ATH: EKKI ÍSLENSKUR TEXTI
9. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
SENDU SMS SKEYTIÐ
EST 24 Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
24 SERÍA 8
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

**menning**
menning@frettabladid.is

**MENNINGARBRÆÐINGUR** Meistaranemar í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ standa fyrir ráðstefnunni Menningarbræðingur í Öskju í dag. Á ráðstefnunni verða flutt 33 erindi, meðal annars um lofgjörð til líkamans, Harry Potter, vörumerkið „Ég“ og baráttu Eyjamanna við náttúruöflin. Ráðstefnan stendur frá klukkan 9 til 17 í dag.


TJARNARBÍÓ
Unglist 5.-13. NÓV. Nánar á www.tjarnarbio.is
Sirkus Sóley Sirkus Ísland SUN 14. NÓV. SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
NÆSTA VIKA:
Nýtt leikverk eftir Jón Atla
Mojito FORSÝNING 16. NÓV. FRUMSÝNING 17. NÓV.
TÓNLEIKAR Sigríður Guðnadóttir 18. NÓV.
Hjaltalín 19.-20. NÓV. ÚTGÁFUTÓNL.
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík


# Leiklistin og RÚV

Framlag Ríkisútvarpsins til íslenskrar leiklistar verður til umfjöllunar á málþingi sem Leikminjasafn Íslands stendur fyrir í Þjóðminjasafninu í dag. Málþingið ber yfirskriftina Höfum við gengið til góðs? og er haldið í tilefni af 80 ára afmæli RÚV.

Leikflutningur var vinsæll dagskrárliður í Ríkisútvarpinu og Sjónvarpinu á árdögum þeirra en dregið hefur úr gerð leikins efnis í sjónvarpi á undanförnum árum.

Á málþinginu verða flutt fjögur stutt erindi fræðilegs efnis, og að þeim loknum tvö erindi um stöðu leikins efnis í dagskrá Útvarps og Sjónvarps um þessar mundir. Að þeim loknum verða pallborðsumræður með þátttöku Páls Magnússonar útvarpsstjóra og Viðars Eggertssonar, verkefnisstjóra leiklistar hjá RÚV.

Málþingið hefst klukkan ellefu.



**SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR** Hefur langað að gefa út bók svo lengi sem hún man eftir sér og vann að Geislaþráðun í áratug áður en draumurinn rættist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bandbreiddin á milli okkar

**Geislaþræðir heitir fyrsta skáldsaga Sigríðar Pétursdóttur, kvikmyndafræðings og útvarpskonu, sem kom út á dögunum. Þar er rýnt í samskipti fólks á netinu. Efnið hefur verið Sigríði hugleikið lengi en hún hefur unnið að bókinni í rúmlega áratug.**

Í Geislaþráðum liggja leiðir fólks saman á netinu. Bókin er skrifuð í formi tölvuskeyta milli ólíkra einstaklinga, til dæmis ófrískrar íslenskrar unglingsstúlku og aldraðrar konu frá Ástralíu og feðganna Gunnars og Árna Þorkels sem skrifast á yfir hafið.

Sigríður fékk hugmyndina að bókinni árið 1999 þegar hún vann að útvarpsþætti sem hét Stafræn ást og fjallaði um fólk sem hafði hist á netinu.

„Á þeim tíma var ekki auðvelt að fá fólk til að tala opinberlega um að það hefði hist á netinu,“ rifjar hún upp. „Ég fann samt eitt par, sem var ekki nóg til að halda uppi heilum útvarpsþætti. Í staðinn skrifaði ég sögu upp úr frásögn þeirra sem leikarar lásu og var hluti af þættinum. Það var mjög skemmtilegt og mér fannst hugmyndin bjóða upp á margt fleira. Þannig að verkefnið vatt upp á sig og ég hef verið að skrifa þessa bók undanfarin tíu ár.“

Sigríður hefur pælt mikið í netinu um árin.

„Ég fór í framhaldinu að spá í hvernig venjulegt fólk skrifar sín á milli á vefnum og sökkti mér í tölvupóstarannsóknir. Það vildi líka til að ég var í námi, lærði bæði kvikmyndafræði og frásagnartækni í nýjum miðlum, þar sem við rannsökuðum samskipti á netinu frá ýmsum hliðum.“

Þótt nýir miðlar hafi átt hug Sigríðar undanfarin ár, hefur hún ávallt alið með sér þann draum að koma hugmyndum sínum á framfæri í gömlum miðli, bókinni. „Það blundaði alltaf í mér þrá til að skrifa bók; mig hefur langað það svo lengi sem ég man.“ Með Geislaþráðum hefur draumurinn ræst, ári áður en hún verður fimmtug. Hvers vegna dróst þetta svona á langinn?

„Það kemur ýmislegt til. Fyrst og fremst var það bara skræfuskapur, mér fannst það sem ég skrifaði aldrei nógu gott. En svo burstast það af manni með árunum. Svo er það auðvitað brauðbaráttan og baslið. En fyrir átta árum eignaðist ég mann. Þegar tveir eru til að sjá um fjölskyldu hefur maður allt í einu helmingi meiri tíma en áður. Það má kannski segja að þetta sé manninum mínum og syni mínum, sem nú er orðinn tvítugur, að þakka. Þeir létu mig ekki í friði með þetta og hvöttu mig stanslaust áfram.“

Formið setti líka strik í reikninginn; bókin er öll skrifuð í formi bréfa og Sigríður segir það hafa verið töluverða glímu að búa til skýrar persónur án þess að geta lýst þeim.

„Ég setti mér líka þá reglu að hafa persónurnar hversdagslegt fólk. Það getur vissulega verið erfitt að búa til slíkar persónur, þannig að þær lifni við í huga lesandans, auk þess sem bréfaformið getur verið strembið. En fyrst og fremst var þetta afskaplega skemmtilegt,“ segir Sigríður, sem er þegar byrjuð á skáldsögu. „Ég hugsa að ég verði talsvert fljótari með hana en þessa.“

bergsteinn@frettabladid.is


Ófeigur
Myndverk úr einkasafni
Til sýnis og sölu í Listhúsi Ófeigs.
Laugardaginn 13. nóvember kl. 14 opnar sýning á verkum eftir Alfreð Flóka, Ásgrím Jónsson, Erró, Ferró, Finn Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Hring Jóhannesson, Jóhannes Kjarval, Jón Engilberts, Jón Þorleifsson, Weisshauer ofl.
Sýningin stendur til 1. desember og er opin á verslunartíma.
Allir velkomnir.

Ófeigur gullsmiðja ehf. Skólavörðustíg 5, 101 R. sími 551 1161, www.ofeigur.is

GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Laugardagur 13. nóvember kl. 13:30 – 16
**Ritþing – Stefnumót við Pétur Gunnarsson.**
Innsýn í líf og feril rithöfundar.
Stjórnandi: Torfi H. Tulinius.
Spyrlar: Kristján Kristjánsson og Soffía Auður Birgisdóttir. **Ókeypis aðgangur**

Mánud. 15. nóv. og miðvikud. 17. nóv. kl. 20 – 22
**Upp sé ég koma öðru sinni...**
Námskeið fyrir fólk í skapandi námi eða starfi um norrænu goðafræðina sem uppsprettu nýrra verka. **Umsjón: Kristín Ragna Gunnarsdóttir. Skráning á gerduberg@reykjavik.is.**

**Ormurinn ógnarlangi**
**Hittu goð, jötna og skrýtnar skepnur** úr söguheimi norrænu goðafræðinnar.
**Sýningarstjóri: Kristín Ragna Gunnarsdóttir.**

**Hávamál – Sýningar á myndskreytingum Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur.** Myndirnar birtast síðar í bókinni Hávamál þar sem Þórarinn Eldjárn enduryrkir hina fornu speki fyrir börn.
Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

„... og svo verð ég í Norræna húsinu“

Myndlistasýning Ísaks Óla í anddyri Norræna hússins frá 14. nóvember – 2. janúar
NORRÆNA HÚSIÐ
FJÖREGG Barnamenning í Norræna húsinu
Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | www.norraenahusid.is

**MAÐURINN SEM VAR EKKI MORÐINGI** EFTIR HJORTH & ROSENFELDT

# NÆSTA SPRENGJA Á EFTIR STIEG LARSSON!

Fyrir tilviljun dregst réttarsálfræðingurinn Sebastian Bergman inn í rannsókn á morði á sextán ára pilti. Hann ætlar sér að komast yfir trúnaðarupplýsingar lögreglunnar. Lesendur elska að hata Sebastian Bergman. Hann er ögrandi, hrokafullur – og eldklár.




2. SÆTI
Á METSÖLULISTA ARNOLD BUSCK Í DANMÖRKU 29.OKT.

Þýðandi: Halla Kjartansdóttir

Fyrsta bókin í væntanlegri röð glæpasagna með Sebastian Bergman í aðalhlutverki.

Spennandi, trúverðugur og hrikalega skemmtilegur sænskur krimmi.

Útgáfuréttur bókarinnar var seldur fyrir metfé á Norðurlöndunum!

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR

# Opið hús í LHÍ

**Listaháskóli Íslands heldur opinn dag í dag frá klukkan ellefu til 16. Þar gefst áhugasömum tækifæri til koma í skólann og kynnast starfsemi hans.**

**Allar deildir skólans verða kynntar á einum stað, í húsnæði skólans í Laugarnesi, Laugarnesvegi 91. Nemendur, kennarar, námsráðgjafi og fleiri verða til viðtals og upplýsingagjafar. Fjölbreytt dagskrá og kynning verður á deildum skólans og má þar nefna uppákomur, sýnishorn af inntöku, tónleika, sýningar á verkefnum nemenda og fleira.**

# Vinstri menn eru orðsnjallari en hægri menn

„Ég er maður orðsins og málsins, hef haft áhuga á því frá því að ég var ungur maður," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson um nýkomna bók, Kjarna málsins, þar sem hann hefur tekið saman fleyg orð á íslensku, sem og þaðsem mestu andar Vesturlanda hafa sagt.

„Ég hef ekki bara áhuga á því sem er fyndið og smellið, heldur líka því sem er viturlega sagt."

Hannes hefur verið að vinna að bókinni undanfarin fimmtán ár og segist hafa haft það fyrir reglu að fara ekki í manngreinarálit við val á tilvitnunum, heldur þjóna lesandanum, sem „nennir ekkert að lesa einhverja sérvisku í mér".

Orðsnilld dreifist tiltölulega jafnt á stjórnmálaflokka, að mati Hannesar, nema hvað sennilega sé hún meiri hjá vinstri mönnum.

„Ég held að það sé vegna þess að vinstri menn lifa í heimi orðsins og njóta þess að lesa ljóð og Íslendingasögur. Einu bækurnar sem hægri menn lesa eru bankabækur; þeir vilja græða á daginn og grilla á kvöldin, eins og ég hef áður sagt, þótt þau fleygu orð hafi ekki ratað í bókina. Hægri menn mættu taka vinstri mennina sér til fyrirmyndar að þessu leyti og huga betur að því hvernig á að koma fyrir sig orði. Ég held því að þetta sé bók sem hægri menn þurfa að lesa, en vinstri menn njóta að lesa."

Hannes segist einnig hafa greint mun á því hvernig kynin orða hugsanir sínar. „Auðvitað á maður ekki að alhæfa, en mér finnst eins og konum láti betur að orða sorg sína en körlum; það má oft greina meiri þjáningu í til dæmis ljóðum kvenna en karla."

**- bs**



**HANNES HÓLMSTEINN** Telur að konum láti betur að túlka sorg sína en körlum og oft megi greina meiri þjáningu í ljóðum þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 13. nóvember 2010**

### → Tónleikar

**16.00** **Sólstafir og XIII** halda fjölskyldu- og unglingatónleika í dag á Sódómu Reykjavík frá 16-18. **Aðgangseyrir er 500 krónur.**

### → Opnanir

**12.00** Í Listasal Mosfellsbæjar opnar í dag sýning Dóru Árna **„Mitt land"**. Sýningin stendur til 4. desember, en safnið er opið frá 12-19 virka daga, 12-15 laugardaga. **Aðgangur er ókeypis.**

### → Opið hús

**13.00** Í dag verður sameiginleg opnun 16 skjalasafna vítt og breitt um Ísland. Borgarskjalasafn, **Tryggvagötu 15**, verður opið frá 13-17. Dagskráin er hluti af norrænum skjaladegi.

### → Málþing

**13.00** Í **Gerðubergi** verður haldið ritþing um líf og feril Péturs Gunnarssonar. Ritþingið hefst kl. 13 og stendur til 16. **Stjórnandi er Torfi H. Tulinius.**

### → Leiðsögn

**14.00** Í dag verður boðið upp á leiðsögn á **pólsku um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands** „Þjóð verður til- saga og menning í 1200 ár". Leiðsögn hefst kl. 14.00 og er öllum að kostnaðarlausu.

### → Útivist

**10.15** Hjólaferð frá **Hlemmi** á vegum LHM.is. Lagt er af stað kl. 10.15 og hjólað í 1-2 tíma um borgina. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

**Sunnudagur 14. nóvember 2010**

### → Tónleikar

**15.15** **Caput-hópurinn** heldur tónleika í 15.15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu í dag kl. 15.15. Miðaverð er 1.500 krónur en 750 krónur fyrir eldri borgara, öryrkja og nemendur.

**17.00** Hljómsveitin **Pollapönk** verður með útgáfutónleika í **Salnum í Kópavogi** í dag. Tónleikarnir hefjast kl. 17. Miðaverð er 2.000 krónur.

### → Opnanir

**14.00** Sýning Ísaks Óla Sævarssonar, **„... og svo verð ég í Norræna húsinu"** opnar í anddyri Norræna hússins í dag kl. 14. Sýningin stendur til 2. janúar.

### → Síðustu forvöð

**14.00** Sýning Geirþrúðar Finnbogadóttur Hjörvar **„Heimsendingarþjónusta"** í Suðsuðvestur lýkur í dag. Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ, er opið frá 14-17.

### → Dansleikir

**20.00** Dansleikur **Félags eldri borgara í Reykjavík** og nágrenni verður að Stangarhyl 4, sunnudagskvöld kl. 20-23.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Sálin er trú sjálfri sér

**Sálin og Stórsveit Reykjavíkur spila í Laugardalshöll í kvöld. Aðeins verður um þessa einu tónleika að ræða.**

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld í tilefni af útgáfu sinnar nýjustu plötu, Upp og niður stigann. Hún er fyrsta hljóðversplata þessarar ástsælu sveitar í fimm ár.

Stórsveit Reykjavíkur með Samúel J. Samúelsson fremstan í flokki spilar á plötunni og hún verður Sálinni að sjálfsögðu til fulltingis á tónleikunum. Samúel útsetti lúðrablásturinn á plötunni og segist hafa skemmt sér vel við verkefnið. „Það er alltaf gaman að fá að krukka í annarra manna músík. Ég hef unnið töluvert með þeim í gegnum tíðina, gert strengjaútsetningar og brassdót en þetta var dálítið meira núna, sem var bara mjög gaman."

Samúel fékk fyrst að heyra prufuupptökur með nýjum lögum Sálarinnar þegar hann dvaldi í Brasilíu í byrjun ársins. „Ég var hlustandi á demó af nýrri Sálarplötu liggjandi á ströndinni í Ríó. Það var mjög súrrealískt," segir hann.



**LEIÐA SAMAN HESTA SÍNA** Stefán Hilmarsson, söngvari Sálarinnar, og Samúel J. Samúelsson verða í góðum gír í Höllinni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sálin vildi víkka út hljóm sinn á plötunni með því að fá Stórsveitina til liðs við sig. „Ég held að það hafi alveg tekist. Það er stórt brasssánd komið á þetta en þetta er samt Sálarplata. Þeir eru trúir sjálfum sér," útskýrir Samúel.

Hann býst við skemmtilegum tónleikum í kvöld. Rennt verður í gegnum nýju plötuna og einnig verða um tíu lög til viðbótar á efnisskránni, þar á meðal eldri slagarar á borð við Krókurinn og Ábyggilega. „Fyrir aðdáendur Sálarinnar verða þetta mjög skemmtilegir tónleikar. Það á líka bara að gera þetta einu sinni, þannig að fólk má ekki missa af þessu." **freyr@frettabladid.is**


**ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!**

Viðbrögð áhorfenda á Facebook:

**„Stórkostlegur Rigoletto! Þetta kvöld verður lengi í minnum haft"**
- Eyþór Eðvarðsson

**„Fórum á fimmtudaginn var og þessi sýning er stórkostleg :) takk kærlega fyrir frábæra Óperu"** - Svandís Gudmundsdóttir

**„Takk fyrir magnaða kvöldstund"**- Bryndís Blöndal

**„Sá sýninguna 14. október og einfaldlega BRAVÓ!! Takk kærlega fyrir mig :)"**
- Vilborg Sigurðardóttir

**„Algjörlega stórkostlegur Rigoletto"** - Guðbjörg Tryggvadóttir

**„Þetta var ekkert minna en Rigoletto í heimsklassa! Þvílíkur leikur, söngur og umgerðin öll. Hrífandi tilfinningarússibani allt kvöldið"** - Ragna Erwin

**„Algerlega frábært"** - Berglind Guðmundsdóttir

**„Þessu kvöldi mun ég aldrei gleyma...ég var gjörsamlega stjarfur allan tímann"**
- Kristján Þorgils Guðjónsson

**„Glæsileg sýning. Gangi ykkur sem best og haldið áfram að slá í gegn."**
- Ómar Þór Guðmundsson

**„Er alveg í skýjunum eftir sýningu kvöldsins. Mögnuð uppfærsla. Takk fyrir mig."** – Sigurveig Hjaltested

**„B R A V Ó !!!!!!"** - Sigurður Sumarliðason

**RIGOLETTO**

ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON · ÞÓRA EINARSDÓTTIR
JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON · JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR · BERGÞÓR PÁLSSON

Í kvöld – UPPSELT
Sunnudagskvöld – UPPSELT.
**Síðustu aukasýningar 19. og 21. nóvember.**
**Nokkur sæti laus.**



ÍSLENSKA ÓPERAN

WWW.OPERA.IS SÍMI MIÐASÖLU 511 4200

# *Opinská og áhrifamikil*




***Gunnar Thoroddsen* – *ævisaga*** er breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni liðinnar aldar.



**Byggt er á opinskáum og einlægum einkaheimildum Gunnars. Ævisagan birtir ítarlega og raunsanna mynd af manninum og varpar um leið nýju ljósi á átök og atburði á sögulegum umbrotatímum.**



Eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing, höfund *Hrunsins* og *Óvina ríkisins*.

**Tilboð 5.490 kr.**
**Fullt verð 6.990 kr.**

Útgáfu bókarinnar verður fagnað í verslun Eymundsson í Austurstræti í dag, laugardaginn 13. nóvember, kl. 16. Léttar veitingar, verið velkomin.

Gildir til 15. nóvember 2010

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Fólk

folk@frettabladid.is



1 **RIHANNA SKAUST BEINT Á TOPP** bandaríska Billboard-listans í vikunni með nýja lagið sitt, What's My Name. Hún er einnig í fjórða sæti listans með lagið The Only Girl (In the World).

## Gripinn glóðvolgur

Daniel Radcliffe fékk ekki heitustu ósk sína uppfyllta þegar honum var tilkynnt að hann fengi ekki eitt af þeim gulleggjum sem notuð voru í Harry Potter and the Goblet of Fire. Honum var nefnilega tilkynnt að eggið yrði gefið á safn. Breski leikarinn, sem senn kveður Harry Potter-æðið, vildi eiga eggið til minningar um vinnu sína.

Radcliffe var þegar búinn að ná sér í eitt þegar hann var vinsamlegast beðinn um að skila því. Enda fékk hann að vita að eggið kostaði tíu þúsund pund. „Ég lenti í smá vandræðum af því að ég var gripinn með drekaeggið. Ég vissi ekki hversu dýrmætt það var og heldur ekki að það væri að fara á safn. Ég varð þess vegna að skila því." Radcliffe var ekki sá eini sem reyndi að stela gulleggi því Rupert Grint var einnig gert að skila einu slíku sem hann stal af tökustað.








**VINKONURNAR MÆTTAR** Tobba Marinós mætti úr eigin útgáfuhófi í partýið og sést hér ásamt Írisi, vinkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Gnarrfólkið skemmtir sér

**Heimildarmyndin Gnarr var frumsýnd í Sambíóinu í Grafarvogi í gær. Eftir myndina hittust aðstandendur og velunnarar myndarinnar á Hótel Borg og skemmtu sér eins og konungborið fólk.**



**Í GÓÐU STUÐI** Hrafnkell Kaktus Einarsson og Karl Sigurðsson fóru í störukeppni við ljósmyndara. Keppnin er enn þá í gangi.



**ÞVÍLÍKT STUÐ** Berglind Häsler og Hugleikur Dagsson tóku orð ljósmyndara bókstaflega þegar hann bað þau að stilla sér upp.



**KÁTIR PILTAR** Leikstjórinn Gaukur Úlfarsson var að vonum kátur. Það var Sigvaldi J. Kárason líka.



**REFFILEG** Björn Blöndal og Svanborg Sigurðardóttir sýndu hvernig á að gera þetta.



**VINNUFÉLAGARNIR** Óttarr Proppé og Jón Gnarr eru aðalstjörnurnar í Gnarr. Þeir klæddu sig upp á í tilefni dagsins.



**FYRIR OG EFTIR?** Sindri Freyr og Sölvi Blöndal sýna hér áhrifamátt rakvéla á afar myndrænan hátt.

## Gleði og grátur í Gnarrenburg

Bíó★★★★

**Gnarr**

Leikstjóri Gaukur Úlfarsson.

Jón Gnarr var einu sinni nörd. Nú er hann borgarstjóri í Reykjavík. Kosningaslagur hans í vor er ógleymanlegur en aðferðir Jóns og Besta flokksins í baráttunni um borgina þóttu nýstárlegar og flestir töldu að um grínframboð væri að ræða. En Jón og félagar voru ótvíræðir sigurvegarar kosninganna og ráða nú ríkjum í Reykjavík, sumum til gleði en öðrum til armæðu.

Í heimildarmyndinni Gnarr fylgjumst við með Jóni frá því hann tilkynnir um framboð flokksins og alveg fram á sjálfan kjördaginn. Jón er afskaplega sjarmerandi maður og útgeislun hans virðist aukast með aldrinum. Hann á erfitt með að venjast lífi stjórnmálamannsins en virðist þó skemmta sér í félagsskap flokkssystkina sinna. Mest áberandi er Heiða Kristín, kosningastjóri flokksins og fyrrverandi aðstoðarmaður borgarstjóra. Heiða skartar einu fegursta brosi höfuðborgarsvæðisins, og við sjáum nóg af því í myndinni enda er Jón ávallt á útopnu í brandaradeildinni.

Þar liggur helsti styrkur myndarinnar. Jón er svo hrikalega fyndinn. Honum leiðist oft innan um mótframbjóðendur sína og virðist hafa afar lítið þol fyrir pólitísku karpi. Hann reynir að beina umræðunni í skemmtilegri áttir og tekst það að vissu leyti. Keppinautarnir virðast stundum fá sig fullsadda af fíflalátum Jóns, en þegar líða tekur á myndina er eins og lund þeirra léttist. Húmor og gleði Jóns er nefnilega svo bráðsmitandi.

Það er óhætt að mæla með Gnarr fyrir stuðningsmenn Jóns en jafnvel enn frekar fyrir þá sem hafa engan húmor fyrir setu hans í borgarstjórastólnum. Myndin sýnir það glögglega að Jón var ekkert að grínast. Mér fannst þó koma kafli fyrir miðja mynd þar sem stytta-og-sleppa deildin hefði mátt láta betur til sín taka. En ég ætla ekki að kvarta yfir neinu öðru því myndin er stórskemmtileg og líkt og Suðu-Sigfús sagði eftirminnilega: Maður biður ekki um mikið meira. **Haukur Viðar Alfreðsson**



**SJARMERANDI STJÓRNMÁLAMAÐUR** Kvikmyndin um Jón Gnarr og framboð Besta flokksins er bæði fyndin og vel gerð að mati gagnrýnanda.

**Niðurstaða:** Fyndin mynd og vel gerð. Framhaldsmynd er óumflýjanleg.

# BIRNA LAGERSALA
## allt að 80% afsláttur

Ármúli 17

Opið:

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn | 12 nóv. | 11-19 |
| laugardaginn | 13 nóv. | 11-18 |
| Sunnudaginn | 14 nóv. | 13-17 |
| Mánudaginn | 15 Nóv. | 11-18 |

ATHUGIÐ AÐEINS Í ÞESSA 4 DAGA

NÝTT KORTATÍMABIL





## BIRNA CONCEPT SHOP

Skólavörðustígur 2
S:4452020

Full búð af nýjum vörum

Opid:
Virka daga 11-18
Laugardaga 11-17

BIRNA

www.birna.net



239,-
Innisería
10 ljósa,
marglit, rauð,
glær m/ grænni snúru,
glær m/ hvítri snúru
10237260
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
40 ljósa útisería m/straumbreyti
999,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
HEITUSTU
Í HÚSASMIÐJUNNI!
Jólahringur
100 ljósa, listra
5899250
3.990,-
4.990,-
699,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Grenilengja
20 x 2,74 mtr
2718500
Verð frá
2.390,-
JÓLATRÉ
GERVI
20%
afsláttur
Starlight
100%
vatnsheld
hágæða útiseríur
VARIST EFTIRLÍKINGAR
verð frá
6.999,-
STARLIGHTS
• Hágæða seríur
• 100% vatnsheldar
• Þú færð Starlight eingöngu í Húsasmiðjunni
1.999,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
Dúkkukerra
5857577
3 STK.
1.990,-
Eldföst mót
3 stk. í pakka.
2009222
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
JÓLAHLAÐBORÐIÐ Skútuvogi
Alla daga kl. 18:00-20:00
Aðeins
990kr




*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma.
Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Sátt við aldurinn

Kim Kardashian segist vera sátt við að vera orðin þrítug. Henni finnst aldurinn ákaflega spennandi jafnvel þótt hún sé ekki enn gift og komin með börn eins og hún bjóst við.

„Ég var taugaóstyrk yfir þessum tímamótum. En þetta hefur allt gengið mjög vel, þessi aldur er frábær,“ segir Kardashian sem hafði þó alltaf séð sig fyrir sér í móðurhlutverkinu þegar þessu takmarki væri náð. „En ég er að gera svo marga aðra frábæra hluti sem ég hélt að ég myndi aldrei gera. Þannig að ég er tiltölulega sátt.








# Glæsileiki hjá MTV

**Hin árlegu evrópsku tónlistarverðlaun MTV voru veitt með pompi og pragt fyrr í vikunni. Að þessu sinni lá leið stjarnanna til Madríd á Spáni og kynnir kvöldsins var aðþrengda eiginkonan Eva Longoria, en hún notaði tækifærið og skipti þrettán sinnum um klæðnað við mikinn fögnuð áhorfenda.**

Sigurvegari kvöldins var tónlistarkonan Lady Gaga en hún sópaði til sín verðlaunum; fyrir bestu söngkonuna, besta lagið og besta poppið. Poppdrottningin sá sér þó ekki fært að mæta en sendi þakkarkveðjur frá Búdapest þar sem hún var við tónleikahald.

Rauði dregillinn var glæsilegur að vanda þar sem stuttir og þröngir kjólar sem og síðir hvítir voru áberandi.



**SVARTKLÆDDUR SLÚÐRARI** Taylor Momsen mætti ásamt hljómsveit sinni, svartklædd og ólík persónunni sem hún leikur í Gossip Girl sjónvarpsþáttunum sívinsælu. NORDICPHOTOS/GETTY



**BLÓMAMYNSTUR** Rihanna tróð upp í fallegum kjól í heitasta tískulitnum núna, beige en þó með óvanalegu ívafi.



**NEON** Söngkonan Keisha tók flippuð á móti verðlaunum sínum en hún var valin besti nýgræðingurinn í bransanum.

**TVÆR GÓÐAR** Miley Cyrus mætti í hvítum síðum kjól og huldi því meira hold en hún er vön að þessu sinni. Eva Longoria var hins vegar í mjög stuttum svörtum kjól.










3
smárar
Nýjar
flottar vörur
komnar í
verslun okkar
í Smáralind
Golla
verð
6.990,-
Einnig til í brúnu
Skór
verð
9.990,-
Einnig til í svörtu
Kjóll
verð
8.990
Einnig til í ljósu og gráu
Kjóll
[PRINT]
verð
4.990,-
stærðir S-XL
Kápa
verð
12.990,-
Einnig til í svörtu
Belti
verð
3.890,-
Viðtökur 3 Smára á árinu hafa verið frábærar og viljum við þakka okkar viðskiptavinum kærlega fyrir.
Á árinu höfum við þroskast, lært og komið með margar nýjungar, hafið framleiðslu á fötum undir merkinu Carolina, sem er okkar eigin lína. Til að gera enn betur þá höfum við nú opnað glæsilega fylgihlutaverslun á horni 3 Smára í Smáralind og höldum áfram að bjóða vandaðar, fallegar vörur á sélega góðu verði!
OPIÐ
MÁNUD.TIL MIÐVIKUD. 11-19
FIMMTUD. TIL KL. 21
LAUGARD. 11-18
OG SUNNUD. 13-18
3 SMÁRAR SMÁRALIND
SÍMI 578 0851
RADAR@RADAR.IS

# Frakkar gefa út umdeilda bók

Bókin Millennium, Stieg og ég eftir Evu Gabrielsson, fyrrverandi sambýliskonu sænska rithöfundarins Stiegs Larsson, kemur út í Frakklandi í janúar hjá forlaginu Actes Sud. Í bókinni fjallar Gabrielsson um 32 ára samband sitt og Larssons og hinn vinsæla Millennium-þríleik. Einnig ræðir hún um samskipti sín við fjölskyldu Larssons, sem hafa verið mjög stirð eftir dauða hans og spila peningar þar stærsta hlutverkið.

Útgefendur tímaritsins Expo og Larsson-feðgarnir hafa lesið handritið og þeir mótmæla því sem þar kemur fram. Þeir telja að Gabrielsson leggi fram staðhæfingar sem eigi ekki við nein rök að styðjast. Forlagið Bjartur hefur fengið afrit bókarinnar í hendurnar og er að íhuga hvort hún verði gefin út hér á landi. Forlagið hefur einnig lengi reynt að fá Gabrielsson til Íslands. „Við höfum alltaf verið í tölvupóstsambandi við hana og það hefur lengi staðið til að hún komi hingað,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti. „Við ætluðum að bjóða henni hingað í vor þegar kiljurnar [eftir Larsson] komu út en það gekk ekki eftir. En þetta er stórmerkileg kona og það væri gaman að fá hana.“ - fb


**UMDEILD BÓK** Fyrrum sambýliskona Stiegs Larsson gefur út nýja bók sína í Frakklandi.

# Ánægð með ímyndina

Victoria Beckham kveðst ánægð með ímynd sína og er alveg sama þótt sumir haldi að hún sé leiðindabykkja, eins og hún orðar það sjálf í samtali við breska Cosmopolitan. Þessum fyrrverandi liðsmanni Spice Girls hefur tekist hvað best að viðhalda frægð sinni af stúlkunum í stúlknasveitinni og þykir mikil tískugyðja. Hins vegar virðast alltaf nokkrir hafa horn í síðu hennar og telja hana vera fúllynda kerlingu. „Þegar maður er búinn að vera svona lengi í kastljósinu þá verður manni alveg sama hvað fólki finnst. Ég lít alltaf út fyrir að vera einhver herfa á myndunum og það er bara fínt.“

Victoria segir hins vegar að strákarnir hennar og Davids Beckham séu mjög meðvitaðir um tísku. „Cruz finnst mjög gaman að fikta með hárið á sér. Við vildum krúnuraka hann einu sinni en hann vildi hanakamb. Romeo er mjög hrifinn af fötunum sínum. Það er kannski helst Brooklyn sem stendur á sama.“


**ALVEG SAMA** Victoriu Beckham er alveg sama þótt fólk haldi að hún sé fúl herfa.

NÝTT KORTATÍMABIL

HÖLDUM ÁFRAM TIL SUNNUDAGS

Sprengidagur

Frábærar jólagjafir á dúndurtilboði

25% AFSL.

AF ÖLLU*

*nema **15%** afsláttur af snyrtivörum

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR


**EKKI LEIÐ** Jessica Simpson segist samgleðjast fyrrum eiginmanni sínum sem trúlofaði sig fyrir stuttu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Jessica grætur ekki Nick

Söngkonan Jessica Simpson segist ánægð fyrir hönd fyrrum eiginmanns síns, söngvarans Nicks Lachey, sem trúlofaðist nýverið kærustu sinni, þáttastjórnandanum Vanessu Minnillo.

Slúðurrit hið vestra hafa haldið því fram að Simpson sé miður sín vegna fregnanna en í nýlegu viðtali sagði hún það fjarri lagi. „Ég samgleðst honum innilega. Ég skil ekki hvaðan þessi orðrómur kemur, ég varð alls ekki leið þegar ég heyrði fréttirnar,“ sagði söngkonan. „Sambandi okkar lauk fyrir löngu síðan og það væri gaman ef allir hinir kæmust nú yfir það og gætu í staðinn fagnað sambandi Nicks og Vanessu. Ég óska þeim alls hins besta í framtíðinni.“

Sjálf hefur Simpson verið í föstu sambandi við fyrrum ruðningshetjuna Eric Johnson og segist hún afar hamingjusöm með honum.

# Með ferna jólatónleika

**Sigga Beinteins heldur í desember sína árlegu jólatónleika í nokkrum kirkjum landsins. Á tónleikunum syngur Sigga falleg jólalög í bland við lög af plötum sínum. Að þessu sinni koma fram með Siggu góðir gestir og kórar. Þar má nefna Pál Óskar Hjálmtýsson, Diddú, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Karlakórinn Heimi. Tónleikarnir verða fernir og verða þeir haldnir í Sauðárkrókskirkju 1. desember, Keflavíkurkirkju 2. desember, Digraneskirkju 9. desember og Grafarvogskirkju 10. desember. Nánari upplýsingar má sjá á síðunni Siggabeinteins.is.**


**SIGGA BEINTEINS** Árlegir jólatónleikar Siggu Beinteins verða haldnir í desember.

# Tengdó höfðar mál

Tengdapabbi stjörnukokksins Gordons Ramsey, Chris Hutcheson, hefur höfðað mál á hendur honum. Og það þarf kannski ekki að koma neinum á óvart að ástæðan er peningar.

Forsagan er sú að breskir fjölmiðlar greindu frá því að Hutcheson hefði hætt sem forstjóri Gordon Ramsey Holding í síðasta mánuði eftir tólf ár í starfi. Hann heldur því fram að hann hafi verið rekinn og krefst tveggja milljóna punda í skaðabætur. Til að bæta gráu ofan á svart er Gordon búinn að losa sig við mág sinn og frænda eiginkonunnar, Tönu Ramsey.

Christopher, sem er rétt nýorðinn tvítugur, segir fjölskylduna vera í rusli yfir þessu máli. „Þetta er virkilega sorglegt, fjölskyldan er að liðast í sundur.“




**TENGDÓ EKKI SÁTTUR** Tengdapabbi Gordons Ramsey vill fá tvær milljónir punda frá tengdasyni sínum og dóttur, Tönu Ramsey.

# Fimm börn með fimm konum

Rapparinn Lil Wayne er nýsloppinn úr fangelsi en er nú á leiðinni í réttarsalinn á ný. Á meðan hann sat inni steig nefnilega fram kona sem sagði rapparann hafa grngist við barni sem fæddist fyrir átta árum.

Wayne á fyrir fjögur börn með fjórum konum og dómstóll hefur úrskurðað að hann gangist undir DNA-próf til að ganga úr skugga um hvort barnið sé hans eða ekki. Wayne átti að vera prófaður í september, en sat þá inni, var meira að segja í einangrun, þannig að prófinu var frestað þangað til í desember.

Af Wayne er það annars að frétta að hann er kominn í hljóðver á ný og byrjaður að taka upp lögin sem hann samdi í steininum. Óvíst er hversu mörg þau voru, en Wayne ætlar að veita þeim verðlaun sem nær að giska á fjölda laganna.



**PABBI** Lil Wayne getur brosað breitt, enda að minnsta fjögra barna faðir, jafnvel fimm!



**AMIINA** Hljómsveitin Amiina hefur fengið góða dóma fyrir sína nýjustu plötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Puzzle fær góða dóma

**Önnur plata Amiinu, Puzzle, hefur fengið góða dóma erlendis að undanförnu. Gagnrýnandi breska tónlistartímaritsins Mojo gefur plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum í einkunn. Sömu sögu er að segja um dagblaðið The Independent sem gefur henni fjórar stjörnur og segir tónlistina fallega og fíngerða. Góðir dómar um plötuna hafa einnig birst í Frakklandi og víðar í Evrópu. Amiina hefur séð um útgáfu og dreifingu plötunnar erlendis með vel heppnaðri heimasíðu sinni. Þar geta aðdáendur keypt Puzzle á stafrænu formi og á geisladiski.**




**HJÓN** Russell Brand segir að eiginkona sín, Katy Perry, ráði öllu.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Segir Perry ráða öllu

Breski gamanleikarinn Russell Brand kvæntist nýverið sinni heittelskuðu, söngkonunni Katy Perry. Hann viðurkenndi á dögunum að það væri eiginkona hans sem væri herrann á heimilinu og að hann réði engu. „Hún segir mér hvað ég má og má ekki gera. Ef hún segir mér að klæðast ekki ákveðinni skyrtu, þá hlýði ég.“

Brúðkaup þeirra hjóna fór fram á Indlandi fyrir stuttu og að sögn Brands var athöfnin látlaus og falleg. Parið býr til skiptist í Los Angeles og London og segir Brand það vera þreytandi á stundum.


HOTEL ÓÐINSVÉ
★★★★







HAFÐU ÞAÐ GOTT Í BÆNUM

Hótel Óðinsvé kynnir frábært tilboð á gistingu og jólahlaðborði

Við bjóðum þér og þínum að njóta hátíðlegra daga í miðborg Reykjavíkur fyrir jólin. Þú getur sinnt jólainnkaupunum í þægilegri gönguferð um miðbæinn og notið svo kvöldsins á víðfrægu jólahlaðborði okkar. Svo færðu góðan nætursvefn á glæsilegum herbergjum og ljúffengan morgunverð sem stendur alltaf fyrir sínu.

| Fimmtudagur - laugardagur | | Sunnudagur - miðvikudagur | |
|---|---|---|---|
| Ein nótt | 13.900 kr. *á mann* | Ein nótt | 11.900 kr. *á mann* |
| 2 nætur | 18.900 kr. *á mann* | 2 nætur | 16.900 kr. *á mann* |

Bókanir í síma 511 6200 og á odinsve@hotelodinsve.is

Hótel Óðinsvé - Þórsgata 1 - 101 Reykjavík - 511 6200 - odinsve@hotelodinsve.is - www.odinsve.is

# Íslensk dansmynd til Hollands

Íslenska dans-stuttmyndin Retrograde hefur verið valin á kvikmyndahátíðina Cinedans í Amsterdam í Hollandi sem fer fram 9. til 12. desember. Hátíðin er ein sú stærsta í Evrópu sem sérhæfir sig í dansi. Myndin verður einnig sýnd á smærri hátíð í Vínarborg í lok nóvember.

„Það er mjög mikill heiður að hafa komist þarna inn. Við erum rosalega ánægð með þetta,“ segir leikstjórinn Júlíanna Lára Steingrímsdóttir. Myndin varð til sem hliðarafsprengi af danssýningunni Aftursnúið sem Menningarfélagið setti upp hjá Leikfélagi Akureyrar í vor. Tónlist myndarinnar er eftir Lydíu Grétarsdóttur og danshöfundar voru Ásgeir Helgi Magnússon og Inga Maren Rúnarsdóttir. Júlíanna sá einnig um myndatöku, klippingu, búninga og sviðsmynd.

„Við erum að spá í sorgarferlið í þessari mynd og hvernig fólk reynir að komast á réttan kjöl eftir áfall. Við tökum fyrir fimm stig sorgarferlisins og vinnum með það, bæði í sýningunni og svo aftur í stuttmyndinni,“ segir Júlíanna, sem gekk til liðs við Menningarfélagið eftir að hafa stundað nám í London. Retrograde var útskriftarverkefni hennar þaðan. - fb



**JÚLÍANNA LÁRA STEINGRÍMSDÓTTIR** Júlíannna leikstýrir dans-stuttmyndinni Retrograde sem hefur verið valin á kvikmyndahátíð í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Carrey hræddur

Jim Carrey hætti við að leika þybbnu persónuna Curly í kvikmyndinni Three Stooges sökum þess að hann óttaðist að þyngdaraukningin myndi hafa varanleg áhrif á heilsu hans. Búið var að ráða Sean Penn og Benicio del Toro í myndina en nú er gerð hennar í miklu uppnámi. Carrey segist hafa óttast um líf sitt. „Þegar maður er ungur þá getur maður kannski leyft sér eitthvað svona. En ekki á mínum aldri. Ég reyndi að þyngjast og bætti strax á mig nokkrum kílóum. En ég áttaði mig líka á því að ég yrði lengi að ná þessum kílóum af mér og ég varð smeykur um að líkaminn myndi ekki þola álagið. Ég myndi bara deyja úr hjartaáfalli,“ segir Carrey.



**ENGIN AUKAKÍLÓ** Jim Carrey var hræddur um líf sitt og hætti þess vegna við að bæta á sig nokkrum kílóum fyrir kvikmyndahlutverk. NORDICPHOTOS/GETTY





Tónlist ★★★

**2.0**

Tryggvi Hübner

## Traustur og tilgerðarlaus

Tryggvi Hübner er einn af fremstu gítarleikurum Íslands. Hann hefur bæði verið í hljómsveitum eins og Eik og Cabaret og spilað með Megasi, Bubba, Rúnari Júl og mörgum fleiri. 2.0 er önnur sólóplata Tryggva, en sú fyrri Betri ferð kom út árið 1995. Á 2.0 eru ellefu lög. Níu fyrstu eru frumsamin og án söngs, en þau tvö síðustu eru blússlagarinn Need Your Love So Bad sem Sara Blandon syngur og Free-lagið Wishing Well sem félagi Tryggva úr Eikinni Sigurður Sigurðsson syngur. Sigurður var atkvæðamikill rokksöngvari á árum áður og var m.a. í hljómsveitunum Tívolí og Íslenskri kjötsúpu. Gaman að heyra í honum á nýjan leik.

2.0 er tilgerðarlaus og vönduð plata frá flinkum tónlistarmanni. Tryggvi byrjar plötuna rólega á klassískum gítar, en færir sig svo yfir á rafmagnsgítarinn. Tryggvi er sérstaklega melódískur og lipur gítarleikari og ætti ekki að valda aðdáendum sínum vonbrigðum hér. Vonandi verður styttri bið í næstu plötu!

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Gítarsnillingurinn Tryggvi með melódíska og vandaða plötu.



**PENDULUM** Ástralarnir í Pendulum spila á Íslandi í fjórða sinn í kvöld.

# Til Íslands í fjórða sinn

**Áströlsku danstónlistarmennirnir í Pendulum stíga á svið á Nasa í kvöld á vegum Techno.is. Pendulum er að fylgja eftir sinni þriðju plötu, Immersion, sem kom út í maí. Hljómsveitin átti að koma til Íslands 8. október síðastliðinn en þurfti að fresta komu sinni vegna persónulegra aðstæðna. Þetta verður í fjórða sinn sem Pendulum kemur til Íslands.**




# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR,** sundkona úr KR, setti nýtt og glæsilegt Íslandsmet í 100 metra skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug í Laugardalslauginni í gær. Ragnheiður náði sjötta besta tímanum í Evrópu á árinu þegar hún kom í mark á 54,65 sekúndum. Ragnheiður átti gamla metið einnig en hún synti á 54,76 sekúndum fyrir ári síðan.

## ÚRSLITN Í GÆR

### Iceland Express karla

**KR-Njarðvík 92-69 (50-40)**
Stig KR: Pavel Ermolinskij 35 (13 frák.), Marcus Walker 19, Brynjar Þór Björnss. 12 , Finnur Atli Magnúss. 10 (9 frák.), Fannar Ólafss. 9, Hreggvið ur Magnúss. 5, Ólafur Már Ægisson 2.
Stig Njarðvík: Guðmundur Jónsson 22, Chris topher Smith 22, Rúnar Ingi Erlingsson 6, Friðrik E. Stefánsson 5, Egill Jónasson 4, Jóhann Árni Ólafsson 3, Hjörtur Hrafn Einarsson 3, Kristján Rúnar Sigurðsson 2, Lárus Jónsson 2.

**Stjarnan-Tindastóll 88-89 (46-42)**
Stigahæstir: Justin Shouse 23, Jovan Zdravevski 18, Fannar Freyr Helgason 16, Guðjón Lárusson 10 - Sean Cunningham 19 (8 stoðs.), Friðrik Hreinsson 17, Dragoljub Kitanovic 15, Loftur Páll Eiríksson 14, Helgi Rafn Viggósson 10

### Sænski körfuboltinn

**Sundsvall-Södertälje 83-89**
Hlynur Bæringsson 16 stig (15 frák., 7 stoðs) og Jakob Örn Sigurðarson 6 stig fyrir Sundsvall.

**Solna-Örebro 85-78**
Logi Gunnarsson skoraði 24 stig fyrir Solna.

### N1 deild kvenna í handb.

**Haukar-Fylkir 20-25 (8-12)**
Markahæstar: Þórunn Friðriksdóttir 7, Hekla Hannesdóttir 3, Viktoria Valdimarsdóttir 3, Þórdís Helgadóttir 2, Katarína Bamruk 2 - Sunna María Einarsdóttir 5, Tinna Soffía Traustadóttir 5, Sigríður Hauksdóttir 4, Elín Helga Jónsdóttir 4, Arna Erlingsdóttir 4, Nataly Sæunn Valencia 3.

**HK-Stjarnan 36-46 (18-19)**
Markahæstar: Elísa Ósk Viðarsdóttir 8, Brynja Magnúsdóttir 8, Elín Anna Baldursdóttir 6, Elva Björg Arnarsdóttir 4, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 4, Tinna Rögnvaldsdóttir 2 - Þorgerður Anna Atladóttir 10, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 8, Sólveig Lára Kjærnested 7, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 6, Hildur Harðardóttir 5, Elísabet Gunnarsdóttir 5, Þórhildur Gunnarsdóttir 2,.

# KR aftur á sigurbrautina

**KR-ingar unnu 23 stiga sigur á Njarðvík í DHL-höllinni í gær. Pavel Ermolinskij fór á kostum og skoraði 35 stig. Friðrik Hreinsson tryggði Tindastól fyrsta sigur sinn í deildinni með þriggja stiga körfu þremur sekúndum fyrir leikslok.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar fóru upp í 3. sæti Iceland Express-deildar karla eftir 23 stiga sigur á Njarðvík, 92-69, í DHL-höllinni í gærkvöldi. KR-liðið fór upp að hlið Stjörnunnar sem tapaði óvænt 88-89 á heimavelli fyrir botnliði Tindastóls.

KR-ingar voru sterkari allan leikinn og héldu góðu forskoti fyrri hálfleikinn og þrátt fyrir góðan kafla Njarðvíkur í seinni hálfleik setti KR í gírinn og endaði á að tryggja sér 23-stiga sigur. „Það er mjög gott að vera kominn aftur á sigurbraut og mér fannst enn þá betra hvernig við spiluðum leikinn, við spiluðum körfubolta eins og við viljum spila körfubolta,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR.

„Alltaf þegar við spiluðum okkar leik fannst mér ganga vel, við spilum inn á körfuna og þá náum við þessum mun upp. Við skjótum fimm þriggja stiga skotum í röð og þá ná þeir að minnka muninn en við tókum leikhlé og löguðum leik okkar,“ sagði Hrafn.

„Þetta var kaflaskipt, það voru margir lélegir kaflar og einn sem var ágætur,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur. „Við byrjum seinni hálfleikinn vel og leyfum þeim varla að skora fyrstu 7 mínúturnar en svo ná þeir tveimur körfum og þá hættum við. KR-ingar spiluðu mjög vel eftir það en það var meira að við hættum að spila okkar leik”

Pavel Ermolinskij átti frábæran leik hjá KR en hann var með 35 stig og 13 fráköst.

Stjörnumenn misstu niður átta stiga forskot á síðustu þremur mínútunum og urðu fyrsta úrvalsdeildarliðið til þess að tapa fyrir Tindastól í vetur.

Friðrik Hreinsson skoraði sigurkörfuna þegar 3,2 sekúndur voru eftir og það er ljóst að nýir leikmenn eru búnir að kveikja neistann í liðinu. **- kpt, -óój**



**35 STIG OG 13 FRÁKÖST** Pavel Ermolinskij átti flottan leik með KR í öruggum sigri á Njarðvík í DHL-höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**TVÖ GULL Á 40 MÍNÚTUM** Hrafnhildur Lúthersdóttir úr SH. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍM í 25 metra laug í gær:

# Hrafnhildur vann tvö gull

